

Frumvarp til laga

um framkvæmd öryggisráðstafana samkvæmt dómsúrlausn.

Frá félags- og húsnæðismálaráðherra.

I. KAFLI

Gildissvið, markmið og skilgreiningar.

1. gr.

Gildissvið.

Lög þessi gilda um framkvæmd öryggisráðstafana sem einstaklingar eru dæmdir eða úrskurðaðir til að sæta skv. VII. kafla almennra hegningarlaga, nr. 19/1940. Jafnframt gilda þau eftir því sem við á um aðrar dómsúrlausnir sem fela í sér öryggisgæslu og/eða aðrar vægari öryggisráðstafanir.

Þegar ákveðið er að barn skuli sæta öryggisráðstöfun samkvæmt dómsúrlausn fer um vistun þess og úrræði samkvæmt ákvæðum barnaverndarlaga, en þó gilda meginreglur III. og VIII. kafla og eftir atvikum IV. kafla laga þessara um málsmeðferðina.

2. gr.

Markmið.

Markmið laga þessara er að öryggisgæsla og aðrar vægari öryggisráðstafanir skili tilætludum árangri og að áhættu sé haldið í lágmarki.

Við framkvæmd laga þessara skal einnig stefnt að eftirtöldum markmiðum:

- Að framkvæmd öryggisráðstafana sé í hvívetna í samræmi við mannréttindi og að réttaröryggi þeirra sem sæta slíkum ráðstöfunum sé tryggt.
- Að öryggisráðstafanir varni því að hætta verði af einstaklingi og tryggi þannig bæði öryggi þess sem sætir slíkum ráðstöfunum og öryggi og hagsmuni annarra.
- Að þeir sem sæta öryggisráðstöfunum fái viðeigandi félags- og heilbrigðisþjónustu.
- Að sú þjónusta, stuðningur og meðferð sem veitt er samhliða öryggisráðstöfunum stuðli að aukinni hæfni þeirra sem sæta slíkum ráðstöfunum og farsælli endurhæfingu og aðlögun þeirra að samfélaginu.
- Að gætt sé að sjálfsákvörðunarrétti og lífsgæðum innan marka þeirra ráðstafana sem skjólstæðingum er gert að sæta.
- Að skapa traustan grundvöll undir samvinnu þeirra aðila sem koma að framkvæmd öryggisráðstafana og veitingu félags- og heilbrigðisþjónustu.

3. gr.

Börn.

Börn sæta öryggisgæslu á vegum Barna- og fjölskyldustofu í samvinnu við hlutaðeigandi barnaverndarþjónustu og um vistun þeirra fer samkvæmt barnaverndarlögum.

Við framkvæmd öryggisráðstafana skulu hagsmunir barna ávallt hafðir að leiðarljósi þegar teknar eru ákvarðanir sem varða þau. Barn á rétt til þátttöku í málum sem það varða á grundvelli laga þessara. Veita skal barni skýrar og skiljanlegar upplýsingar um mál sitt að því marki sem aldur þess og þroski gefur tilefni til. Tryggja skal barni sem getur myndað sér eigin skoðanir rétt til að láta þær í ljós við meðferð máls. Þegar teknar eru ákvarðanir á grundvelli laga þessara skal taka réttmætt tillit til skoðana barns í samræmi við aldur þess og þroska.

Nú verður barn 18 ára gamalt á meðan það er í vistun á vegum Barna- og fjölskyldustofu án þess að öryggisgæslu sé lokið og skal þá bjóða því áframhaldandi vistun þar ellegar flytja það á öryggisgæslustað á vegum Miðstöðvar um öryggisráðstafanir. Að jafnaði er ekki heimilt að vista einstakling á vegum Barna- og fjölskyldustofu lengur en til tvítugs.

4. gr.

Orðskýringar.

Í lögum þessum er merking hugtaka sem hér segir:

1. *Aðlögun málsmeðferðar*: Aðgangur fatlaðs fólks að réttarkerfinu til jafns við aðra, sem aðildarríki samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks skulu tryggja, m.a. með því að laga málsmeðferð alla að þörfum fatlaðs fólks og taka tilhlýðilegt tillit til aldurs, í því skyni að greiða fyrir árangursríkri þátttöku þess, beinni eða óbeinni, í allri málsmeðferð.
2. *Barnaverndaryfirvöld*: Þeir aðilar sem bera ábyrgð á barnavernd samkvæmt barnaverndarlögum.
3. *Dómsúrlausn*: Niðurstaða dómstóls um að einstaklingur skuli sæta frelsissviptingu eða frelsisskerðingu í öryggisskyni. Niðurstaðan birtist í dómi sem kveðinn er upp á grundvelli VII. kafla almennra hegningarlaga, nr. 19/1940, úrskurði sem kveðinn er upp á grundvelli 100. gr. laga um meðferð sakamála, nr. 88/2008, eða úrskurði sem kveðinn er upp á grundvelli 2. mgr. 23. gr. laga um réttindavernd fatlaðs fólks.
4. *Félagsþjónusta*: Þjónusta, aðstoð og ráðgjöf í tengslum við félagslega ráðgjöf, fjárhagsaðstoð, stuðningsþjónustu, málefni barna og ungmenna, þjónustu við unglinga, aldraða og fatlað fólk, húsnæðismál og vímuvarnir og aðstoð við einstaklinga með fíknivanda.
5. *Heilbrigðisþjónusta*: Hvers kyns heilsugæsla, lækningar, hjúkrun, sjúkrahúspjónusta, sjúkraflutningar, hjálpartækjaþjónusta og þjónusta heilbrigðisstarfsmanna innan og utan heilbrigðisstofnana sem veitt er í því skyni að efla heilbrigði, fyrirbyggja, greina eða meðhöndla sjúkdóma og endurhæfa sjúklinga.
6. *Nauðung í þjónustu*: Athöfn sem skerðir sjálfsákvörðunarrétt einstaklings og fer fram gegn vilja hans eða þrengir svo að sjálfsákvörðunarrétti hans að telja verði það nauðung þótt hann hreyfi ekki við mótmælum.
7. *Rafrænt eftirlit*: Öryggisráðstöfun sem byggist á vöktun með rafrænum eftirlitsbúnaði, sem gerir eftirlitsaðila kleift að fylgjast með ferðum skjólstaðings eða dvöl, t.d. með myndavél, skynjara, hljóðnema eða ökklabandi.
8. *Réttindagæsla fyrir fatlað fólk*: Mannréttindastofnun Íslands sinnir réttindagæslu fyrir fatlað fólk. Hún skal leiðbeina fötluðu fólki og veita því, eftir þörfum, viðeigandi stuðning svo að það geti notið réttinda sinna, sbr. lög um réttindavernd fatlaðs fólks.
9. *Skjólstaðingur*: Einstaklingur er sætir öryggisráðstöfun samkvæmt lögum þessum.
10. *Tilsjónarmaður*: Einstaklingur sem er skipaður á grundvelli almennra hegningarlaga til að hafa eftirlit með því að öryggisráðstafanir sem skjólstaðingur sætir séu ekki meira íþyngjandi eða vari lengur en nauðsyn ber til.

11. *Viðeigandi aðlögun*: Nauðsynlegar og viðeigandi breytingar og lagfæringar, sem eru ekki umfram það sem eðlilegt má teljast eða of íþyngjandi, þar sem þeirra er þörf í sérstöku tilvikum, til þess að tryggja sé að fatlað fólk fái notið til jafns við aðra allra mannréttinda og grundvallarfrelsis.
12. *Vægari öryggisráðstafanir*: Meðal vægari ráðstafana eru eftirlit, þar á meðal rafrænt eftirlit, fyrirskipuð meðferð, ákvörðun dvalarstaðar, vinnu og umgengni við ákveðna einstaklinga og bann við notkun áfengis, vímuefna og lyfja, sem og aðrar ráðstafanir sem nauðsynlegar eru til að varna því að hætta stafi af manni og sem hæfa honum miðað við þarfir og ástand hans og aðstæður allar.
13. *Þjónustuaðili*: Lögaðili sem veitir skjólstæðingi þjónustu, svo sem félagsþjónustu, heilbrigðisþjónustu eða aðra þjónustu, samhliða öryggisráðstöfunum.
14. *Þjónustuteymi*: Þverfaglegt teymi starfsfólks öryggisgæslustaðar sem veitir skjólstæðingi þjónustu.
15. *Þverfaglegt matsteymi*: Þverfaglegt teymi sem starfar innan Miðstöðvar um öryggisráðstafanir sem leggur mat á þjónustubörf skjólstæðings, með tilliti til þeirra öryggisráðstafana sem honum er gert að sæta.
16. *Öryggisgæsla*: Vistun einstaklings skv. VII. kafla almennra hegningarlaga, nr. 19/1940, sem er annaðhvort ósakhæfur eða svo er ástætt um að refsing sé ekki talin bera árangur eða vistun einstaklings sem gert hefur verið að sæta öryggisráðstöfunum skv. 67. gr. sömu laga. Öryggisgæsla er vistun á viðeigandi heilbrigðisstofnun þar sem veitt er réttar- og öryggisgeðþjónusta eða á vegum Miðstöðvar um öryggisráðstafanir, þ.m.t. á grundvelli samnings þar að lútandi. Börn sæta öryggisgæslu á vegum Barna- og fjölskyldustofu.
17. *Öryggisgæslustaður*: Staður þar sem einstaklingur sem gert er að sæta öryggisgæslu er vistaður. Vistunarstaðir á vegum Barna- og fjölskyldustofu teljast ekki til öryggisgæslustaða.
18. *Öryggisráðstafanir*: Samheiti yfir þær öryggisráðstafanir sem einstaklingar eru dæmdir eða úrskurðaðir til að sæta skv. VII. kafla almennra hegningarlaga, nr. 19/1940, eða öðrum viðhlítandi lagaákvæðum, sbr. einnig 19. gr. laga þessara.

II. KAFLI Stjórnýsla.

5. gr.

Yfirstjórn öryggisráðstafana.

Ráðherra fer með yfirstjórn öryggisráðstafana sem ákveðnar eru með dómsúrlausn á grundvelli VII. kafla almennra hegningarlaga, nr. 19/1940, og eftir atvikum 100. gr. laga um meðferð sakamála, nr. 88/2008, eða 2. mgr. 23. gr. laga um réttindavernd fatlaðs fólks. Miðstöð um öryggisráðstafanir er ríkisstofnun undir yfirstjórn ráðherra.

6. gr.

Verkefni Miðstöðvar um öryggisráðstafanir og meginreglur.

Miðstöð um öryggisráðstafanir sér um framkvæmd öryggisráðstafana, nema annað sé tekið fram í lögum þessum. Þá annast miðstöðin önnur verkefni í samræmi við ákvæði laga þessara og stjórnvaldsfyrirmæla sem sett eru samkvæmt þeim.

Miðstöð um öryggisráðstafanir tekur við dómum og úrskurðum um öryggisráðstafanir til framkvæmdar og skráningar frá ríkissaksóknara.

Miðstöð um öryggisráðstafanir hefur eftirlit og umsjón með öryggisgæslustöðum sem starfa á hennar vegum, sem og umsjón með einstaklingum sem gert er að sæta vægari öryggisráðstöfunum. Miðstöðin fer jafnframt með eftirlit með öryggisgæslustöðum sem reknir eru á grundvelli samnings við sveitarfélög og einkaaðila. Eftirlit með öryggisgæslustöðum sem teljast vera heilbrigðisstofnanir er á höndum embættis landlæknis. Barna- og fjölskyldustofa fer með eftirlit með stöðum þar sem börn sæta öryggisráðstöfunum.

Miðstöð um öryggisráðstafanir veitir ráðgjöf og faglegan stuðning öllum þeim aðilum sem veita skjólstæðingum þjónustu samhliða öryggisráðstöfunum. Þá skal miðstöðin veita fræðslu um málefni stofnunarinnar og skjólstæðinga hennar til viðeigandi hagaðila, til að mynda innan réttarvörslukerfis, félagsþjónustu og heilbrigðisþjónustu.

Miðstöðinni er heimilt með samningi að fela öðrum verkefni, svo sem rafrænt eftirlit. Þá er ráðherra heimilt að fela miðstöðinni önnur verkefni á grundvelli tillögu frá fagráði hennar, sbr. 7. gr.

Miðstöð um öryggisráðstafanir heldur skrá um alla sem dæmdir eða úrskurðaðir eru til að sæta öryggisráðstöfunum, óháð skyldu annarra aðila.

Ráðherra getur, að fenginni tillögu fagráðs skv. 7. gr., falið miðstöðinni að gera samninga um framkvæmd öryggisráðstafana sem ákveðnar eru með úrskurði skv. 2. mgr. 23. gr. laga um réttindavernd fatlaðs fólks. Um slíka samninga fer eftir ákvæðum 14. gr.

Við framkvæmd verkefna sem miðstöðinni eru falin með lögum þessum eða ákvörðun ráðherra, skal eftirfarandi meginreglna gætt:

1. Að öryggisráðstafanir vari aldrei lengur eða séu umfangsmeiri en nauðsyn krefur.
2. Að viðeigandi aðlögun sé viðhöfð þar sem við á og málsmeðferð í stjórnsýslu ákveðin að teknu tilliti til aðstæðna þess skjólstæðings sem í hlut á.

7. gr.

Forstjóri og fagráð.

Ráðherra skipar Miðstöð um öryggisráðstafanir forstjóra til fimm ára í senn. Forstjóri skal hafa háskólapróf, þekkingu og reynslu sem nýtist á starfssviði miðstöðvarinnar og við stjórnun hennar og rekstur. Engan má skipa oftari en tvisvar sinnum í embættið.

Við skipun í embætti forstjóra skal ráðherra skipa þriggja manna nefnd til að meta hæfni umsækjenda um embættið. Ráðherra getur sett nefndinni reglur um mat á umsóknum. Nefndin skal láta ráðherra í té skriflega rökstudda umsögn um hæfni umsækjenda.

Forstjóri fer með stjórn miðstöðvarinnar, gætir þess að hún starfi í samræmi við lög og reglugerðir á hverjum tíma og ber ábyrgð á daglegum rekstri hennar.

Ráðherra setur forstjóra erindisbréf þar sem tilgreind skulu helstu markmið í rekstri miðstöðvarinnar og verkefni hennar bæði til lengri og skemmri tíma litið. Í erindisbréfi skal enn fremur kveðið á um samskipti forstjóra og fagráðs miðstöðvarinnar.

Ráðherra skipar miðstöðinni 11 manna fagráð samkvæmt tilnefningum forsætisráðuneytis og ráðuneyta sem fara með málefni dómsmála, heilbrigðisþjónustu, barna, sveitarstjórna og fjármála, auk tilnefningar Sambands íslenskra sveitarfélaga. Skipa skal tvo fulltrúa hagsmunasamtaka í fagráð að fengnum tilnefningum. Ráðherra skipar tvo fulltrúa án tilnefningar og skal annar þeirra vera formaður fagráðs.

Fagráð skal vera ráðherra og forstjóra miðstöðvarinnar til ráðgjafar um fagleg málefni og stefnumörkun. Þá gerir fagráð einnig tillögu til ráðherra um að fela miðstöðinni að gera samninga um framkvæmd öryggisráðstafana sem ákveðnar eru með úrskurði skv. 2. mgr. 23. gr. laga um réttindavernd fatlaðs fólks.

8. gr.
Starfsfólk.

Forstjóri Miðstöðvar um öryggisráðstafanir ræður starfsfólk hennar og forstöðumenn öryggisgæslustaða á vegum hennar. Forstöðumenn ráða annað starfsfólk öryggisgæslustaða. Starfsfólk Miðstöðvar um öryggisráðstafanir og starfsfólk öryggisgæslustaða á vegum hennar skal hafa nauðsynlega menntun og hæfni í samræmi við starfsemi öryggisgæslustaða og það starf sem því er ætlað að sinna. Liggja skal fyrir gilt starfsleyfi eftir því sem við á.

Ríkissjóður skal bæta starfsfólki Miðstöðvar um öryggisráðstafanir og starfsfólki öryggisgæslustaða á vegum hennar líkamstjón og munatjón sem það verður fyrir vegna starfs sína.

9. gr.
Bakgrunnsskoðun.

Áður en aðili er skipaður, settur eða ráðinn til starfa hjá Miðstöð um öryggisráðstafanir eða öryggisgæslustöðum á vegum hennar skal hann, að fengnu samþykki hans, undirgangast athugun sem felst í öflun upplýsinga úr skrá og upplýsingakerfum sem getið er í 2. mgr., sem lið í mati á því hvort hann sé hæfur til að gegna starfinu og fá aðgengi að upplýsingum um framkvæmd öryggisráðstafana og málefni skjólstæðinga. Endurtaka skal athuginuna með reglulegu millibili og ekki sjaldnar en á fimm ára fresti. Aldrei má þó ganga lengra við könnun á bakgrunni og sakaferli en þörf er á hverju sinni.

Samþykki aðila skv. 1. mgr. veitir miðstöðinni heimild, eftir atvikum með aðstoð ríkislögreglustjóra, til að afla upplýsinga um viðkomandi úr:

- skrá lögreglu, þ.m.t. málaskrá fimm ár aftur í tímann,
- sakaskrá til yfirvalda,
- upplýsingakerfi Alþjóðalögreglunnar eða annarra erlendra yfirvalda,
- upplýsingakerfi Þjóðskrár.

Óheimilt er að ráða í störf starfsfólk sem hlotið hefur refsidóma vegna brota á ákvæðum XXII. kafla, 211. gr. eða 218. gr. almennra hegningarlaga, nr. 19/1940. Hafi umsækjandi verið dæmdur til refsingar fyrir brot á öðrum ákvæðum almennra hegningarlaga eða öðrum lögum skal meta áhrif þess á hæfi viðkomandi til að gegna því starfi sem um ræðir, m.a. að teknu tilliti til eðlis starfsins og alvarleika brotsins.

Leggja skal heildstætt mat á það hvort óhætt sé að ráða viðkomandi til starfa og veita honum aðgang að upplýsingum skv. 1. mgr. Heimilt er að nýta upplýsingar úr málaskrá lögreglu til að synja um skipun, setningu eða ráðningu enda sé það mat miðstöðvarinnar að upplýsingarnar gefi tilefni til að draga í efa hæfni eða trúverðugleika aðila til að starfa hjá miðstöðinni eða á öryggisgæslustöðum.

Nú er það mat miðstöðvarinnar að upplýsingar úr skrá eða upplýsingakerfum skv. 2. mgr. leiði til þess að ekki sé óhætt að ráða aðila til starfa á vegum miðstöðvarinnar eða veita honum aðgang að upplýsingum skv. 1. mgr. og skal þá, áður en ákvörðun er tekin, gefa aðila færi á að gæta andmæla. Ákvörðun miðstöðvarinnar skal rökstudd.

Miðstöðin skal í samvinnu við ríkislögreglustjóra annast framkvæmd bakgrunnsskoðana samkvæmt þessari grein.

Nú uppfyllir starfandi starfsmaður ekki kröfur um bakgrunnsskoðun og skal hann þá leystur frá störfum. Sama gildir um annað starfsfólk.

10. gr.

Heimild til inngripa.

Við framkvæmd öryggisráðstafana er starfsfólki á vegum Miðstöðvar um öryggisráðstafanir eða á vegum samningsaðila skv. 14. gr. heimilt að grípa inn í atburðarás og beita valdi við framkvæmd skyldustarfa sinna ef það telst nauðsynlegt til:

1. að hindra að skjólstæðingur skaði sjálfan sig eða aðra,
2. að koma í veg fyrir stök.

Starfsfólk skal hafa hlotið viðeigandi þjálfun í valdbeitingu áður en heimilt er að beita henni. Valdbeitingu skal aðeins beitt í ýrtruð neyð og eingöngu þegar ljóst er að aðrar leiðir duga ekki.

Kalla skal til heilbrigðisstarfsmann eftir inngrip sem felur í sér valdbeitingu ef grunur leikur á að hún hafi valdið skaða, ef um sjúkdóma er að ræða eða ef skjólstæðingur óskar sjálfur heilbrigðisaðstoðar. Ávallt skal bjóða skjólstæðingi stuðning í kjölfar inngripa.

Inngrip sem felur í sér valdbeitingu er neyðarúrræði sem telst til nauðungar í þjónustu og fer um ferlið skv. 28. gr. Þegar valdbeitingu er beitt skal gerð skýrsla um tilefni hennar og framkvæmd. Skal hún, ásamt atvikalýsingu, send miðstöðinni, sérfræðiteymi um aðgerðir til að draga úr beitingu nauðungar, sbr. 21. gr. laga um réttindavernd fatlaðs fólks, og tilsjónarmanni.

11. gr.

Þekking og færni.

Miðstöð um öryggisráðstafanir skal sjá til þess að starfsfólk hafi nauðsynlega fagmenntun, færni og þekkingu til að starfa við framkvæmd öryggisráðstafana. Miðstöðin skal bjóða upp á regluleg námskeið fyrir starfsfólk, þar sem m.a. skal fjallað um mannréttindi, réttindi fatlaðs fólks, samskipti og færni í notkun aðferða til að draga úr þörf fyrir að beita nauðung.

Hver þjónustuaðili skal tryggja að starfsfólk hans sitji slík námskeið og að símenntunaráætlunum sé fylgt.

12. gr.

Sérstakar starfsskyldur.

Starfsfólk Miðstöðvar um öryggisráðstafanir, auk alls starfsfólks sem sinnir öryggisráðstöfunum á vegum miðstöðvarinnar, skal í öllum samskiptum við skjólstæðinga sýna þeim virðingu og hafa mannlega reisn þeirra að leiðarljósi í störfum sínum. Starfsfólk skal virða vilja og val skjólstæðinga eftir því sem unnt er. Starfsfólk skal standa vörð um hagsmuni skjólstæðinga og gæta þess að réttindi þeirra séu virt.

Verði starfsmaður þess áskynja að brotið sé á réttindum skjólstæðinga skal hann tilkynna það viðeigandi aðila, t.d. yfirmanni, réttindagæslu fyrir fatlað fólk, og eftir atvikum viðeigandi eftirlitsaðila, svo sem Gæða- og eftirlitsstofnun velferðarmála og embætti landlæknis.

13. gr.

Þagnarskylda.

Á þeim sem starfa samkvæmt lögum þessum hvílir þagnarskylda skv. X. kafla stjórnsýslulaga, nr. 37/1993. Þagnarskyldan tekur til upplýsinga um einkahagi skjólstæðinga og þeirra sem þeim tengjast og sem eðlilegt er að leynt fari, upplýsinga sem varða öryggi öryggisgæslustaða og annarra upplýsinga sem leynt skulu fara samkvæmt lögum, starfsreglum eða eðli máls. Þagnarskyldan helst þótt látið sé af störfum eða skjólstæðingur andist. Brot á þagnarskyldu varðar refsingu skv. XIV. kafla almennra hegningarlaga, nr. 19/1940.

14. gr.

Samningar um öryggisráðstafanir.

Miðstöðinni er heimilt að semja við sveitarfélag eða einkaaðila um framkvæmd öryggisráðstafana fyrir tiltekinn skjólstæðing sem sætir slíkri ráðstöfun á grundvelli VII. kafla almennra hegningarlaga, nr. 19/1940, eða 100. gr. laga um meðferð sakamála, nr. 88/2008. Í þeim tilvikum fer framkvæmd öryggisráðstafana af hálfu þjónustuaðila fram samkvæmt ákvæðum laga þessara.

Óheimilt er að semja við aðra einkaaðila en þá sem hafa gilt rekstrarleyfi frá Gæða- og eftirlitsstofnun velferðarmála í samræmi við lög um Gæða- og eftirlitsstofnun velferðarmála.

Miðstöðinni er heimilt að nýta ferli rammasamninga við gerð samninga samkvæmt þessari grein. Um ágreining á milli miðstöðvarinnar og sveitarfélaga fer samkvæmt sveitarstjórnarlögum.

Á grundvelli tillögu fagraðs sem samþykkt hefur verið af ráðherra getur miðstöðin samið við sveitarfélag eða einkaaðila um framkvæmd einstaklingsbundinna öryggisráðstafana sem ákveðnar hafa verið með úrskurði skv. 2. mgr. 23. gr. laga um réttindavernd fatlaðs fólks. Í þeim tilvikum fer framkvæmd öryggisráðstafana af hálfu þjónustuaðila fram samkvæmt ákvæðum laga þessara sem gilda um vægari öryggisráðstafanir. Á grundvelli slíks samnings er miðstöðinni heimilt að verða við beiðni þjónustuaðila um að skjólstæðingur sé tímabundið vistaður á vegum miðstöðvarinnar enda sé tryggt að réttarstaða hans verði ekki lakari en annars hefði verið. Leitað skal eftir afstöðu eftirlitsaðila með réttindum skjólstæðings skv. 62. gr. áður en orðið er við slíkri beiðni.

III. KAFLI

Tilsjónarmenn.

15. gr.

Skipun tilsjónarmanns.

Sé einstaklingi gert að sæta öryggisgæslu skipar dómari honum tilsjónarmann sem gætir þess að öryggisgæslan sé ekki meira íþyngjandi eða vari lengur en nauðsyn ber til. Sé einstaklingi gert að sæta vægari öryggisráðstöfunum skal dómari skipa honum tilsjónarmann sé talin þörf á því vegna stöðu hans. Dómari skal veita einstaklingi kost á að koma á framfæri ósk um hver verði skipaður tilsjónarmaður nema ljóst sé að slíkt beri ekki árangur.

Engan má skipa sem tilsjónarmann nema hann hafi lýst sig reiðubúinn til að taka starfið að sér, hafi lögmennsréttindi og hafi ekki sýnt af sér háttsemi sem getur rýrt það traust sem starfið krefst. Óheimilt er að skipa tilsjónarmann sem hlotið hefur refsíðóm vegna brota á ákvæðum XXII. kafla, 211. gr. eða 218. gr. almennra hegningarlaga, nr. 19/1940.

Þegar tilsjónarmaður hefur verið skipaður skal dómur tilkynna Miðstöð um öryggisráðstafanir um skipunina.

Ef tilsjónarmaður andast, óskar eftir lausn frá starfi eða dómari vísar honum úr starfi skv. 17. gr., skal héraðsdómari tafarlaust skipa nýjan tilsjónarmann í hans stað. Biðjist tilsjónarmaður lausnar skal hann gegna starfinu áfram þar til nýr tilsjónarmaður hefur verið skipaður.

Kostnaður af störfum tilsjónarmanns skal greiddur úr ríkissjóði.

16. gr.

Hlutverk tilsjónarmanns.

Hlutverk tilsjónarmanns er að gæta þess að öryggisráðstafanir sem skjólstæðingur sætir séu ekki meira íþyngjandi eða vari lengur en nauðsyn ber til.

Til að sinna skyldu sinni ber tilsjónarmanni að fylgjast reglubundið með högum skjólstæðings og aðbúnaði. Í því skyni skal hann heimsækja skjólstæðing eigi sjaldnar en á hverjum ársfjórðungi, ræða við þjónustuteymi viðkomandi um þær öryggisráðstafanir sem viðkomandi sætir og skoða aðstæður og aðbúnað á þeim stað sem viðkomandi dvelur.

Tilsjónarmaður skal fyrir lok hvers árs skila miðstöðinni skýrslu um störf sín.

Tilsjónarmaður skal hafa aðgang að þeim upplýsingum sem varða hagi skjólstæðings, aðbúnað hans og framkvæmd öryggisráðstafana, að því marki sem nauðsynlegt er til að hann geti sinnt lögbundnum verkefnum sínum. Þá skal honum tryggður aðgangur að öryggisgæslustað skjólstæðings.

Gæta skal að aðlögun málsmeðferðar þegar leitað er álits skjólstæðings á málum sem varða hann.

17. gr.

Lok skipunar.

Skipun tilsjónarmanns gildir þar til öryggisráðstöfun lýkur eða þar til tilsjónarmaður andast, biðst lausnar frá störfum sínum eða er vikið frá, sbr. 4. mgr. 15. gr.

Skjólstæðingi, persónulegum talsmanni, eftir atvikum réttindagæslu fyrir fatlað fólk eða lögráðamanni skjólstæðings, hagsmunasamtökum, öryggisgæslustað eða Miðstöð um öryggisráðstafanir er heimilt að bera upp skriflegar aðfinnslur um störf tilsjónarmanns við viðeigandi dómstól sem hefur skipað hann. Komi slíkar aðfinnslur fram eða berist dómara með öðrum hætti vitneskja um að framferði tilsjónarmanns í starfi kunni að vera aðfinnsluvert skal hann kveðja tilsjónarmann á fund til að tjá sig um málefnið. Dómara er heimilt að kveðja fleiri á fund sinn af slíku tilefni.

Telji dómari aðfinnslur á rökum reistar getur hann gefið tilsjónarmanni kost á að bæta úr innan tiltekins frests. Verði tilsjónarmaður ekki við því eða ef framferði hans í starfi hefur annars verið slíkt að ekki verði talið réttmætt að gefa honum kost á að ráða bót á starfsháttum sínum skal dómari víkja honum úr starfi þegar í stað með úrskurði. Dómari skal með sama hætti víkja tilsjónarmanni úr starfi ef hann fullnægir ekki lengur hæfisskilyrðum sem eru sett skv. 15. gr.

Fallist dómari ekki á að víkja tilsjónarmanni úr starfi skv. 3. mgr. getur sá sem hafði uppi aðfinnslur um störf hans krafist úrskurðar dómara um hvort tilsjónarmanni verði vikið frá. Sömu aðilar og mælt er fyrir um í 2. mgr. geta krafist þess að dómari víki tilsjónarmanni úr starfi sökum þess að hann fullnægi ekki skilyrðum 15. gr.

IV. KAFLI

Öryggisráðstafanir.

18. gr.

Tilkynningar um dómsúrlausn o.fl.

Ríkissaksóknari sendir Miðstöð um öryggisráðstafanir allar dómsúrlausnir um öryggisráðstafanir til framkvæmdar og skráningar.

Öryggisráðstöfun skal framkvæmd eins fljótt og auðið er eftir að dómsúrlausn berst.

Ef barn er dæmt til að sæta öryggisráðstöfunum sendir ríkissaksóknari Barna- og fjölskyldustofu og hlutaðeigandi barnaverndarþjónustu framkomna dómsúrlausn þegar í stað. Barna- og fjölskyldustofa skal í samvinnu við hlutaðeigandi barnaverndarþjónustu framkvæma öryggisráðstöfun eins fljótt og auðið er eftir að dómsúrlausn berst.

Ef manni er gert að sæta vistun á heilbrigðisstofnun sendir ríkissaksóknari dómsúrlausn þangað þegar í stað og skal heilbrigðisstofnunin framkvæma öryggisráðstöfunina eins fljótt og auðið er.

Verjandi eða tilsjónarmaður skal gera skjólstæðingi grein fyrir niðurstöðu og þýðingu dómsúrlausnar sem felur í sér að skjólstæðingur skuli sæta öryggisráðstöfun.

19. gr.

Öryggisráðstafanir.

Í dóms- eða úrskurðarorði skal kveðið á um þær öryggisráðstafanir sem einstaklingur er dæmdur eða úrskurðaður til að sæta. Til öryggisráðstafana teljast annars vegar öryggisgæsla og hins vegar vægari öryggisráðstafanir, þ.e.:

1. Öryggisgæsla: Innlögn á viðeigandi heilbrigðisstofnun þar sem veitt er réttar- og öryggisgeðþjónusta eða vistun í öryggisgæslu á vegum Miðstöðvar um öryggisráðstafanir eða á vegum samningsaðila skv. 14. gr. Börn sæta öryggisgæslu á vegum Barna- og fjölskyldustofu skv. 3. gr.

Vistun í öryggisgæslu á vegum miðstöðvarinnar eða samningsaðila skv. 14. gr. getur farið tímabundið fram á heilbrigðisstofnun samkvæmt ákvörðun yfirlæknis viðkomandi stofnunar.

Sé skjólstæðingur í öryggisgæslu lagður inn á heilbrigðisstofnun fer um meðferð hans og þjónustu þar samkvæmt lögum um réttindi sjúklinga og eftir atvikum öðrum lögum og reglum sem um sjúklinga gilda.

Hafi einstaklingur sem dæmdur var til að sæta öryggisgæslu á heilbrigðisstofnun lokið meðferð þar samkvæmt mati yfirlæknis og ekki hefur farið fram endurskoðun á dómsúrlausn, skal hann fluttur í aðra öryggisgæslu á vegum miðstöðvarinnar eða samningsaðila skv. 14. gr.

2. Vægari öryggisráðstafanir en öryggisgæsla: Meðal vægari ráðstafana eru eftirlit, þar á meðal rafrænt eftirlit, fyrirskipuð meðferð, ákvörðun dvalarstaðar, vinnu og umgengni við ákveðna einstaklinga og bann við notkun áfengis, vímuefna og lyfja, sem og aðrar ráðstafanir sem nauðsynlegar eru til að varna því að hætta stafi af manni og sem hæfa honum miðað við þarfir og ástand hans og aðstæður allar. Kveðið skal nánar á um efni slíkra ráðstafana í dómsorði.

Við ákvörðun öryggisráðstafana skal ekki ganga lengra en nauðsyn krefur til að varna hættu og tryggja öryggi.

20. gr.

Upphaf öryggisgæslu.

Öryggisgæslu samkvæmt dómsúrlausn skal framkvæma eins fljótt og auðið er eftir að dómur berst Miðstöð um öryggisráðstafanir.

Miðstöðin tilkynnir skjólstæðingi með sannanlegum hætti, eins fljótt og auðið er, um upphaf öryggisgæslu og hvar hann verði vistaður. Jafnframt skal tilkynna tilsjónarmanni um fyrirhugaða ráðstöfun. Þegar skjólstæðingur dvelur á annarri stofnun en öryggisgæslustað ber miðstöðinni að gera nauðsynlegar ráðstafanir gagnvart þeirri stofnun.

Sé skjólstæðingur á þeim öryggisgæslustað sem hann skal vistaður á hefst öryggisgæsla þegar í stað.

Sé skjólstæðingur að ljúka afplánun í fangelsi eða sæti gæsluvarðhaldi skal hann fluttur í beinu framhaldi af því á þann öryggisgæslustað sem hann skal vistaður á.

Ef þörf krefur felur miðstöðin lögreglu að flytja skjólstæðing á öryggisgæslustað. Þar til bær starfsmaður miðstöðvarinnar sem hefur þekkingu á fötlun skal vera í fylgd lögreglu sé hún kölluð til.

Við upphaf öryggisgæslu skal með sannanlegum hætti ganga úr skugga um hver einstaklingur er, svo sem með framvísun skilríkja eða með öðrum hætti. Þá skal taka andlitsmynd og skrá nafn hans og kennitölu ásamt upphafsdegi vistunar og vistunartíma. Jafnframt skal skrá þann dag sem í síðasta lagi skal endurmeta þá ráðstöfun sem skjólstæðingi hefur verið gert að sæta. Á meðan öryggisgæslu stendur ber að uppfæra upplýsingarnar eftir því sem tilefni er til.

Mat heilbrigðisstarfsmanns á líkamlegri heilsu og geðheilsu skjólstæðings skal fara fram við upphaf öryggisgæslu og þegar þörf krefur meðan á gæslunni stendur. Skrá skal upplýsingar um heilsufar, sjúkrasögu og persónulega hagi skjólstæðings auk þess hverja hann óskar eftir að haft sé samband við ef þurfa þykir vegna hagsmuna hans. Jafnframt skal skrá upplýsingar um tilsjónarmann. Á meðan á öryggisgæslu stendur ber að uppfæra upplýsingarnar eftir því sem tilefni er til.

Heilbrigðisstarfsfólki er skylt að upplýsa miðstöðina um sjúkdóma skjólstæðings sem gætu ógnað heilsu eða öryggi hans eða annarra

Við upphaf öryggisgæslu skal afhenda og kynna þær reglur sem gilda um vistunina og þær ráðstafanir sem hún felur í sér um réttindi og skyldur skjólstæðings, vinnu, nám og aðra virkni sem stendur skjólstæðingi til boða, reglur og ferla öryggisgæslustaðarins, kvörtunarleiðir og málsmeðferð, hvernig farið verði með persónuupplýsingar hans í samræmi við 13. gr. laga um vinnslu persónuupplýsinga í löggæslutilgangi, nr. 75/2019, svo og upplýsingar um heimild til að beina kvörtun til umboðsmanns Alþingis. Sé skjólstæðingur færður á milli öryggisgæslustaða skal hann fá þessar upplýsingar á ný. Gæta skal að viðeigandi aðlögun við framsetningu upplýsinga, til að mynda með því að kynna þær á tungumáli og formi sem skjólstæðingur skilur, eða með aðstoð túlks.

21. gr.

Þverfaglegt matsteymi.

Innan Miðstöðvar um öryggisráðstafanir skal starfrækt þverfaglegt teymi sem leggur mat á þjónustubörf skjólstæðings, með tilliti til þeirra öryggisráðstafana sem honum er gert að sæta.

Álit teymisins skal lagt til grundvallar þegar tekin er ákvörðun um framkvæmd þeirrar öryggisráðstöfunar sem kveðið er á um í dómsúrlausn, þ.e. um öryggisgæslustað og aðrar vægari öryggisráðstafanir, svo sem um nauðsynlegar öryggiskröfur vegna ráðstöfunarinnar.

Í teyminu skulu eiga sæti sérfræðingar með viðeigandi fagþekkingu, svo sem á sviði félags- og heilbrigðisþjónustu. Yfirlæknir réttar- og öryggisgeðþjónustu Landspítala skal eiga fast sæti í teyminu.

22. gr.

Ákvörðun um öryggisgæslustað og vægari öryggisráðstafanir.

Miðstöð um öryggisráðstafanir ákveður öryggisgæslustað á vegum hennar eða samningsaðila skv. 14. gr., sem og nánari útfærslu vægari öryggisráðstafana. Þegar um ákvarðanir miðstöðvarinnar er að ræða þarf að liggja fyrir rökstutt álit þverfaglegs teymis skv. 21. gr., að því marki sem ekki hefur verið tekin afstaða til þess í dómsúrlausn. Í álitinu skal meta nauðsynlegar öryggiskröfur og þá þjónustu sem skjólstæðingur þarfnast. Matið skal byggjast á viðtali við skjólstæðing nema því verði ekki við komið. Jafnframt skal matið byggjast á högum og

aðstæðum skjólstæðings þegar matið fer fram. Tekin skal afstaða til þess í álitinu hvað felist í öryggisráðstöfunum viðkomandi einstaklings.

Við mat teymis skv. 21. gr. skal m.a. litið til:

- a. hvort skjólstæðingur er hættulegur sjálfum sér eða öðrum,
- b. eðli og alvarleika brots sem liggur til grundvallar öryggisráðstöfunum,
- c. stuðningsþarfar skjólstæðings, þ.m.t. hvers konar félags- og heilbrigðisþjónustu viðkomandi þarf, aldurs, kyns og búsetu skjólstæðings. Leitast skal við að gera skjólstæðingum kleift að viðhalda félagslegum tengslum, svo sem með vistun í nálægð við fjölskyldu.

23.gr.

Öryggisgæslustaður.

Einstaklingur sem gert er að sæta öryggisgæslu til að varna því að hætta verði af honum skal vistaður á öryggisgæslustað.

Heimilt er að gera nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja öryggi og velferð á öryggisgæslustað þar sem einstaklingur dvelur samkvæmt dómsúrlausn um slíka vistun.

Ráðstafanir geta m.a. falið í sér að:

- a. dyrum og gluggum sé læst,
- b. vistunarstaður sé afgirtur,
- c. sameiginleg rými séu vöktuð með viðeigandi vöktunar- og viðvörunarkerfum,
- d. dyr að einkarýmum skjólstæðinga séu með viðeigandi vöktunar- og viðvörunarkerfi,
- e. heimilt sé að læsa dyrum að einkarýmum skjólstæðinga um tiltekinn tíma, svo sem að næturlagi.

Ráðstafanir skv. 2. mgr. teljast ekki til nauðungar í þjónustu skv. 17. gr. laga um réttindavernd fatlaðs fólks.

Vista má skjólstæðing í sérstöku öruggu herbergi á öryggisgæslustað ef nauðsyn krefur til að koma í veg fyrir að hann skaði sjálfan sig eða aðra. Yfirmaður öryggisgæslustaðar eða annar stjórnandi í umboði hans tekur ákvörðun um vistun í öruggu herbergi. Ákvörðun um vistun skjólstæðings í öruggu herbergi er neyðarúrræði sem telst til nauðungar í þjónustu og fer um slíka ákvörðun skv. 28. gr. Tafarlaust skal látið af nauðung þegar hættu hefur verið afstýrt eða ástand er liðið hjá. Meta skal daglega hvort nauðsynlegt sé að vista skjólstæðing áfram í öruggu herbergi. Halda skal skráningu um slíkt mat.

Ákvörðunina skal rökstyðja skriflega og bóka og skal hún, ásamt atvikalýsingu, send Miðstöð um öryggisráðstafanir, sérfræðiteymi um aðgerðir til að draga úr beitingu nauðungar og tilsjónarmanni. Ákvörðunin skal birt skjólstæðingi þegar aðstæður leyfa.

Þegar skjólstæðingur á öryggisgæslustað er vistaður í öruggu herbergi skal heilbrigðisstarfsmaður koma og meta ástand viðkomandi þegar í stað. Þar til bær heilbrigðisstarfsmaður skal hitta skjólstæðing sem vistaður er í öruggu herbergi daglega. Læknir metur hvort þörf sé á innlögn á heilbrigðisstofnun eða hvort annarra úrræða sé þörf vegna ástands skjólstæðings. Taka skal mið af mögulegum skerðingum einstaklings við framkvæmdina.

24. gr.

Upphaf vægari öryggisráðstafana.

Vægari öryggisráðstöfunum samkvæmt dómsúrlausn skal komið á eins fljótt og auðið er eftir að úrskurður eða dómur um þær berst Miðstöð um öryggisráðstafanir. Skal það gert í samstarfi við lögheimilissveitarfélag skjólstæðings eftir því sem þörf er á. Að því marki sem nánari tilhögun ráðstöfunar hefur ekki verið ákveðin í dómi eða úrskurði ákveður miðstöðin hana á grundvelli rökstudds álits teymis, sbr. 21. gr.

Við upphaf vægari öryggisráðstafana skal miðstöðin tilkynna skjólstæðingi með sannanlegum hætti, eins fljótt og auðið er, um ráðstafanirnar og nánari tilhögun þeirra á máli eða formi sem skjólstæðingur skilur. Kalla skal til túlk ef þörf krefur. Jafnframt skal tilkynna tilsjónarmanni um fyrirhugaða ráðstöfun. Miðstöðin skal skrá helstu upplýsingar um framkvæmd ráðstöfunar.

Miðstöð um öryggisráðstafanir er heimilt að boða aðila til fundar við sig þar sem farið er yfir framkvæmd fyrirhugaðrar ráðstöfunar og eftir atvikum óskað eftir afstöðu skjólstæðings til hennar. Heimilt er að halda fund á stað sem hentar skjólstæðingi, svo sem þar sem hann dvelst. Boða skal tilsjónarmann á fundinn, jafnframt er skjólstæðingi heimilt að hafa aðstoðarmann eða lögmann með sér á fundinum. Verði skjólstæðingur ekki við boðun á fund felur miðstöðin lögreglu að flytja hann á fundinn. Þar til bær starfsmaður miðstöðvarinnar sem hefur þekkingu á fötlun skal vera í fylgd lögreglu vegna hagsmuna skjólstæðings sé hún kölluð til,

Við upphaf öryggisráðstafana skal einstaklingur sýna fram á hver hann er með framvísun skilríkja eða með öðrum sannanlegum hætti. Gæta skal að viðeigandi aðlögun við framsetningu upplýsinga, til að mynda með því að kynna þær á tungumáli og formi sem skjólstæðingur skilur, eða með aðstoð túlks.

25. gr.

Um framkvæmd vægari öryggisráðstafana.

Þegar mælt er fyrir um vægari öryggisráðstafanir samkvæmt dómsúrlausn fer Miðstöð um öryggisráðstafanir með eftirlit með því að þeim sé fylgt eða felur það öðrum. Ef skjólstæðingi er gert að sæta rafrænu eftirliti samkvæmt dómsúrlausn tryggir miðstöðin að hann hafi á sér búnað svo að unnt sé að fylgjast með ferðum hans. Hafi jafnframt verið ákveðið að skjólstæðingur sé eða sé ekki á ákveðnum stað á ákveðnum tímum skal miðstöðin gera honum grein fyrir því sem og mögulegum afleiðingum þess ef hann fylgir því ekki.

Lúti öryggisráðstöfun að dvalarstað, vinnu eða umgengni við ákveðna einstaklinga fylgist miðstöðin með því hvort skjólstæðingur hlíti henni. Miðstöðinni er heimilt að afla upplýsinga frá vinnuveitanda og öðrum aðilum í því augnamiði. Vinnuveitanda og öðrum aðilum er skylt að veita miðstöðinni umbeðnar upplýsingar.

Ef skjólstæðingi er gert að sæta meðferð er miðstöðinni heimilt að óska eftir upplýsingum frá meðferðaraðila um hana, svo sem hvort skjólstæðingur mæti og hvernig gangi almennt. Meðferðaraðila er skylt að veita miðstöðinni umbeðnar upplýsingar.

Ef skjólstæðingi er bannað að neyta áfengis eða vímuefna getur miðstöðin krafist þess að hann undirgangist rannsókn á lífsýni, svo sem öndunarsýni eða blóð- og þvagrannsókn. Neiti skjólstæðingur að undirgangast slíka rannsókn gerir miðstöðin honum grein fyrir mögulegum afleiðingum þess. Miðstöðinni er heimilt að óska eftir aðstoð lögreglu til að annast töku á lífsýni. Er lögreglu skylt að verða við beiðni miðstöðvarinnar um aðstoð við lífsýnatöku. Heilbrigðisstarfsfólk annast töku blóðsýnis.

Til að framfylgja öryggisráðstöfun er miðstöðinni heimilt að boða skjólstæðing reglulega á sinn fund og óska eftir upplýsingum frá honum um hvort og þá hvernig hann hefur hlítt öryggisráðstöfun. Neiti skjólstæðingur að veita upplýsingar gerir miðstöðin honum grein fyrir mögulegum afleiðingum þess. Verði skjólstæðingur ekki við boðun á fund felur miðstöðin lögreglu að flytja hann á fundinn.

Að öðru leyti en að framan greinir er miðstöðinni heimilt að afla frá félagsþjónustu sveitarfélaga, barnaverndaryfirvöldum, heilbrigðisstofnunum, vinnuveitanda skjólstæðings og öðrum aðilum upplýsinga sem nauðsynlegar eru til að framfylgja þeirri öryggisráðstöfun sem skjólstæðingi hefur verið gert að sæta með dómsúrlausn, þar á meðal heilsufarsupplýsinga og

upplýsinga um hagi og aðstæður þeirra sem sæta öryggisráðstöfun. Framangreindum aðilum er skylt að veita miðstöðinni umbeðnar upplýsingar.

26. gr.

Einstaklingsbundin þjónustuáætlun.

Við upphaf öryggisgæslu eða annarra öryggisráðstafana skal gerð einstaklingsbundin þjónustuáætlun fyrir skjólstæðing. Skal skjólstæðingur sjálfur koma að gerð áætlunarinnar ásamt þjónustuteymi. Við gerð þjónustuáætlunar skal kalla eftir aðkomu félagsþjónustu, barnaverndar eða annars þjónustuaðila sem skjólstæðingur hefur fengið þjónustu hjá. Einnig skal kalla til fulltrúa lögreglu við gerð þjónustuáætlunar ef þörf er á. Í áætluninni skal skilgreina umfang og eðli þeirrar þjónustu sem skjólstæðingur þarf á að halda meðan á ráðstöfunum stendur. Jafnframt skal tilgreina þau markmið sem stefnt er að. Áætlunina skal endurskoða á sex mánaða fresti og þess á milli ef ástæða er til.

Skjólstæðingur skal fá afrit af þjónustuáætluninni og hafa að jafnaði aðgang að henni eftir það.

Miða ber við að þjónustuáætlun sé uppfærð þegar vistun í öryggisgæslu lýkur og að afstaða sé þá tekin til þeirra búsetuúrræða sem skjólstæðingi standa til boða.

V. KAFLI

Þjónusta veitt samhliða öryggisráðstöfunum.

27. gr.

Félags- og heilbrigðisþjónusta.

Skjólstæðingur skal hafa aðgang að þeirri félags- og heilbrigðisþjónustu sem hann þarf á að halda. Skjólstæðingar á öryggisgæslustað skulu njóta sambærilegrar heilbrigðisþjónustu og almennt gildir, sbr. lög um heilbrigðisþjónustu. Að höfðu samráði við miðstöðina sér það ráðuneyti sem fer með heilbrigðismál um heilbrigðisþjónustu við skjólstæðinga og ber ábyrgð á henni. Um félagsþjónustu fer samkvæmt lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga og lögum um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir.

Leggja skal mat á þörf skjólstæðings fyrir þjónustu við upphaf vistunar og síðan reglubundið eftir það. Þjónustan skal vera einstaklingsbundin og löguð að stöðu og þörfum skjólstæðings hverju sinni.

28. gr.

Un nauðung í þjónustu.

Öll beiting nauðungar í þjónustu við skjólstæðing er bönnuð nema veitt hafi verið undanþága frá banni eða um sé að ræða neyðartilvik og nauðsynlegt sé að grípa inn í atburðarás til þess að koma í veg fyrir yfirvofandi líkamstjón, stórfellt eignatjón eða ógn við almannahagsmuni. Bannið gildir þegar þjónusta er veitt samhliða öryggisráðstöfunum og nær til allra þeirra sem eru í samskiptum við skjólstæðing vegna veittrar þjónustu, hvort sem þjónusta er veitt á stofnunum, heimilum eða með öðrum hætti í daglegu lífi skjólstæðings.

Um veitingu undanþágu frá banni við nauðung í þjónustu fer skv. V. kafla laga um réttindavernd fatlaðs fólks. Þá skulu aðrar ráðstafanir gerðar skv. V. kafla til þess að draga úr nauðung, þar á meðal með aðkomu sérfræðiteymis. Vísun til fatlaðs einstaklings eða fatlaðs fólks í ákvæðum V. kafla sömu laga skal einnig ná til skjólstæðinga samkvæmt lögum þessum óháð því hvort metnar þjónustuþarfir viðkomandi eru tilkomnar vegna fötlunar eða af öðrum ástæðum.

29. gr.

Upplýsingar um þjónustu.

Veita skal skjólstæðingi sem sætir öryggisráðstöfunum upplýsingar um fyrirhugaða þjónustu sem veitt er samhliða öryggisráðstöfunum. Sérstaklega skal upplýsa skjólstæðing um meðferð sem ráðgerð er ásamt upplýsingum um framgang hennar, áhættu og gagnsemi. Auk þess skal veita skjólstæðingi upplýsingar um hugsanleg úrræði önnur en fyrirhugaða meðferð og/eða þjónustu og afleiðingar þess ef ekkert verður aðhafst.

Skrá skal upplýsingar sem skjólstæðingi eru gefnar samkvæmt þessari grein og á hvaða formi og máli þær voru gefnar. Upplýsingar samkvæmt þessari grein skulu veittar jafnóðum og tilefni gefst og á þann hátt og við þau skilyrði að skjólstæðingur geti skilið þær.

Skjólstæðingur skal eiga þess kost að velja tiltekna gagnreynda meðferð þegar fleiri en ein meðferð kemur til greina að mati þess starfsmanns sem stjórnar meðferðinni. Val skjólstæðings á meðferð skal skrá í einstaklingsbundna þjónustuáætlun hans og sjúkraskrá, þegar við á. Jafnframt skal skrá ef mælt er fyrir um meðferð í þeirri dómsúrlausn sem framfylgt er hverju sinni.

VI. KAFLI

Réttindi og skyldur.

30. gr.

Sjálfsákvörðunarréttur skjólstæðings.

Virða skal sjálfsákvörðunarrétt skjólstæðings eins og framast er unnt. Miðstöð um öryggisráðstafanir og þjónustuaðilum ber að stuðla að því að skjólstæðingur lifi eins sjálfstæðu lífi og unnt er miðað við þær öryggisráðstafanir sem hann sætir. Þá skal skjólstæðingur njóta eins mikilla lífsgæða og kostur er miðað við aðstæður. Leitast skal við eins og framast er unnt að kalla eftir afstöðu skjólstæðings til ákvarðana sem varða hann.

31. gr.

Vistarverur og persónulegir munir.

Skjólstæðingur skal hafa eigið herbergi eða íbúð á öryggisgæslustað þar sem hann dvelur. Skjólstæðingur skal hafa aðgang að herbergi sínu eða íbúð og almennt geta lokað að sér.

Skjólstæðingi er óheimilt að fara inn í vistarverur annarra skjólstæðinga nema með sérstöku leyfi yfirmanns öryggisgæslustaðar. Leyfa má samskipti kynja í daglegu starfi en aðskilja ber þau að næturlagi.

Skjólstæðingi er heimilt að hafa persónulega muni í herbergi sínu eða íbúð svo framarlega sem munirnir eru ekki hættulegir eða ólögmatir og eru í samræmi við dómsúrlausn um öryggisgæslu skjólstæðings og húsreglur öryggisgæslustaðar. Skjólstæðingi er óheimilt að hafa í vörslum sínum áfengi, ávana- og fíkniefni, lyf og vopn. Skjólstæðingi er þó heimilt í undantekningartilfellum að hafa lyf í vistarverum sínum ef það telst nauðsynlegt vegna heilsu hans samkvæmt læknisráði og með samþykki yfirmanns öryggisgæslustaðar.

Óheimilt er að takmarka aðgang skjólstæðings að persónulegum munum eða öðrum aðgengilegum munum í viðurlagaskyni eða til að þvinga skjólstæðing til ákveðinna athafna eða athafnaleysis.

32. gr.

Heimsóknir á öryggisgæslustað.

Skjólstæðingur sem sætir öryggisgæslu getur fengið heimsóknir frá fjölskyldu og vinum eigi sjaldnar en vikulega. Miðstöð um öryggisráðstafanir gefur út almenn viðmið um heimsóknir á öryggisgæslustað. Öryggisgæslustaðir setja nánari reglur um heimsóknir, þar á meðal um aðstæður, tímasetningar og skilyrði, í samræmi við almenn viðmið miðstöðvarinnar. Yfirmanni öryggisgæslustaðar ber að skipuleggja aðstæður þannig að börn geti komið í heimsóknir í barnvænu umhverfi og að þeim sé sýnd nærgætni. Þurfi heimsókn að fara fram utan öryggisgæslustaðar vegna hagsmuna barns skal það gert á grundvelli álits barnaverndaryfirvalda og ef öryggissjónarmið mæla ekki gegn því.

Heimsóknir barna skulu fara fram í fylgd forsjáraðila eða annars aðstandanda enda liggja fyrir skriflegt samþykki forsjáraðila fyrir því.

Rjúfa skal heimsókn þar sem börn eru ef talið er að hún samrýmist ekki hagsmunum þeirra.

33. gr.

Takmarkanir á heimsóknum.

Yfirmaður öryggisgæslustaðar getur ákveðið að heimsóknir frá tilteknum einstaklingum fari fram undir eftirliti starfsmanns í þar til gerðum vistarverum öryggisgæslustaðar, bannað líkamlega snertingu gests og skjólstæðings eða bannað tilteknum einstaklingum að heimsækja skjólstæðing ef nauðsynlegt þykir til að viðhalda ró og öryggi á öryggisgæslustað og til að koma í veg fyrir refsiverðan verknað, ef ástæða er til að ætla að tilgangur heimsóknarinnar sé annarlegur að öðru leyti eða ef heimsóknir teljast skaðlegar meðferð skjólstæðings eða tímabundnar aðstæður leyfa ekki heimsóknir. Slíka ákvörðun skal rökstyðja skriflega.

Öryggisgæslustaðir geta kannað bakgrunn og sakaferil heimsóknargests, eftir atvikum með aðstoð Miðstöðvar um öryggisráðstafanir, áður en heimsókn er samþykkt. Við könnunina er heimilt að afla upplýsinga um heimsóknargest úr málaskrá lögreglunnar fimm ár aftur í tímann og úr sakaskrá til yfirvalda. Leggja skal heildstætt mat á hvort óhætt sé að heimila heimsókn en aldrei má þó ganga lengra við könnun á bakgrunni og sakaferli en þörf er á hverju sinni.

Heimilt er að leita á þeim sem heimsækja skjólstæðing. Leit getur annars vegar verið leit í fatnaði og hins vegar líkamsleit, enda samþykki heimsóknargestur það. Samþykki hann það ekki skal heimsóknin fara fram með öðrum hætti, sbr. 1. mgr., eða synja honum um heimsókn.

Heimilt er að rjúfa heimsókn ef það þykir nauðsynlegt til að viðhalda ró og öryggi á öryggisgæslustað eða til að koma í veg fyrir refsiverðan verknað.

Heimilt er að skoða muni og annað sem skjólstæðingi eru færðir. Munir eða efni sem gestur hefur meðferðis og skjólstæðingi er óheimilt að hafa á öryggisgæslustað skulu vera í vörslu öryggisgæslustaðar meðan á heimsókn stendur.

Upplýsa skal þann sem heimsækir skjólstæðing um þær reglur sem gilda um heimsóknir.

Heimsókn lögmanns, tilsjónarmanns, réttindagæslu fyrir fatlað fólk, persónulegs talsmanns, lögráðamanns, ráðsmanns og fulltrúa hagsmunasamtaka til skjólstæðings skal ávallt vera án eftirlits nema viðkomandi eða skjólstæðingur óski annars.

Aðgerðir samkvæmt þessari grein teljast ekki til nauðungar í þjónustu,

34. gr.

Leyfi frá öryggisgæslustað.

Yfirmaður öryggisgæslustaðar getur, að höfðu samráði við miðstöðina, veitt skjólstæðingi leyfi frá öryggisgæslustað ef slíkt telst ekki hafa skaðleg áhrif á öryggisgæslu sem viðkomandi sætir og er forsvanlegt út frá öryggissjónarmiðum. Við mat á því skal m.a. líta til áhættumats,

brottaferils skjólstæðings og eðlis brota, sem og reynslu af fyrri leyfum ef við á. Markmið leyfis er að stuðla að bættri líðan og aukinni þátttöku skjólstæðings og undirbúningi fyrir lok vistunar í öryggisgæslu.

Lengd leyfis skal tiltekin og leyfið má skilyrða, svo sem því að skjólstæðingur verði í fylgd starfsfólks sé það talið æskilegt eða beri búnað svo unnt sé að fylgjast með ferðum hans. Einnig getur leyfisveiting verið bundin tilteknum stað eða stöðum. Jafnframt séu sett skilyrði um að skjólstæðingur megi ekki neyta áfengis eða vímuefna í leyfi og að hann taki þau lyf sem honum hafa verið ávísuð.

Fylgi skjólstæðingur ekki þeim reglum sem honum voru settar fyrir leyfi, sýni af sér ógnandi hegðun eða ef háttsemi hans gefur á annað borð tilefni til að ætla að hann sé hættulegur sjálfum sér eða öðrum er heimilt að binda enda á leyfið samstundis. Sé bundinn endi á leyfi ber að skrá ástæður þess og tilkynna Miðstöð um öryggisráðstafanir um atvikið. Skjólstæðingur og tilsjónarmaður skulu fá afrit af atvikaskráningunni og eiga kost á að gera athugasemdir við hana áður en hún er send miðstöðinni. Stjórnsýslukæra frestar því ekki að bundinn sé endi á leyfi.

35. gr.

Aðkoma aðstandenda.

Standi vilji skjólstæðings til þess er heimilt að veita tilteknum aðstandanda upplýsingar um þær öryggisráðstafanir sem skjólstæðingur sætir samkvæmt dómsúrlausn. Ganga skal úr skugga um hver vilji skjólstæðings sé, eftir atvikum með aðstoð réttindagæslu fyrir fatlað fólk, gagnvart því hverjum veita megi upplýsingar og um hvað. Hafi skjólstæðingur veitt heimild til að veita tilteknum aðstandanda upplýsingar um þær öryggisráðstafanir sem viðkomandi sæti samkvæmt dómsúrlausn skal það bókað í einstaklingsbundna þjónustuáætlun hans. Skjólstæðingur getur afturkallað heimildina.

36. gr.

Viðeigandi aðlögun í samskiptum við skjólstæðing.

Samskipti við skjólstæðing skulu vera á máli sem hann skilur eða með túlkun. Jafnframt skulu samskipti vera á auðskildu máli eftir því sem þörf krefur.

37. gr.

Samskipti og aðgangur að net- og samskiptamiðlum.

Skjólstæðingur á öryggisgæslustað á rétt á samskiptum við fólk utan öryggisgæslustaðar, þ.m.t. símtölum, bréfaskriftum, aðgangi að tölvupósti, neti og samfélagsmiðlum, eftir því sem aðstæður leyfa og samkvæmt reglum viðkomandi öryggisgæslustaðar og í samræmi við dómsorð. Þegar öryggisgæslustaður útvegar skjólstæðingi bréfsfni eða umslög má það ekki bera með sér stimpil eða önnur einkenni sem af má ráða að sendandi sé vistaður á öryggisgæslustað.

Heimilt er að takmarka eða banna samskipti og aðgang að samskiptamiðlum og tilteknum vefsíðum, lengd þeirra eða netaðgangstíma, ef nauðsynlegt reynist til að tryggja öryggi, koma í veg fyrir refsiverðan verknað eða til að verja hagsmuni annarra, þar á meðal brotaþola og þeirra sem vitnað hafa gegn skjólstæðingi. Í því skyni er yfirmanni öryggisgæslustaðar m.a. heimilt að ákveða að hlustað skuli á símtöl skjólstæðings eða þau tekin upp, að bréf til og frá skjólstæðingi séu opnuð og lesin í viðurvist hans, að tölvupóstur og samskipti á samfélagsmiðlum séu yfirfarin og skráð, að netnotkun sé vöktuð, að samskipti skjólstæðings við tiltekna einstaklinga séu takmörkuð eða stöðvuð eða sending bréfa, tölvupósta eða annarra rafrænna skilaboða til og frá skjólstæðingi stöðvuð. Heimilt er að setja það skilyrði að samskipti fari

fram á tungumáli sem starfsmaður skilur en ella þýði túlkur samtalið eða skjalapýðandi þýði bréf eða rafræn skilaboð. Slíkar takmarkanir skulu ávallt vera málefnalegar og í samræmi við meðalhófsreglu.

Ákvörðun um að takmarka eða skilyrða rétt skjólstæðings til samskipta skal tilkynnt skjólstæðingi fyrir fram og ástæður hennar tilgreindar og bókaðar. Eyða skal gögnum þegar þeirra er ekki lengur þörf. Gögn skulu ekki geymd lengur en í 90 daga nema sérstakar ástæður leiði til þess að nauðsynlegt sé að varðveita þau lengur. Takmarkanir skv. 2. mgr. teljast ekki til nauðungar í þjónustu.

Ekki er heimilt að hlusta á símtöl, skoða bréfaskipti, tölvupóst eða önnur rafræn samskipti skjólstæðings við lögmann, tilsjónarmann, trúnaðarmann, réttindagæslu fyrir fatlað fólk lögráðamann, persónulegan talsmann, prest eða annan sambærilegan fulltrúa trúfélags eða lífsskoðunarfélags sem skjólstæðingur tilheyrir, heilbrigðisstarfsmann sem sinnir heilbrigðisþjónustu, opinberar stofnanir eða umboðsmann Alþingis.

38. gr.

Aðgangur að fjölmiðlum.

Skjólstæðingur á öryggisgæslustað skal eiga kost á að fylgjast með gangi þjóðmála með því að hlusta á útvarp, horfa á sjónvarp og lesa dagblöð og aðra miðla á netinu nema slíkt fari gegn dómsorði eða sé talið raska ró eða öryggi á öryggisgæslustað. Slíkar takmarkanir teljast ekki til nauðungar í þjónustu.

Miðstöð um öryggisráðstafanir ákveður hvort heimila skuli fjölmiðlaviðtal við skjólstæðing. Slíkt skal ekki heimila ef það er talið andstætt almannahagsmunum eða hagsmunum brotþola.

39. gr.

Virkniúrræði.

Skjólstæðingi skulu, eins og aðstæður bjóða, standa til boða fjölbreytt virkniúrræði sem henta honum á meðan á vistun á öryggisgæslustað stendur. Miðstöðin getur ákveðið að skjólstæðingur sækir virkniúrræði utan öryggisgæslustaðar, að uppfylltum öryggiskröfum. Kveða skal á um virkni skjólstæðings í einstaklingsbundinni þjónustuáætlun hans, sbr. 26. gr. Til virkniúrræða teljast m.a. nám, vinna, hæfing og endurhæfing. Um ábyrgð á úrræðum fer samkvæmt viðeigandi lögum.

40. gr.

Útivera og tómstundir.

Skjólstæðingur á öryggisgæslustað á rétt á útiveru og að sinna tómstundum, líkamsrækt og íþróttum í frítíma eftir því sem aðstæður leyfa. Tími veittur til slíkrar ástundunar skal a.m.k. vera ein og hálf klukkustund á dag nema það sé ósamrýmanlegt öryggi á öryggisgæslustað.

Öryggisgæslustaður skal móta sér viðmið um útiveru og tómstundir.

Skjólstæðingur á rétt á aðgangi að bókum.

41. gr.

Réttindi erlendra skjólstæðinga.

Erlendur skjólstæðingur á rétt á að hafa samband við sendiráð lands síns eða ræðismann þess.

Sé skjólstæðingur ríkisfangslaus eða með dvalarleyfi sem flóttamaður skal öryggisgæslustaður aðstoða hann við að hafa samband við fulltrúa innlendra eða alþjóðlegra stofnana sem

gæta hagsmuna slíkra einstaklinga. Ekki skal hlusta á símtöl eða taka upp bréf til og frá þessum aðilum. Samskipti skjólstæðings við þessa aðila skulu vera honum að kostnaðarlausu.

Erlendur skjólstæðingur á rétt á túlki þegar honum er gerð grein fyrir réttindum sínum og skyldum í öryggisráðstöfun sé þess þörf. Hann á jafnframt rétt á að hafa samband við lögmann sinn, réttindagæslu fyrir fatlað fólk eða tilsjónarmann með aðstoð túlks þegar þurfa þykir.

42. gr.

Iðkun trúar eða siðar.

Skjólstæðingur skal eiga kost á að hafa samband við prest eða annan sambærilegan fulltrúa skráðs trúfélags eða lífsskoðunarfélags. Gera skal skjólstæðingi kleift að iðka trú sína eða sið og taka tillit til matarvenja og bænátíma eins og unnt er.

43. gr.

Skylda til að fylgja reglum öryggisgæslustaðar.

Skjólstæðingi er skylt að fylgja reglum öryggisgæslustaðar, sem og reglum sem miða að því að tryggja öryggi og velferð skjólstæðinga og almennings.

44. gr.

Öryggi skjólstæðinga.

Grípa skal til viðeigandi ráðstafana til varnar gegn ofbeldi og misnotkun á öryggisgæslustöðum og þar sem einstaklingar sæta vægari öryggisráðstöfunum.

45. gr.

Haldlagning og upptaka.

Yfirmaður öryggisgæslustaðar getur tekið ákvörðun um að leggja hald á og eftir atvikum gera upptæka muni eða efni sem óheimilt er að koma með, varðveita eða búa til á öryggisgæslustað. Sama gildir um muni sem reynt hefur verið að smygla til skjólstæðings. Ekki er þó heimilt að gera upptæka eign grandlauss þriðja manns.

Yfirmaður öryggisgæslustaðar getur einnig tekið ákvörðun um upptöku muna eða peninga sem finnast innan öryggisgæslustaðar ef ekki er vitað hver er eigandi þeirra.

VII. KAFLI

Leit, líkamsleit og líkamsrannsókn.

46. gr.

Leit í vistarverum.

Yfirmaður öryggisgæslustaðar tekur ákvörðun um leit í vistarverum skjólstæðings ef grunur leikur á að þar sé að finna muni eða efni sem:

- refsivert er að hafa í vörslum sínum,
- hafa orðið til við refsiverðan verknað,
- smyglað hefur verið inn á öryggisgæslustað,
- skjólstæðingi er óheimilt að hafa í vörslum sínum eða í vistarverum samkvæmt reglum öryggisgæslustaðar.

Skjólstæðingur skal að jafnaði vera viðstaddur leit í vistarverum. Heimilt er þó að víkja frá þessu skilyrði samkvæmt rökstuddri ákvörðun yfirmanns öryggisgæslustaðar. Gera skal skýrslu um leitina og þá muni eða efni sem kunna að hafa fundist og skjólstæðingi er óheimilt að hafa í vistarverum. Skýrslan skal send Miðstöð um öryggisráðstafanir og tilsjónarmanni.

Skjólstæðingi skal skýrt frá ástæðum fyrir leit í vistarverum áður en hún fer fram nema sérstakar ástæður mæli gegn því. Ákvörðun um leit í vistarverum skjólstæðings skal tekin með rökstuddri bókun.

47. gr.

Leit á skjólstæðingi.

Leita má á skjólstæðingi og í fötum hans við komu á öryggisgæslustað, eftir heimsóknir til hans, leyfi frá öryggisgæslustað og við almennt eftirlit, til þess að koma í veg fyrir að hann hafi í vörslum sínum muni eða efni sem getið er í 1. mgr. 46. gr.

Leit á skjólstæðingi innanklæða skal gerð af starfsmanni öryggisgæslustaðar af sama kyni. Þó getur yfirmaður öryggisgæslustaðar ákveðið annað ef brýnir hagsmunir skjólstæðings krefjast þess.

Gera skal skýrslu um leitina og þá muni eða efni sem kunna að hafa fundist og skjólstæðingi er óheimilt að hafa í förum sínum. Skýrslan skal send Miðstöð um öryggisráðstafanir og tilsjónarmanni.

48. gr.

Líkamsrannsókn.

Yfirmaður öryggisgæslustaðar tekur ákvörðun um líkamsrannsókn á skjólstæðingi ef grunur leikur á að hann hafi falið í líkama sínum muni eða efni sem getið er í 1. mgr. 46. gr. Einnig má taka öndunar-, blóð- eða þvagsýni eða annars konar lífsýni úr skjólstæðingi við komu á öryggisgæslustað og við almennt eftirlit ef grunur leikur á að hann hafi neytt áfengis eða ávana- og fíkniefna.

Ákvörðun um líkamsrannsókn á skjólstæðingi skal taka með rökstuddri bókun. Miðstöð um öryggisráðstafanir og tilsjónarmanni skal tilkynnt um líkamsrannsókn.

Þar til bær heilbrigðisstarfsmaður skal annast líkamsrannsókn og töku blóðsýnis.

Þegar líkamsrannsókn fer fram skal gerð skýrsla um tilefni hennar og framkvæmd. Skal hún send miðstöðinni og tilsjónarmanni.

49. gr.

Réttaráhrif stjórnsýslukæru.

Aðgerðir samkvæmt þessum kafla teljast ekki til nauðungar í þjónustu.

Stjórnsýslukæra frestar ekki aðgerðum samkvæmt þessum kafla.

VIII. KAFLI

Endurskoðun og lok öryggisráðstafana.

50. gr.

Endurskoðun öryggisgæslustaðar innan marka dómsúrlausnar.

Miðstöð um öryggisráðstafanir og Barna- og fjölskyldustofa í samvinnu við hlutaðeigandi barnaverndarþjónustu skulu gæta þess að skjólstæðingur sé vistaður á þeim stað þar sem þörfum hans er best mætt. Í því skyni er þeim heimilt að endurskoða vistunarstað á vegum sínum eða samningsaðila skv. 14. gr. hvenær sem er en þó eigi sjaldnar en á þriggja ára fresti.

Miðstöðin og Barna- og fjölskyldustofa í samvinnu við hlutaðeigandi barnaverndarþjónustu ákveða hvort breyta þurfi vistunarstað á vegum þeirra eða samningsaðila skv. 14. gr. þegar skjólstæðingur sjálfur, tilsjónarmaður hans eða öryggisgæslustaður þar sem skjólstæðingur er vistaður óskar eftir því.

51. gr.

Endurskoðun vægari öryggisráðstafana innan marka dómsúrlausnar.

Miðstöð um öryggisráðstafanir og Barna- og fjölskyldustofa í samvinnu við hlutaðeigandi barnaverndarþjónustu skulu gæta þess að vægari öryggisráðstafanir sem ákveðnar eru með dómsúrlausn séu ekki umfangsmeiri en þörf er á. Þeim er heimilt að endurskoða framkvæmd vægari öryggisráðstafana vegna skjólstæðings hvenær sem er en þó eigi sjaldnar en þriggja ára fresti.

Miðstöðin og Barna- og fjölskyldustofa í samvinnu við hlutaðeigandi barnaverndarþjónustu ákveða hvort breyta þurfi framkvæmd vægari öryggisráðstafana þegar skjólstæðingur eða tilsjónarmaður hans óskar eftir því. Breytingar skulu gerðar í samráði við skjólstæðing.

Telji miðstöðin eða Barna- og fjölskyldustofa að einstaklingur sem sætir vægari öryggisráðstöfunum hafi rofið skilyrði þau sem honum var gert að hlíta með dómi skal gera lögreglu og ákærvaldi viðvart.

52. gr.

Endurskoðun öryggisráðstafana fyrir dómi.

Miðstöð um öryggisráðstafanir, tilsjónarmaður skjólstæðings, öryggisgæslustaðir og Barna- og fjölskyldustofa í samvinnu við hlutaðeigandi barnaverndarþjónustu skulu gæta þess að öryggisráðstafanir vari ekki lengur eða séu umfangsmeiri en nauðsyn krefur.

Um endurskoðun öryggisráðstafana fer samkvæmt almennum hegningarlögum og skal miðstöðin aðstoða ríkissaksóknara og veita allar upplýsingar og gögn sem þörf er á til að reka málið.

53. gr.

Lok öryggisráðstafana.

Þegar lok öryggisráðstafana eru fyrirséð ber Miðstöð um öryggisráðstafanir eða Barna- og fjölskyldustofu í samvinnu við hlutaðeigandi barnaverndarþjónustu að tryggja að viðeigandi þjónustuaðilar séu upplýstir tímanlega svo að unnt sé að gera viðeigandi ráðstafanir. Þjónustuteymi skjólstæðings aðstoðar hann eftir atvikum við að sækja um þá þjónustu sem hann hefur þörf fyrir og óskar eftir.

Áður en öryggisráðstöfunum lýkur er miðstöðinni heimilt að hlutast til um að gerð sé áætlun um þjónustu og stuðning og eftir atvikum áframhaldandi meðferð skjólstæðings eftir að vistun lýkur í samvinnu við viðeigandi þjónustuaðila. Skjólstæðingur skal koma að gerð áætlunarinnar.

Gæta skal að viðeigandi aðlögun málsmeðferðar þegar leitað er álits skjólstæðings á málum sem varða hann.

54. gr.

Eftirfylgni.

Miðstöð um öryggisráðstafanir styður faglega þá sem veita skjólstæðingi þjónustu í allt að sex mánuði eftir lok öryggisráðstafana.

IX. KAFLI
Ýmis ákvæði.

55. gr.

Réttur til bóta.

Skjólstæðingur á rétt til bóta úr ríkissjóði hafi lögmæt skilyrði brotið fyrir því að hann sæti öryggisráðstöfun, hún staðið lengur en efni stóðu til eða að henni staðið á óþarflega hættulegan, særandi eða móðgandi hátt.

Bæta skal fjártjón og miska ef því er að skipta.

Að öðru leyti gilda almennar reglur skaðabótaréttar.

56. gr.

Kostnaður vegna öryggisráðstafana.

Kostnaður vegna öryggisráðstafana greiðist úr ríkissjóði.

Framlag úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga sem veitt er á grundvelli samræmds mats á þjónustupörf, sé um slíkt að ræða, verður greitt til Miðstöðvar um öryggisráðstafanir en ekki lögheimilissveitarfélags á meðan einstaklingur er í öryggisgæslu á vegum miðstöðvarinnar.

57. gr.

Vinnsla persónuupplýsinga.

Miðstöð um öryggisráðstafanir er heimil söfnun og vinnsla persónuupplýsinga, þar á meðal viðkvæmar upplýsingar, að því marki sem það er nauðsynlegt til að sinna lögbundnum verkefnum. Heimildin tekur til söfnunar og vinnslu viðkvæmra persónuupplýsinga, svo sem upplýsinga um heilsufar, og upplýsinga sem talist geta viðkvæms eðlis, svo sem upplýsinga um fjölskylduhagi, félagslega stöðu, þar á meðal félagslegan vanda og upplýsinga um refsiverða háttsemi og ætlaða refsiverða háttsemi, að því marki sem það er nauðsynlegt til að stofnunin geti sinnt hlutverki sínu lögum samkvæmt. Með sömu skilyrðum er þeim sem fara með verkefni samkvæmt lögum þessum heimil söfnun og vinnsla persónuupplýsinga í þágu markmiða laganna. Þá er miðlun persónuupplýsinga, þ.m.t. viðkvæmra persónuupplýsinga milli miðstöðvarinnar og þeirra sem fara með verkefni samkvæmt lögum þessum heimil ef hún er nauðsynleg í þágu lögbundinna verkefna miðstöðvarinnar eða annarra aðila sem fara með verkefni samkvæmt lögum þessum.

Miðstöðin getur krafð þá sem lúta eftirliti stofnunarinnar um hverjar þær upplýsingar sem stofnunin telur nauðsynlegar við framkvæmd öryggisráðstafana. Heimildin tekur til söfnunar og vinnslu upplýsinga, skv. 1. mgr., þ.m.t. viðkvæmra persónuupplýsinga, að því marki sem það er nauðsynlegt til að stofnunin geti sinnt hlutverki sínu samkvæmt lögum.

Miðstöðinni ber að upplýsa hlutaðeigandi skjólstæðinga um fyrirhugaða vinnslu persónuupplýsinga í samræmi við 13. gr. laga um vinnslu persónuupplýsinga í löggæslutilgangi, nr. 75/2019.

Um vinnslu persónuupplýsinga fer að öðru leyti eftir lögum um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga, nr. 90/2018, og lögum um vinnslu persónuupplýsinga í löggæslutilgangi, nr. 75/2019.

58. gr.

Miðlun upplýsinga til brotþola.

Miðstöð um öryggisráðstafanir er heimilt, ef brotþoli óskar eftir því og brýnir hagsmunir hans krefjast þess, að upplýsa hann um tilhögun öryggisráðstafana skjólstæðings sem brotið hefur gegn honum.

Sé heimild nýtt samkvæmt þessari grein skulu gögn um hana færð í málaskrá miðstöðvarinnar.

59. gr.

Samstarf miðstöðvarinnar og samstarfsaðila.

Til að tryggja réttmæta og skilvirka framkvæmd öryggisráðstafana skal vera virkt samstarf á milli Miðstöðvar um öryggisráðstafanir og viðeigandi samstarfsaðila, svo sem félagsþjónustu, heilbrigðisþjónustu, fullnustukerfis og löggæsluyfirvalda. Slíkt samstarf felst m.a. í þátttöku fyrrgreindra aðila í þverfaglegu matsteymi skv. 21. gr., við gerð einstaklingsbundinnar þjónustuáætlunar skv. 26. gr. og samráði við lok öryggisráðstafana skv. 53. gr.

Til að miðstöðinni sé unnt að sinna lögbundnum verkefnum sínum skulu miðstöðin og viðeigandi samstarfsaðilar, þegar það á við, miðla nauðsynlegum upplýsingum, þ.m.t. viðkvæmum persónuupplýsingum, um þann skjólstæðing sem á í hlut hverju sinni. Miðstöðinni ber að upplýsa hlutaðeigandi skjólstæðinga um fyrirhugaða vinnslu persónuupplýsinga í samræmi við 2. mgr. 17. gr. laga um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga, nr. 90/2018.

60. gr.

Reglugerðarheimildir.

Ráðherra skal setja reglugerðir um nánari framkvæmd laga þessara, þar á meðal um:

- a. eftirlit með öryggisgæslustöðum, sbr. 6. gr.,
- b. kröfur um menntun og hæfni starfsfólks, sbr. 8. gr.,
- c. heimild til inngrípa, sbr. 10. gr.,
- d. kröfur til menntunar, þjálfunar, símenntunar og raunfærnimats starfsfólks, sbr. 11. gr.,
- e. ákvörðun þóknunar og kostnaðar tilsjónarmanna, sbr. 15. gr.,
- f. skipan þverfaglegs teymis og málsmeðferð þess, sbr. 21. gr.

Ráðherra er heimilt að setja reglugerðir um nánari framkvæmd laga þessara, þar á meðal um:

- a. hvað skuli koma fram í skrá miðstöðvarinnar, sbr. 6. gr.,
- b. bakgrunnsskoðanir starfsfólks, sbr. 9. gr.,
- c. vistarverur skjólstæðinga og kröfur til þeirra, sbr. 31. gr.,
- d. vinnslu persónuupplýsinga, sbr. 57. gr.

Miðstöð um öryggisráðstafanir skal setja nánari reglur um framkvæmd laga þessara, þar á meðal um:

- a. öryggisgæslustaði, þ.m.t. um öryggi þeirra; óheimilt er að birta slíkar reglur opinberlega,
- b. meðferð tilkynninga starfsfólks sem sinnir öryggisráðstöfunum, sbr. 12. gr.,
- c. meðferð kvartana og athugasemda skjólstæðinga, sbr. 20. gr.,
- d. tilhögun vistunar í öruggu herbergi, sbr. 23. gr.,
- e. framkvæmd vægari öryggisráðstafana, sbr. 25. gr.,
- f. fjölmiðlaviðtöl við skjólstæðinga, sbr. 38. gr.

Miðstöð um öryggisráðstafanir er heimilt að setja nánari reglur um framkvæmd laga þessara, þar á meðal um:

- a. frekari skilyrði þess að fá leyfi til að fara af öryggisgæslustað, sbr. 34. gr.,
- b. fyrirkomulag og notkun raftækja, síma og nettengdra tölva, sbr. 37. gr.

X. KAFLI
Stjórnsýslueftirlit.

61. gr.

Kæruheimild og yfirstjórnarheimildir ráðherra.

Eftirtaldar ákvarðanir Miðstöðvar um öryggisráðstafanir sæta kæru til úrskurðarnefndar velferðarmála:

1. Ákvörðun um að binda endi á leyfi frá öryggisgæslustað sem tekin er á grundvelli 3. mgr. 34. gr.
2. Ákvörðun um leit, líkamsleit og líkamsrannsókn, sem tekin er á grundvelli ákvæða í VII. kafla.

Ákvarðanir sem teknar eru á grundvelli þessara laga, aðrar en þær sem taldar eru upp í 1. mgr., sæta ekki kæru til æðra stjórnvalds.

62. gr.

Ytra eftirlit með réttindum skjólstæðinga.

Umboðsmaður Alþingis sinnir eftirliti með einstaklingum sem eru vistaðir á öryggisgæslustöðum, samkvæmt samningi Sameinuðu þjóðanna gegn pyndingum og annarri grimmilegri, ómannlegri eða vanvirðandi meðferð eða refsingu (OPCAT).

Réttindagæsla fyrir fatlað fólk fylgist með högum fatlaðs fólks sem sætir öryggisráðstöfunum og veitir því stuðning við réttindagæslu hvers konar.

Persónulegir talsmenn veita stuðning við að gæta réttar þess skjólstæðings sem sætir öryggisráðstöfunum sem valið hefur að veita umboð til hlutaðeigandi talsmanns. Aðstoð er veitt þegar ákvarðanir eru teknar um þá þjónustu sem skjólstæðingur nýtur eða á tilkall til. Hafi skjólstæðingur persónulegan talsmann er þjónustuaðila skylt að kalla hann til þegar til stendur að gera verulegar breytingar á þjónustu við skjólstæðing. Þá veitir persónulegur talsmaður skjólstæðingi stuðning varðandi persónuleg málefni og styður hann við undirbúning upplýstrar ákvörðunar, svo sem um heilbrigðismeðferð og val á búsetu, atvinnu, tómstundum, o.fl.

63. gr.

Ytra eftirlit með gæðum þjónustu.

Gæða- og eftirlitsstofnun velferðarmála hefur ytra eftirlit með gæðum félagsþjónustu sem veitt er þeim sem sæta öryggisráðstöfunum. Stofnunin hefur jafnframt eftirlit með gæðum þjónustu sem veitt er á grundvelli barnaverndarlaga og laga um Barna- og fjölskyldustofu.

Embætti landlæknis hefur ytra eftirlit með gæðum heilbrigðisþjónustu, þar með talið á heilbrigðisstofnunum sem teljast vera öryggisgæslustaðir og með þeirri heilbrigðisþjónustu sem veitt er á öðrum öryggisgæslustöðum eða er hluti af vægari öryggisráðstöfunum.

XI. KAFLI
Gildistaka o.fl.

64. gr.

Gildistaka.

Lög þessi taka gildi 1. september 2026. Þó öðlast ákvæði til bráðabirgða I þegar gildi.

65. gr.

Lagaskil.

Gildandi samningar um öryggisráðstafanir færast yfir til Miðstöðvar um öryggisráðstafanir við gildistöku laga þessara og fer um framkvæmd þeirra eftir það tímamark skv. 14. gr.

Gæða- og eftirlitsstofnun velferðarmála getur beitt eftirlitsheimildum skv. III. kafla laga um Gæða- og eftirlitsstofnun velferðarmála, nr. 88/2021, vegna þjónustu sem skjólstæðingar hafa fengið fram til 1. september 2026, enda þótt eftirlitsmál hefjist eftir gildistöku laga þessara.

66. gr.

Breytingar á öðrum lögum.

Við gildistöku laga þessara verða eftirfarandi breytingar á öðrum lögum:

1. *Lög um Gæða- og eftirlitsstofnun velferðarmála, nr. 88/2021:* Í stað orðanna „og laga um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna“ í 2. mgr. 1. gr. laganna kemur: laga um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna og laga um öryggisráðstafanir samkvæmt dómsúrlausn.
2. *Lög um vinnslu persónuupplýsinga í löggæslutilgangi, nr. 75/2019:* Í stað orðanna „og sýslumaðurinn á Norðurlandi vestra“ í 2. málsl. 11. tölul. 1. mgr. 2. gr. laganna kemur: sýslumaðurinn á Norðurlandi vestra og Miðstöð um öryggisráðstafanir.
3. *Lög um greiðslu ríkissjóðs á bótum til þolenda afbrota, nr. 69/1995:*
Eftirfarandi breytingar verða á 1. mgr. 4. gr. laganna:
 - a. Orðið „eða“ í 3. tölul. fellur brott.
 - b. Við bætist nýr töluliður, svohljóðandi: sætir öryggisgæslu samkvæmt lögum um framkvæmd öryggisráðstafana samkvæmt dómsúrlausn.

Ákvæði til bráðabirgða.**I.**

Við gildistöku ákvæðis þessa skal ráðherra hefja undirbúning að stofnun Miðstöðvar um öryggisráðstafanir, svo sem með því að skipa forstjóra og undirbúa gildistöku laganna. Forstjóri skal hafa heimild til að ganga frá ráðningu starfsfólks og gera nauðsynlegar ráðstafanir til þess að gildandi samningar um öryggisráðstafanir færast yfir til miðstöðvarinnar við gildistöku laganna. Jafnframt skal unnið að því að tryggja miðstöðinni húsnæði vegna starfsemi sinnar.

II.

Lög þessi skulu endurskoðuð innan þriggja ára frá gildistöku, í ljósi fenginnar reynslu og með tilliti til álitaefna sem upp kunna að koma við framfylgd þeirra. Ráðherra skal skila Alþingi skýrslu um endurskoðunina og eftir atvikum leggja fram lagafrumvarp.

*Greinargerð.***1. Inngangur.***1.1. Almenn.*

Hér á landi hafa ekki verið sett heildstæð lög um framkvæmd öryggisráðstafana samkvæmt dómsúrlausn. Slíkar ráðstafanir eru ákvarðaðar með dómsúrlausn í málum sem varða eftirfarandi hópa einstaklinga:

1. Einstaklinga sem hafa verið dæmdir eða úrskurðaðir til að sæta öryggisráðstöfunum á grundvelli 62. gr. almennra hegningarlaga, nr. 19/1940, annaðhvort vegna ósakhæfis eða þess að refsing þyki árangurslaus.
2. Einstaklinga sem skulu sæta öryggisráðstöfunum skv. 67. gr. almennra hegningarlaga, nr. 19/1940.

Skort hefur lagaumgjörð sem veitir stjórnvöldum skýra heimild til að framfylgja dómsúrlausnum um slíkar ráðstafanir. Þannig hefur ekki verið kveðið nánar á í lögum um framkvæmd þessara ráðstafana. Því er með lagafrumvarpi þessu lagt til að sett verði heildarlöggjöf um framkvæmd, þjónustu og úrræði fyrir einstaklinga sem eru dæmdir eða úrskurðaðir til að sæta öryggisráðstöfunum. Með nýrri löggjöf verði kveðið á um að sett skuli á fót stofnun, Miðstöð um öryggisráðstafanir, sem fari með framkvæmd öryggisráðstafana, auk annarra verkefna í samræmi við ákvæði frumvarpsins.

Því til viðbótar verður nýrri stofnun heimilt að veita sveitarfélögum og þjónustuaðilum sem veitt hefur verið heimild til víðtækrar frelsisskerðingar einstaklings í sértækri búsetu fyrir fatlað fólk, á grundvelli 2. mgr. 23. gr. frumvarps til nýrra laga um réttindavernd fatlaðs fólks, þjónustu, stuðning og ráðgjöf með samningi þar um.

Markmið frumvarpsins er að bæta lagaumhverfi og framkvæmd öryggisráðstafana með því að setja skýrar lagaheimildir og koma á fót úrræðum fyrir einstaklinga sem sæta slíkum ráðstöfunum samkvæmt dómsúrlausn. Frumvarpinu er ætlað að ráða bót á þeim annmörkum sem fram hafa komið í framkvæmd, auka réttaröryggi og skýra ábyrgð og verkferla í meðferð mála. Lögð er áhersla á að tryggja að einstaklingar fái viðeigandi þjónustu og meðferð í samræmi við þarfir sínar og að skerðing á réttindum verði ekki meiri en nauðsyn krefur. Frumvarpinu er þannig ætlað að tryggja vernd réttinda einstaklinga sem sæta öryggisráðstöfunum, á sama tíma og öryggi samfélagsins og almannahagsmunir eru tryggðir.

1.2. Forsaga og undirbúningur.

Árið 2015 skipaði þáverandi félags- og húsnæðismálaráðherra starfshóp um sérstaka öryggisvistun fyrir tilgreinda hópa einstaklinga. Markmið hópsins var að tryggja að þjónusta og skipulag samstarfs ríkis og sveitarfélaga í þágu einstaklinga sem þyrftu á öryggisvistun að halda yrði í samræmi við lög, alþjóðlegar mannréttindaskuldbindingar og alþjóðlega viðurkennd gæðaviðmið.

Frá því að niðurstöðum starfshópsins var skilað árið 2016 hefur félags- og húsnæðismálaráðuneytið átt í samráði við sveitarfélög og aðra þjónustuaðila um framkvæmd öryggisráðstafana og hefur reynslan sýnt enn frekar nauðsyn þess að ráðist verði í setningu laga um öryggisráðstafanir líkt og nú er ráðgert.

Í því skyni að bæta úr stöðunni átti félags- og húsnæðismálaráðuneytið frumkvæði að því, í lok árs 2019, að stofnað yrði til óformlegs samráðs við heilbrigðisráðuneyti, dómsmálaráðuneyti og Samband íslenskra sveitarfélaga til að fjalla um þjónustu við einstaklinga sem gert er að sæta öryggisráðstöfunum.

Til að styðja við þessa vinnu var sett á fót teymi með fulltrúum heilbrigðis-, félags- og húsnæðismála- og dómsmálaráðuneyta til að fjalla um endurskoðun á lagaumhverfi og nauðsynlegar lagaheimildir fyrir beitingu öryggisráðstafana, þ.m.t. vistun einstaklinga í öryggisgæslu. Hópurinn samdi drög að lagafrumvarpi og var frumvarp til laga um framkvæmd öryggisráðstafana og öryggisvistunar kynnt í samráðsgátt stjórnvalda í júní árið 2022 (mál nr. S-100/2022). Frumvarpið fól m.a. í sér breytingar á VII. kafla hegningarlaga, en breytingarnar voru unnar í samstarfi við dómsmálaráðuneytið með hliðsjón af frumvarpi til laga til breytinga á VII. kafla hegningarlaga frá 2013. Frumvarpið var þó ekki lagt fram á Alþingi á þeim tíma.

Frá árslokum 2024 hefur starfshópur sjö ráðuneyta unnið að samhæfingu úrbóta á úrræðum og þjónustu fyrir einstaklinga sem nauðsynlegt þykir að sæti sérstökum öryggisráðstöfunum. Í hópnum eiga sæti fulltrúar frá forsætisráðuneyti, félags- og húsnæðismálaráðuneyti, heilbrigðisráðuneyti, dómsmálaráðuneyti, innviðaráðuneyti, fjármála- og efnahagsráðuneyti og mennta- og barnamálaráðuneyti.

Starfshópurinn kortlagði helstu úrbætur sem hópurinn taldi brýnt að ráðast í. Í tillögum hópsins, sem kynntar voru í apríl árið 2025, kom fram að hópurinn teldi nauðsynlegt að frumvarp þáverandi félags- og vinnumarkaðsráðherra um öryggisráðstafanir og öryggisvistun, sem kynnt var í samráðsgátt stjórnvalda árið 2022, yrði tekið upp að nýju.

Á grundvelli þessa er frumvarp þetta lagt fram. Því er ætlað að:

- tryggja mannréttindi og réttaröryggi fyrir þá einstaklinga sem gert er að sæta öryggisráðstöfunum samkvæmt dómsúrlausn,
- skýra verkferla og ábyrgð stjórnvalda og
- tryggja samræmda framkvæmd og þjónustu við einstaklinga sem sæta öryggisráðstöfunum samkvæmt dómsúrlausn.

Gert er ráð fyrir að fjárhagsáhrif frumvarpsins varði bæði rekstur nýrrar stofnunar og byggingu sértæks húsnæðis fyrir einstaklinga sem þarfnast öryggisgæslu samkvæmt dómsúrlausn, auk fjármögnunar samninga við sveitarfélög og einkaaðila um framkvæmd öryggisráðstafana.

Frumvarpið var samið í félags- og húsnæðismálaráðuneyti í samvinnu og samráði við ýmsa aðila. Fyrirgreindur starfshópur sjö ráðuneyta kom m.a. að þeirri vinnu, auk þess sem haft var samráð við hagsmunaaðila og sveitarfélög um frumvarpsdrögin á vinnustofum og samráðsfundum. Við frumvarpsskrifin árið 2022 naut ráðuneytið aðstoðar dr. Hafsteins Dan Kristjánssonar, sem þá var lektor við lagadeild Háskóla Íslands.

Lagafrumvarp þetta varðar mörg svið. Það hefur snertifleti við réttarvörslukerfið hvað viðkemur einstaklingum sem ákærðir eru fyrir refsiverðan verknað. Einnig við heilbrigðiskerfið og málefni fatlaðs fólks þar sem um er að ræða einstaklinga sem eru ósakhæfir eða refsing er ekki talin bera árangur og er því oft um einstaklinga að ræða sem þurfa á sérhæfðri þjónustu að halda vegna geðræns vanda og, í sumum tilvikum, vegna fötlunar.

Við gerð frumvarpsins var hliðsjón höfð af ýmsum gildandi lagabálkum. Má þar m.a. nefna lög um fullnustu refsinga, nr. 15/2016, lög um félagsþjónustu sveitarfélaga, nr. 40/1991, lög um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir, nr. 38/2018, lög um réttindagæslu fyrir fatlað fólk, nr. 88/2011, barnaverndarlög, nr. 80/2002, lög um heilbrigðisþjónustu, nr. 40/2007, og lög um réttindi sjúklinga, nr. 74/1997.

Samhliða framlagningu frumvarpsins mun dómsmálaráðherra leggja fram frumvarp til laga um breytingu á VII. kafla almennra hegningarlaga, nr. 19/1940, um öryggisráðstafanir. Frumvarpinu er ætlað að uppfæra og skýra ákvæði um öryggisráðstafanir og færa þau til nútímalegra horfs, skýra á hverju ákvarðanir dómstóla byggjast og auka samræmi í dómaframkvæmd. Einnig mun félags- og húsnæðismálaráðherra leggja fram frumvarp til laga um réttindavernd fatlaðs fólks. Með því frumvarpi verður lagt til að lög um réttindagæslu fyrir fatlað fólk, nr. 88/2011, verði leyst af hólmi með nýjum lögum um réttindavernd fatlaðs fólks. Frumvörpin þrjú hafa verið unnin samhliða og þarf þingleg meðferð þeirra að haldast í hendur.

2. Tilfni og nauðsyn lagasetningar.

2.1. Tílfni lagasetningar.

Tílfni lagasetningar er skortur á heildstæðum lögum um framkvæmd öryggisráðstafana samkvæmt dómsúrlausn. Ekki hefur verið kveðið nánar á í lögum um framfylgd slíkra ráðstafana. Því er með lagafrumvarpi þessu sett fram heildarlöggjöf um þjónustu og úrræði fyrir

einstaklinga sem skulu sæta öryggisráðstöfunum á grundvelli dómsúrlausnar. Með nýrri löggjöf er jafnframt komið á fót stofnun sem skal fara með framkvæmd öryggisráðstafana, auk annarra verkefna í samræmi við ákvæði frumvarpsins.

Skort hefur á samræmi í dómsúrlausnum í málum þar sem kveðið er á um ráðstafanir skv. VII. kafla almennra hegningarlaga. Hljóðar dómsorð stundum á þá leið að ákærði skuli sæta öryggisgæslu á viðeigandi stofnun skv. 62. gr. almennra hegningarlaga, stundum er kveðið á um tiltekna meðferð sem ákærði skuli sæta og stundum segir að ákærði skuli fá þjónustu í tilteknu búsetuúrræði. Af hálfu stjórnvalda hefur því ekki alltaf verið ljóst hvernig bregðast eigi við dómsúrlausn. Til að mynda hefur ekki alltaf verið skýrt í dómsorði á hvaða viðeigandi stað eða stofnun ákærði skuli sæta öryggisgæslu. Enn fremur hefur ekki verið skýrt í hverju öryggisgæsla felist eða aðrar þær öryggisráðstafanir sem dómsorð kveður á um. Hefur þetta leitt til mikillar réttaróvissu fyrir þá einstaklinga sem dæmdir hafa verið til að sæta slíkum ráðstöfunum. Með frumvarpi þessu og með breytingum á almennum hegningarlögum er ætlunin að tryggja að í dómsorði sé kveðið eins skýrt og unnt er á um á hvaða öryggisgæslustað einstaklingur skuli vistast og hvaða vægari öryggisráðstöfunum hann skuli sæta hverju sinni. Einnig hefur ekki alltaf verið ljóst hver ber ábyrgð á að ráðstöfunum samkvæmt dómsorði sé framfylgt eða í hvaða farveg skuli setja mál. Afleiðingarnar hafa m.a. verið þær að einstaklingar hafa fallið milli skips og bryggju og ráðstöfunum ekki verið framfylgt. Enn fremur hafa einstaklingar verið í öryggisgæslu á stað sem ekki hentar þeim og hafa þar af leiðandi ekki fengið þá félags- eða heilbrigðisþjónustu sem þeir þurfa á að halda. Því er ljóst að ekki hefur verið unnt að tryggja að þeir sem sæta öryggisráðstöfunum njóti lögbundinna réttinda.

Félags- og húsnæðismálaráðuneytið hefur gert samninga við sveitarfélög og einkaaðila um framkvæmd öryggisráðstafana, einkum um öryggisgæslu eða rýmkun á öryggisgæslu, vegna einstaklinga sem dæmdir eða úrskurðaðir hafa verið til að sæta öryggisráðstöfunum skv. 62. gr. almennra hegningarlaga. Samningarnir varða öryggisráðstafanir sem kveðið er á um í dómsorði, þegar niðurstaða dóms er að refsing sé árangurslaus en nauðsynlegt þykir að gera ráðstafanir til að varna því að hætta verði af viðkomandi einstaklingi. Lagaumgjörð hefur skort um framkvæmd slíkra dómsúrlausna, eins og umboðsmaður Alþingis hefur bent á í skýrslum tengdum OPCAT-eftirliti embættisins með öryggisúrræðum. Í því samhengi hefur ekki ríkt eining um það hjá ríki og sveitarfélögum hver skuli fara með framkvæmd slíkra dómsúrlausna, þ.e. hvort hún skuli vera í höndum sveitarfélaga þegar dómsúrlausn kveður á um slíkt, eða hjá ríkinu sem fer með fullnustu hegningarlaga. Nauðsynlegt er að setja á heildstæða löggjöf til að skýra verkferla og ábyrgð, samræma þjónustu og tryggja mannréttindi og réttaröryggi.

Þessu til viðbótar hafa sveitarfélög kallað eftir aðkomu ríkisins að þjónustu við einstaklinga þegar heimilt er að skerða ferðafrelsi þeirra samkvæmt dómsúrskurði á grundvelli 2. mgr. 23. gr. frumvarps til laga um réttindavernd fatlaðs fólks, verði það að lögum. Þær öryggisráðstafanir geta verið um margt sambærilegar við ráðstafanir sem einstaklingum er gert að sæta á grundvelli hegningarlaga og því þykir rétt að veita miðstöðinni heimild til að gera um þær samninga. Einnig er sveitarfélögum eða öðrum þjónustuaðilum gert kleift að óska eftir því við miðstöðina að skjólstæðingur sem hlotið hefur úrskurð um skerðingu á ferðafrelsi á grundvelli fyrrnefnds frumvarps til laga um réttindavernd fatlaðs fólks sé tímabundið vistaður á öryggisgæslustað á vegum hennar.

2.2. Mannréttindi og alþjóðlegar skuldbindingar.

Á síðustu áratugum hefur Ísland gerst aðili að og fullgilt ýmsa alþjóðlega mannréttindasamninga. Samhliða því hefur almenn þekking um og áhersla á mannréttindi aukist, þ.m.t. með lögfestingu mannréttindasáttmála Evrópu árið 1994 með lögum nr. 62/1994 og breytingu

á mannréttindakafla stjórnarskrárinnar árið 1995, sbr. stjórnarskipunarlög (mannréttindaákvæði), nr. 97/1995. Ísland fullgilti samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks árið 2016 og var hann lögfestur 12. nóvember 2025. Markmið samningsins, eins og fram kemur í 1. gr. hans, er að fatlað fólk njóti allra mannréttinda og mannfrelsis til fulls og jafns við aðra, jafnframt því að vernda og tryggja slík réttindi og frelsi og auka virðingu fyrir eðlislægri mannlegri reisn þess. Þá ber að nefna Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna sem var fullgiltur hér á landi árið 1992 og lögfestur árið 2013. Sáttmálinn felur í sér alþjóðlega viðurkenningu á því að börn þarfnist sérstakrar verndar umfram hina fullorðnu.

Eftirlitsnefndir með samningi Sameinuðu þjóðanna gegn pyndingum og annarri grimmi- legri, ómannlegri eða vanvirðandi meðferð eða refsingu og Evrópusamningi Evrópuráðsins um varnir gegn pyndingum og ómannlegri eða vanvirðandi meðferð eða refsingu, þ.e. OPCAT-eftirlit sem umboðsmaður Alþingis sinnir og CPT-nefnd Evrópuráðsins, hafa bent á að bæta þurfi úr annmörkum laga hvað öryggisráðstafanir varðar. Var það m.a. gert í skýrslu CPT-nefndar eftir fimmtu heimsókn nefndarinnar til Íslands, frá 28. janúar 2020.

Umboðsmaður Alþingis hefur ítrekað bent á nauðsyn lagasetningar á þessu sviði, m.a. í skýrslum sínum í kjölfar heimsókna vegna OPCAT-eftirlits á geðdeildir Landspítala árið 2018 og í öryggisúrræði á Akureyri árið 2022. Þar hefur verið áréttað að kveða þurfi með skýrum hætti í lögum á um réttarstöðu einstaklinga sem eru dæmdir til að vistast á viðeigandi hæli skv. 62. gr. almennra hegningarlaga. Sérstaklega þurfi að taka beina afstöðu til þess ef skerða eigi réttindi er varða persónufrelsi einstaklinga og friðhelgi einkalífs, í ljósi þeirra hertu krafna sem komið hafa til í stjórnarskrá og með fullgildingu og lögfestingu mannréttindaskuldbind- inga hér á landi á síðari árum. Umboðsmaður bendir á eftirfarandi atriði sem kveða þurfi á um með skýrum hætti í lögum:

- Hvar sé heimilt að vista einstaklinga samkvæmt dómi, þ.e. hvaða úrræði eru tæk í því sambandi, en einnig hvaða sjónarmið skuli ráða för við val á vistunarstað.
- Þá þarf að vera skýrt hver hefur heimild til að taka slíkar ákvarðanir ef þær eru faldar stjórnvöldum.
- Hvert eigi að vera inntak og heimildir til meðferðar og eftir atvikum skerðinga á persónu- legum réttindum þeirra einstaklinga sem vistaðir eru á þessum grundvelli og eru varðir af ákvæðum stjórnarskrár og mannréttindasáttmálum.
- Hvernig halda skuli utan um og skrá miðlægt upplýsingar í tengslum við vistun einstak- linga á þeim grundvelli, framvindu hennar og hver beri ábyrgð á slíkri skráningu.
- Að eftirlit sé haft með að vistun sé í samræmi við niðurstöðu dóms og lög hverju sinni og hver skuli hafa slíkt eftirlit með höndum.
- Að ákvörðun um ótímabundna vistun einstaklings skuli endurmetin reglulega af dómara til að tryggja að vistun þeirra standi ekki lengur en nauðsyn ber til.
- Hugað verði að því hvort þeir sem vistaðir eru með dómi skv. 62. gr. almennra hegningarlaga geti að einhverju leyti fengið úrlausn um endurmat á vistunartíma og inntaki hennar hjá stjórnvöldum, og þá hver eigi að vera aðkoma dómara að slíkri úrlausn.
- Að frelsissviptir einstaklingar geti sjálfir með reglubundnum hætti óskað eftir endurmati á vistun fyrir dómstólum og eftir atvikum stjórnvöldum, og þá óháð því hvort þeir aðilar sem bera ábyrgð á vistun, t.d. heilbrigðisstofnun og/eða tilsjónarmaður, telji tilefni til að óska eftir slíku endurmati.
- Hvaða hlutverki tilsjónarmenn gegna gagnvart einstaklingum sem vistast á stofnun samkvæmt dómi og hver hafi eftirlit með því að þeir séu skipaðir og sinni starfi sínu.
- Að kostnaður við að fá endurmat á vistunartíma og inntaki vistunar takmarki ekki mögu- leika þess dæmda að fá úrlausn um slíkt endurmat, þ.m.t. af hálfu dómara.

Í ljósi þess sem að framan greinir er ljóst að brýnt er að setja heildstæða löggjöf um framkvæmd öryggisráðstafana samkvæmt dómsúrlausn á Íslandi þar sem tekið er á ábyrgð og valdmörkum, framkvæmd, réttindum og skyldum o.fl. til að skýra lagaumhverfi og framkvæmd í málaflokknum og bæta réttarstöðu þeirra sem í hlut eiga.

2.3. Markmið lagasetningar.

Markmið með fyrirhugaðri lagasetningu er að bæta lagaumhverfi og framkvæmd öryggisráðstafana og gera úrbætur í málefnum einstaklinga sem gert er með dómsúrlausn að sæta slíkum ráðstöfunum. Þannig er frumvarpinu ætlað að bæta úr fyrrgreindum annmörkum á framkvæmd öryggisráðstafana hér á landi og setja skýrar lagaheimildir þegar nauðsyn ber til að gripa inn í réttindi einstaklinga. Einnig er ætlunin að bæta réttarstöðu þeirra einstaklinga sem í hlut eiga og skýra ábyrgð og framkvæmd til skýrleika fyrir alla þá sem að þessum málum koma.

Þá mun frumvarpið fela í sér að ný stofnun félags- og húsnæðismálaráðuneytis, Miðstöð um öryggisráðstafanir, verði stofnuð. Hlutverk miðstöðvarinnar verður að annast framkvæmd öryggisráðstafana skv. VII. kafla hegningarlaga, auk annarra verkefna í samræmi við ákvæði frumvarpsins.

Frumvarpinu er jafnframt ætlað að árétta að um málsmeðferð vegna barna sem gert er að sæta öryggisráðstöfunum fer samkvæmt barnaverndarlögum og þar með verði þeim tryggð viðeigandi málsmeðferð. Framkvæmd vistunar og þjónusta við börn sem sæta öryggisráðstöfunum verður á ábyrgð Barna- og fjölskyldustofu í samvinnu við miðstöðina. Allar ákvarðanir skulu taka mið af því sem barni er fyrir bestu.

Markmiðið er einnig að tryggja að einstaklingar sem gert er að sæta öryggisráðstöfunum fái þjónustu, þ.e. ráðgjöf, stuðning, þjálfun og meðferð, í samræmi við þarfir þeirra hverju sinni með það fyrir augum að auka hæfni þeirra og stuðla að farsælli endurhæfingu og aðlögun að samfélaginu. Þá skal tryggja að inngríp í réttindi einstaklinga verði hvorki umfangsmeiri né standi lengur en nauðsyn ber til. Frumvarpið miðar þannig bæði að því að vernda réttindi viðkomandi einstaklinga og að tryggja öryggi og almannahagsmuni. Þá er samhæfing og samstarf milli ráðuneyta og undirstofnana þeirra, sem og á milli ríkis og sveitarfélaga, lykilatriði við framkvæmd frumvarpsins.

Frumvarpið er unnið með hliðsjón af núverandi framkvæmd og sjónarmiðum og þekkingu þeirra sem starfa við málaflokkinn. Viðbúið er að gera þurfi breytingar á lögunum eða einstaka þáttum þeirra eftir að reynsla kemst á framkvæmd þeirra, verði frumvarpið að lögum. Er því lagt til að þau verði endurskoðuð að liðnum þremur árum eftir gildistöku þeirra. Eftir þann tíma ætti að hafa reynt á helstu þætti löggjafarinnar. Dómar og úrskurðir ættu að liggja fyrir og upplýsingar um flutning milli vistunarstaða, útfærslu öryggisráðstafana, reynslu skjólstaðinga og þjónustuaðila og samvinnu stjórnvalda og sveitarfélaga.

3. Meginefni frumvarpsins.

3.1. Efnisatriði frumvarps.

Frumvarpið skiptist í ellefu kafla.

Í I. kafla frumvarpsins eru ákvæði um gildissvið og markmið þess ásamt skilgreiningum á helstu hugtökum. Vegna þess að um nýmæli er að ræða þykir rétt að skýra þessi atriði nokkuð ítarlega.

Frumvarpið gildir um framkvæmd öryggisráðstafana sem ákvarðaðar eru með dómsúrlausn. Heimildir til að kveða á um að einstaklingur sæti öryggisráðstöfun eru í öðrum lögum, þ.e. VII. kafla almennra hegningarlaga, nr. 19/1940, sem og í 2. mgr. 23. gr. fyrirhugaðra laga

um réttindavernd fatlaðs fólks, og í 100. gr. laga um meðferð sakamála, nr. 88/2008. Með öðrum orðum fjallar frumvarpið um framkvæmd ákvarðana sem eru teknar samkvæmt almennum hegningarlögum eða öðrum viðhlítandi lögum. Samhliða þessu frumvarpi kemur til meðferðar á Alþingi frumvarp dómsmálaráðherra þar sem lagt er til að breyta ákvæðum í VII. kafla almennra hegningarlaga um öryggisráðstafanir, þ.e. 62.–67. gr. laganna. Þá verður einnig á sama tíma til meðferðar á Alþingi frumvarp félags- og húsnæðismálaráðherra til nýrra laga um réttindavernd fatlaðs fólks. Megintilgangur hinna nýju laga, verði frumvörpin samþykkt, er að tryggja öryggi og halda í lágmarki áhættu af einstaklingum sem metnir hafa verið hættulegir sjálfum sér eða öðrum. Með framkvæmd laganna er samhliða stefnt að nokkrum markmiðum, einkum því að framkvæmd nauðsynlegra öryggisráðstafana sé í sem fyllstu samræmi við mannréttindi og réttaröryggi. Þá er markmiðið einnig að tryggja þeim sem gert er að sæta slíkum ráðstöfunum viðeigandi stuðning, þjálfun og meðferð með það fyrir augum að stuðla að aukinni hæfni og virkri þátttöku þeirra auk farsællar endurhæfingar og aðlögunar að samfélaginu. Einnig er markmið frumvarpsins að eyða þeirri óvissu sem nú ríkir þegar einstaklingum er gert að sæta öryggisráðstöfunum samkvæmt dómsúrlausn og tryggja samvinnu aðila sem koma að þjónustu við þá einstaklinga.

Komi á daginn við lagaframkvæmdina að þau markmið sem að er stefnt séu að einhverju leyti ósamrýmanleg verður horft til þess að megintilgangur nýrra laga er fyrst og fremst að tryggja öryggi þeirra sem sæta öryggisráðstöfunum og almennings. Öryggissjónarmiðið mun þannig vega þýngst við alla framkvæmd laganna.

Í II. kafla er að finna ákvæði um stjórnýslu öryggisráðstafana. Ráðherra fer með yfirstjórn og eftirlit málaflokksins. Gert er ráð fyrir að komið verði á fót stofnun, Miðstöð um öryggisráðstafanir, sem skal fara með framkvæmd öryggisráðstafana á Íslandi, auk annarra verkefna í samræmi við ákvæði laganna.

Miðstöð um öryggisráðstafanir mun starfa undir yfirstjórn ráðherra og skipaður verður forstjóri sem stýrir stofnuninni. Skipað verður fagráð miðstöðvarinnar, þar sem tilnefndir verða fulltrúar sjö ráðuneyta, sveitarfélaga og hagsmunasamtaka. Fagráði er ætlað að vera ráðherra og forstjóra til ráðgjafar varðandi stefnumörkun og faglegar áherslur miðstöðvarinnar. Í kaflanum eru ákvæði um skipulag og verkefni miðstöðvarinnar, hæfnikröfur, þjálfun og starfsskyldur starfsfólks miðstöðvarinnar og öryggisgæslustaða, þverfaglegt matsteymi, ásamt heimild til samningagerðar við sveitarfélög og einkaaðila um framkvæmd öryggisráðstafana. Settar eru fram grundvallarreglur sem gilda um öll verkefni miðstöðvarinnar, en þær lúta annars vegar að því að öryggisráðstafanir vari aldrei lengur eða séu umfangsmeiri en nauðsyn krefur og hins vegar að því að viðeigandi aðlögun sé viðhöfð.

Í III. kafla er fjallað um tilsjónarmenn sem skipaðir eru þeim sem dæmdir eða úrskurðaðir eru til að sæta öryggisráðstöfunum á grundvelli hegningarlaga, nr. 19/1940. Samkvæmt gildandi lögum er fjallað um tilsjónarmenn í 62. gr. almennra hegningarlaga. Kveðið er m.a. á um tilhögun skipunar, hæfisskilyrði, hlutverk tilsjónarmanna sem og heimildir þeirra. Mikilvægt er að mæla skýrar fyrir um þessi atriði í lögum enda fara tilsjónarmenn með þýðingarmikið hlutverk í þágu hagsmuna einstaklinga sem eru í afar viðkvæmri stöðu. Enn fremur er lagt til að ábyrgð tilsjónarmanna verði aukin og að þeir muni gegna ákveðnu eftirliti í þágu skjólstaðinga sinna. Þá er lagt til að ekki aðeins þeim sem eru dæmdir eða úrskurðaðir til að sæta öryggisgæslu verði skipaðir tilsjónarmenn heldur einnig þeim sem gert er að sæta vægari öryggisráðstöfunum samkvæmt dómsúrlausn, sé talin þörf á því vegna stöðu þeirra. Er það í þágu réttaröryggis þeirra sem gert er að sæta slíkum ráðstöfunum.

Í IV. kafla má finna skilgreiningar á öryggisgæslu og vægari ráðstöfunum, auk lýsinga á ferlinu frá því að upplýsingar berast miðstöðinni um dómsúrlausn til þess að ráðstafanir

hefjast. Þegar einstaklingur hefur verið dæmdur til að sæta öryggisráðstöfunum, hvort sem er öryggisgæslu eða vægari ráðstöfunum, tekur ný stofnun, Miðstöð um öryggisráðstafanir, við dóminum frá ríkissaksóknara og ber ábyrgð á því að honum sé framfylgt, sbr. 6. og 18. gr. Miðstöðin tekur ákvörðun um framkvæmd öryggisráðstafana og öryggisgæslustað viðkomandi, innan marka dómsorðs, að fengnu rökstuddu áliti þverfaglegs matsteymis sérfræðinga, sbr. 21. gr. Þegar ákveðið er að barn skuli sæta öryggisráðstöfun samkvæmt dómsúrlausn fer um vistun þess og úrræði samkvæmt ákvæðum barnaverndarlaga.

Öryggisgæslustaðir eru þeir staðir þar sem einstaklingar sem gert er að sæta öryggisgæslu eru vistaðir. Gert er ráð fyrir að öryggisgæslustaðir verði sérútbúin úrræði á vegum miðstöðvarinnar sem byggð verða sem slík og heilbrigðisstofnun þar sem veitt er réttar- og öryggisgeðþjónusta. Í dag er sá staður réttargeðdeild Landspítala. Þá veitir frumvarpið heimild til að semja við sveitarfélög eða einkaaðila um framkvæmd öryggisgæslu og vægari öryggisráðstafana að tilteknum skilyrðum uppfylltum, sbr. 14. gr., og geta þau úrræði því talist öryggisgæslustaðir.

Í V. kafla er kveðið á um þá þjónustu sem veitt er samhliða öryggisráðstöfunum. Sú þjónusta skal vera einstaklingsbundin og viðeigandi miðað við þarfir skjólstæðings og skal hann eiga þess kost að velja tiltekna gagnreynda meðferð þegar fleiri en ein tegund meðferðar kemur til greina. Skv. 28. gr. er óheimilt að beita skjólstæðing nauðung í þjónustu eða samskiptum. Er þetta áréttað til að undirstrika mikilvægi þess að viðkomandi hafi valkosti um hvernig þjónustu við hann sé háttað, sjálfsákvörðunarréttur hans sé virtur eins framast og unnt er og að hann sé ekki beittur óþarfa þvingunum. Um undanþágur frá banni þessu mun fara samkvæmt lögum um réttindavernd fatlaðs fólks.

Í VI. kafla er fjallað um réttindi og skyldur þeirra einstaklinga sem gert er að sæta öryggisráðstöfunum. Í kaflanum er áréttað mikilvægi þess að virða sjálfsákvörðunarrétt skjólstæðinga eins og kostur er. Tiltekin eru réttindi sem einstaklingar sem sæta öryggisgæslu skulu njóta, svo sem hvað varðar aðbúnað á öryggisgæslustað, rétt til að fá heimsóknir og leyfi frá öryggisgæslustað, samskipti við umheiminn, virkni, útiveru, tómstundir o.fl., en einnig skilyrði sem ber að uppfylla ef nauðsynlegt er í einstaka tilfellum að takmarka þau réttindi.

Í VII. kafla er fjallað um leit, líkamsleit og líkamsrannsókn. Þar er að finna ákvæði um skilyrði fyrir leit, líkamsleit og líkamsrannsókn, um ákvarðanatöku, tilkynningar vegna þeirra o.fl.

VIII. kafli fjallar um endurskoðun og lok öryggisráðstafana. Þess skal gætt að öryggisráðstafanir vari ekki lengur eða séu meira íþyngjandi en nauðsynlegt er. Því skulu miðstöðin, og eftir atvikum Barna- og fjölskyldustofa í samvinnu við hlutaðeigandi barnaverndarþjónustu, endurskoða ráðstafanir innan marka dóms eða úrskurðar reglulega. Í kaflanum er einnig kveðið á um hvernig fara skal með mál þegar óskað er endurskoðunar öryggisráðstafana fyrir dómi. Þegar ljóst er að styttest í lok öryggisráðstafana skal gera einstaklingsbundna þjónustuáætlun, sé þörf á því, sbr. 53. gr. Þar skal kveðið á um áframhaldandi þjónustu og stuðning við viðkomandi eftir að öryggisráðstöfunum lýkur. Er það gert til að tryggja samfellu og samræmi í þjónustu við einstakling þegar ábyrgð á þjónustu við hann flyst á milli þjónustuveitenda. Sveitarfélag þar sem viðkomandi hefur lögheimili kemur að gerð áætlunarinnar og skal fá hæfilegan fyrirvara svo að það geti gert nauðsynlegar ráðstafanir, sér í lagi varðandi búsetuúrræði hafi viðkomandi þörf fyrir slíkt. Þá er gert ráð fyrir því að Miðstöð um öryggisráðstafanir veiti faglegan stuðning og eftirfylgni við þá sem veita viðkomandi þjónustu í allt að sex mánuði eftir lok öryggisráðstafana eða eftir þörfum, sbr. 54. gr.

Í IX. kafla eru ýmis ákvæði. Þar er m.a. kveðið á um rétt til bóta sem auðveldar skjólstæðingi að sækja bætur hafi hann sætt öryggisráðstöfun án þess að lögmæt skilyrði hafi verið

uppfyllt eða lengur en efni stóðu til, eða ef staðið hefur verið að ráðstöfunum á óþarflega hættulegan, særandi eða móðgandi hátt. Þá er kveðið á um ábyrgð á kostnaði við öryggisráðstafanir, um vinnslu og miðlun persónuupplýsinga, upplýsingamiðlun til brotþola og um samstarf þjónustuaðila. Loks er í kaflanum ákvæði sem felur í sér heimildir til að setja stjórnvaldsfyrirmæli sem frumvarpið kveður á um.

Því stjórnslueftirliti sem er til staðar varðandi framkvæmd laganna og starfsemi Miðstöðvar um öryggisráðstafanir er lýst í X. kafla. Er þar m.a. kveðið á um ytra eftirlit með réttindum skjólstaðinga og gæðum þjónustu.

Loks er í XI. kafla fjallað um gildistöku laganna, breytingar á öðrum lögum og lagaskil.

3.2. Lýsing á gildandi lagaumhverfi.

Eins og að framan greinir skortir heildarlög um framkvæmd öryggisráðstafana samkvæmt dómsúrlausn. Kveðið er á um slíka ráðstöfun í VII. kafla almennra hegningarlaga og í 1. mgr. 100. gr. laga um meðferð sakamála, nr. 88/2008. Þá er fyrirhugað að kveðið verði á um takmörkun á ferðafrelsi í 2. mgr. 23. gr. laga um réttindavernd fatlaðs fólks.

Í II. kafla almennra hegningarlaga eru ákvæði um almenn refsiskilyrði, svo sem refsileysi skv. 15. gr. sökum tiltekins ástands þess sem verkið vann og 16. gr. ef refsing er ekki talin bera árangur. Skv. 62. gr. má ákveða í dómi, ef maður er sýknaður skv. 15. gr. eða refsing er talin árangurslaus skv. 16. gr. og ef nauðsynlegt þykir vegna réttaröryggis, að gerðar skuli ráðstafanir til að varna því að háski verði að manninum. Ef ætla má að vægari ráðstafanir, svo sem trygging, bann við dvöl á ákveðnum stöðum eða svipting lögræðis komi ekki að notum má ákveða að honum sé komið fyrir á viðeigandi hæli. Skal þá Hæstiréttur skipa honum tilsjónarmann, sem hefur eftirlit með því að dvöl hans á hælínu verði ekki lengri en nauðsyn ber til. Þegar ástæða þykir til getur ráðherra leitað úrlausnar héraðsdóms um hvort téðar ráðstafanir skuli teljast lengur nauðsynlegar. Einnig getur tilsjónarmaður krafist þess, þegar ár er liðið frá dómsuppsögn eða síðasta dómsúrskurði, eða fyrr, ef ráðherra samþykkir, að málið skuli að nýju lagt undir úrskurð dómstóls.

Í 63. gr. er ákvæði sem sjaldan hefur verið beitt en þar er kveðið á um heimild til að ákveða í dómi, ef skilyrði 62. gr. eru fyrir hendi, að beita þeim ráðstöfunum í stað refsingar eða þangað til unnt þykir að framkvæma refsingu. Þá er í 67. gr. sérstakt ákvæði sem hefur nánast aldrei reynt á og kveður á um heimild til að ákveða í refsidómi eða síðar í sérstöku máli að beitt skuli öryggisráðstöfunum að afplánun lokinni ef maður hefur verið dæmdur í fangelsi og mjög sennilegt má telja af því, hvernig glæp hans var háttað og andlegu ástandi hans var varið, svo og af undanfarandi breytni hans, að hann muni drýgja afbrot af vana eða í atvinnuskyni og sé því hættulegu umhverfi sínu.

Loks er í 2. mgr. 23. gr. frumvarps til laga um réttindavernd fatlaðs fólks, kveðið á um heimild til verulegrar og viðvarandi skerðingar á ferðafrelsi einstaklings þannig að hann geti ekki farið frjáls ferða sinna innan heimilis eða út af því ef sýnt er fram á að hætta sé á því að hann valdi sjálfum sér eða öðrum verulegu líkams- eða eignatjóni sé ekki gripið til takmarkana á ferðafrelsi hans.

Ekki er kveðið skýrt á um hver ber ábyrgð á framkvæmd öryggisráðstafana samkvæmt almennum hegningarlögum en í 14. gr. laga um fullnustu refsinga, nr. 15/2016, kemur fram að Fangelsismálastofnun taki við dómum til skráningar þar sem dómþoli er dæmdur ósakhæfur. Í skýringum við þá grein segir að dómsmálaráðuneytið hafi falið Fangelsismálastofnun á árinu 1992 að varðveita slíka dóma en þar sem ekki hafi verið ákvæði í lögum sem heimiluðu að varðveita og skrá slíka dóma þætti rétt að setja slíkt ákvæði í fullnustulögin.

Ljóst væri að fangelsisýfirvöld fullnægðu ekki slíkum dómum heldur væri ábyrgð á framkvæmd þessara úrræða, svo sem vistun á réttargeðdeild, sambýli o.fl., í höndum heilbrigðis- og félagsmálayfirvalda. Hins vegar væri til bóta að einn aðili hefði yfirsýn yfir þá einstaklinga sem er gert væri að sæta úrræðum skv. VII. kafla almennra hegningarlaga.

Er frumvarpi þessu ætlað að bæta úr þeirri óvissu sem ríkir á réttarsviðinu með því að kveða skýrt á um ábyrgð, framkvæmd og eftirlit með öryggisráðstöfunum. Samhliða verða nauðsynlegar breytingar gerðar á VII. kafla almennra hegningarlaga til samræmis við það sem hér er lagt til.

3.3. Samanburður við stöðuna annars staðar á Norðurlöndum.

3.3.1. Noregur.

Í norskum refsirétti eru annars vegar ákvæði um hefðbundin refsíúrræði gagnvart sakhæfum einstaklingum, svo sem bætur, fangelsisrefsingu, samfélagsþjónustu og dóma vegna sakhæfra barna og hins vegar um sérstök úrræði þegar um ósakhæfa er að ræða, svo sem þvingaða geðmeðferð og þvingaða umsjón. Þá er einnig heimilt að beita fyrirbyggjandi öryggisráðstöfunum (n. *forvaring*).

Ekki er heimilt að dæma menn í ævilangt fangelsi í Noregi en fyrirbyggjandi öryggisráðstöfunum er beitt þegar um hættulega einstaklinga er að ræða til að tryggja almannaoöryggi og til að koma í veg fyrir ný og alvarleg brot. Dómur sem kveður á um fyrirbyggjandi öryggisráðstafanir þarf að vera frábrugðinn hefðbundnum dómum um fangelsisvist þar sem skylt er að horfa meira til einstaklingsbundinna sjónarmiða en við ákvörðun fangelsisrefsingar. Þeir sem sæta slíkum öryggisráðstöfunum þurfa því að vistast í sérstöku fangelsi eða fangelsisdeild sem er sérútbúin til að mæta einstaklingsbundnum þörfum og þjónustu.

Í Noregi hefur beiting fyrirbyggjandi öryggisráðstafana aukist stöðugt en í dag eru ekki næg pláss fyrir þá sem gert hefur verið að sæta þeim. Bent hefur verið á að fleiri vistunarúrræði þurfi, m.a. vistun við lægra öryggisstig og betri úrræði til að stuðla að aðlögun að samfélaginu á ný.

3.3.2. Danmörk.

Í Danmörku eru hefðbundin refsíúrræði fyrir sakhæfa einstaklinga, svo sem fangelsi og fésektir en samkvæmt dönsku hegningarlögunum er refsiramminn fyrir alvarlegustu brotin ævilangt fangelsi. Ef menn eru ósakhæfir vegna andlegra annmarka er unnt að dæma þá til þvingaðrar vistunar á geðheilbrigðisstofnun eða á öðrum heilbrigðisstofnunum. Þá er einnig unnt að dæma menn til að sæta fyrirbyggjandi öryggisráðstöfunum (d. *forvaring*) sem svipar mjög til norska úrræðisins.

Fyrirbyggjandi öryggisráðstafanir í Danmörku eiga við um einstaklinga sem stríða við alvarleg andleg veikindi en eru þó sakhæfir. Þeir sem eru dæmdir til fyrirbyggjandi öryggisráðstafana í Danmörku eru almennt vistaðir í Herstedvester fangelsinu sem er sérstakt fangelsi fyrir þá einstaklinga, en einnig fyrir þá sem afplána refsingu og þurfa á sérhæfðri heilbrigðisþjónustu að halda, svo sem geðheilbrigðisþjónustu og meðferð vegna kynferðisbrota. Er fangelsið sérstaklega mannað sérfræðingum sem geta veitt þá þjónustu og meðferð. Einnig er heimilt að vista menn sem sæta fyrirbyggjandi öryggisráðstöfunum utan fangelsa, t.d. á grundvelli öryggis- eða heilbrigðissjónarmiða.

3.3.3. Svíþjóð.

Í Svíþjóð er hámarksrefsing samkvæmt hegningarlögum ævilangt fangelsi. Menn eru ekki sýknaðir vegna sakhæfisskorts ef um alvarleg geðræn veikindi er að ræða en skulu þá almennt

dæmdir til annarrar refsingar en fangelsisvistar, svo sem til vistunar á geðheilbrigðisstofnun, nema sérstakar ástæður séu fyrir hendi. Ekki er heimild í sænskum lögum til að dæma menn til að sæta fyrirbyggjandi öryggisráðstöfunum (s. *förvaring*) en tillaga þess efnis var kynnt í skýrslu stjórnvalda árið 2024, *Stärkt samhällsskydd mot allvarlig brottslighet*. Þar var m.a. fjallað um nýja ótímabundna öryggisrefsingu sem líkist að einhverju leyti *förvaring* í dönskum og norskum rétti. Málið hefur ekki komið til meðferðar á sænska þinginu.

3.3.4. *Finnland.*

Í Finnlandi er hámarksrefsing ævilangt fangelsi en jafnframt er unnt að dæma menn til vistunar á geðheilbrigðisstofnun. Finnnsk lög kveða ekki á um fyrirbyggjandi öryggisráðstafanir en umræða hefur átt sér stað þar í landi og hefur dómsmálaráðherra lýst yfir vilja til að lögfesta nýja tegund úrræða sem líkist norska úrræðinu.

3.3.5. *Samantekt.*

Íslensk refsí- og fullnustulöggjöf er um margt lík öðrum norrænum rétti en þó er einnig ýmislegt ólíkt með löndunum. Það sem öll ríki Norðurlanda eiga sameiginlegt er að kveðið er sérstaklega á um heimild til að bregðast við ef sakborningur er talinn ósakhæfur, svo sem vegna alvarlegs geðræns sjúkdóms, eða ef annað úrræði en fangelsisrefsing er talið viðeigandi vegna ástands hans. Er þá aðallega um að ræða vistun þar sem veitt er viðunandi réttar- og öryggisgeðþjónusta en hér á landi er slík þjónusta veitt á réttargeðdeild Landspítala. Að öðrum kosti er fólk almennt vistað í fangelsum.

Með frumvarpi þessu er lagt til að ný stofnun verði sett á fót sem eigi að fara með framkvæmd öryggisráðstafana en þó verður áfram gert ráð fyrir að dómari geti dæmt einstaklinga til innlagnar á réttargeðdeild ef þeir þurfa á þeirri sértæku þjónustu að halda sem þar er veitt. Hin fyrirhugaða stofnun er um margt ólík því sem er við lýði annars staðar á Norðurlöndum þar sem fangelsisvirkild eða heilbrigðisvirkild sjá að mestu leyti um fullnustu refsinga og önnur úrræði samkvæmt dómsorði. Þar eru fangelsin að ýmsu leyti frábrugðin fangelsum á Íslandi þar sem unnt er í meira mæli en hér á landi að veita sérhæfða þjónustu innan veggja fangelsanna sjálfra, svo sem heilbrigðisþjónustu, sérhæfða meðferð o.fl. Með þessu frumvarpi er leitast við að tryggja að umhverfi og aðbúnaður þeirra sem gert er að sæta öryggisgæslu sé til þess fallinn að veita viðeigandi meðferð, stuðning og endurhæfingu en þó þannig að fyllsta öryggis sé gætt.

4. **Samræmi við stjórnarskrá og alþjóðlegar skuldbindingar.**

Ákvæði frumvarpsins varða ýmis mannréttindi sem varin eru af ákvæðum stjórnarskrár lýðveldisins Íslands, nr. 33/1944, mannréttindasáttmála Evrópu (MSE), sbr. lög nr. 62/1994, og öðrum samningum sem Ísland er aðili að, svo sem samningi Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks, samningi Sameinuðu þjóðanna gegn pyndingum og annarri grimmilegri, ómannlegri eða vanvirðandi meðferð eða refsingu, samningi Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins, sbr. lög nr. 19/2013, og Evrópusamningi um varnir gegn pyndingum og ómannlegri eða vanvirðandi meðferð eða refsingu.

Meðal réttinda sem frumvarpið varðar má nefna rétt til frelsis og mannhelgi, sbr. 67. gr. stjórnarskrárinnar og 5. gr. MSE; bann við pyndingum, sbr. 68. gr. stjórnarskrárinnar og 3. gr. MSE; enga refsingu án laga, sbr. 69. gr. stjórnarskrárinnar og 7. gr. MSE; rétt til réttlátrar málsmeðferðar fyrir dómi, sbr. 70. gr. stjórnarskrárinnar og 6. gr. MSE; rétt til friðhelgi einkalífs, heimilis og fjölskyldu, sbr. 71. gr. stjórnarskrárinnar og 8. gr. MSE; og rétt til aðstoðar vegna sjúkleika, örorku o.fl., sbr. 76. gr. stjórnarskrárinnar.

Þá er markmið frumvarpsins að tryggja að heimildir stjórnvalda verði í samræmi við kröfur lögmætisreglunnar og lagaáskilnaðarreglna framangreindra stjórnarskrárákvæða.

Í dómi Mannréttindadómstóls Evrópu (MDE) í máli Rooman gegn Belgíu (yfirdeild) nr. 18052/11 (2019) og fleiri dómum hefur komið fram að frelsisskerðingar skv. e-lið 1. mgr. 5. gr. MSE hafi ekki einungis þann tilgang að vernda samfélagið heldur einnig að veita andlega vanheilum einstaklingum meðferð. Sú meðferð verði að vera einstaklingsbundin og viðeigandi.

MDE hefur jafnframt talið að órjúfanleg tengsl séu á milli lögmætis frelsisskerðingar og framkvæmdar hennar. Af því leiðir að einstaklingur verður að vera vistaður á viðeigandi stofnun miðað við ástand sitt. Sjá t.d. dóm MDE í máli Ilseher gegn Þýskalandi (yfirdeild) nr. 10211/12 og 27505/14 (2018). Eins og fram kemur í Rooman gegn Belgíu nr. 18052/11 (2019) er viðeigandi meðferð hluti af mati á lögmæti frelsisskerðingar.

Þó hefur MDE tekið fram að heimilt sé að skerða frelsi andlega vanheils einstaklings þótt lækni meðferð sé ekki fyrirhuguð svo lengi sem unnt sé að réttlæta skerðinguna sökum alvarleika ástands einstaklingsins og þarfarinnar á að vernda einstaklinginn og aðra. Sjá dóm MDE í máli N gegn Rúmeníu nr. 59152/08 (2017) (151. mgr.).

MDE hefur í dómaframkvæmd sinni sett fram tiltekin viðmið um þær kröfur sem gera verður til að vistun einstaklings í öryggisgæslu teljist lögleg skv. e-lið 1. mgr. 5. gr. MSE. Sjá í því sambandi dóma MDE í málum Stanev gegn Búlgaríu (yfirdeild) nr. 36760/06 (2012), Ilseher gegn Þýskalandi (yfirdeild) nr. 10211/12 og 27505/14 (2018) (127. mgr.), Winterwerp gegn Hollandi nr. 6301/73 (1979) og fleiri dóma. Þau viðmið eru eftirfarandi:

1. Hvort nógu vel sé staðreynt samkvæmt hlutlægum lækni- og fræðilegum mælikvarða að sá sem í hlut á sé „andlega vanheill“.
2. Hvort lækni- og fræðilegt ástand viðkomandi sé á því stigi að frelsissvipting sé áskilin.
3. Hvort áframhaldandi frelsissvipting sé nauðsynleg í ljósi eðlis sjúkdómsins og þróunar hans.

Í dómi MDE í máli Ilseher gegn Þýskalandi (yfirdeild) nr. 10211/12 og 27505/14 (2018) og Hutchison Reid gegn Stóra-Bretlandi nr. 50272/99 (2003) kom fram að frelsisskerðing gæti verið nauðsynleg, ekki aðeins vegna þarfar á meðferð eða lyfjagjöf heldur einnig til að einstaklingur sætti eftirliti og stjórn. Í N gegn Rúmeníu, nr. 59152/08 (2017) kom einnig fram að frelsisskerðing gæti verið nauðsynleg til að vernda aðra þótt meðferð væri ekki raunhæf.

Í M.S. gegn Króatíu (nr. 2) nr. 75450/12 (2015) kom fram að réttaröryggisreglur verða að vera til staðar. Þá verður einnig að vera aðgangur að dómstólum, sbr. Rooman gegn Belgíu nr. 18052/11 (2019) og M.S. gegn Króatíu (nr. 2) nr. 75450/12 (2015).

Þá hefur komið fram í öðrum dómum dómstólsins að þær aðstæður sem viðkomandi er vistaður við þurfa að vera við hæfi fyrir þann sem þarf á þessari þjónustu að halda, sjá m.a. W.A. gegn Sviss nr. 38958/16 (2021).

Ákvæði 5. gr. MSE áskilur að landslög veiti heimild til frelsissviptingar við þær aðstæður sem tilgreindar eru í ákvæðinu. Þá þurfa landslög jafnframt að vera aðgengileg og fyrirsjáanleg að inntaki. Í tengslum við 3. gr. MSE hefur MDE m.a. bent á að þeir einstaklingar sem eiga við geðræn veikindi að stríða og sæta frelsisskerðingu eru almennt séð í viðkvæmari stöðu en aðrir og geta stundum ekki borið upp kvörtun með sama hætti og aðrir. Sjá t.d. Slawomir Musial gegn Póllandi nr. 28300/06 (2009).

Í W.D. gegn Belgíu nr. 73548/13 (2016) lagði MDE áherslu á möguleikann á að aðlagast samfélaginu á ný.

Í Strazimiri gegn Albaníu nr. 34602/16 (2020) var ríki talið brotlegt vegna þess að ekki hefði verið komið á fót viðeigandi stofnun í lengri tíma.

Í Naumenko gegn Úkraínu nr. 42023/98 (2002) var bent á mikilvægi þess að sjúkraskrá gæfi til kynna hvort viðkomandi hefði samþykkt meðferð.

Litið hefur verið til framangreindra viðmiða við samningu frumvarpsins. Þá er gert ráð fyrir að ákvæði frumvarpsins verði túlkuð til samræmis við framangreindar mannréttinda-reglur.

Hvað varðar aðrar þjóðréttarlegar skuldbindingar er rétt að geta samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks sem lögfestur var á Alþingi haustið 2025. Samningurinn viðurkennir mannréttindi fatlaðs fólks, sem eru þau sömu og annarra, og staðfestir jafnframt rétt fatlaðs fólks til að njóta þessara réttinda. Markmið samningsins, eins og fram kemur í 1. gr. hans, er að fatlað fólk njóti allra mannréttinda og mannfrelsis til fulls og jafns við aðra, jafnframt því að vernda og tryggja slík réttindi og frelsi og auka virðingu fyrir eðlislægri mannlegri reisn þess. Skv. 2. mgr. 1. gr. samningsins teljast til fatlaðs fólks m.a. þau sem eru með langvarandi líkamlega, andlega eða vitsmunalega skerðingu eða skerta skynjun og sem verða fyrir ýmiss konar hindrunum sem geta komið í veg fyrir fulla og árangursríka samfélagsþátttöku til jafns við aðra. Skv. e-lið formálsorða samningsins viðurkenna aðildarríki hans að hugtakið fötlun er í þróun og að fötlun er afsprengi samspils milli fólks með skerðingar annars vegar og umhverfis og viðhorfa hins vegar sem hindra fulla og árangursríka samfélagsþátttöku þess til jafns við aðra.

Samningurinn felur í sér umtalsverðar jákvæðar skyldur á aðildarríki gagnvart fötluðu fólki, m.a. til að uppræta hindranir sem viðhalda mismunun í þeirra garð. Í því samhengi má nefna sérstaklega b-lið 1. tölul. 4. gr., sem kveður á um að aðildarríki skuldbindi sig til að gera allar viðeigandi ráðstafanir, þar á meðal með lagasetningu, til þess að gildandi lögum, reglum, venjum og starfsháttum, sem fela í sér mismunun gagnvart fötluðu fólki, verði breytt eða þau afnumin.

Samningnum er einnig ætlað að leiðbeina aðildarríkjum hans um hvernig megi draga úr beitingu nauðungar og frelsissviptingar í garð fatlaðs fólks. Í 5. gr. kemur fram að aðildarríkin viðurkenni að allar manneskjur séu jafnar fyrir og samkvæmt lögum og eigi rétt á jafnri vernd og jöfnum ávinningi af lögum án nokkurrar mismununar. Einnig skulu aðildarríkin banna hvers kyns mismunun á grundvelli fötlunar og tryggja fötluðu fólki jafna og árangursríka réttarvernd gegn mismunun af hvaða ástæðu sem er. Skv. 12. gr. samningsins viðurkenna aðildarríki hans að fatlað fólk njóti löghæfis til jafns við aðra á öllum sviðum lífsins. Í 14. gr. samningsins, sem hefur yfirskriftina Frelsi og öryggi einstaklingsins, er kveðið á um að tryggja skuli að fatlað fólk sé ekki svipt frelsi sínu með ólögmætum hætti eða geðþóttaákvörðunum og að fötlun skuli ekki undir neinum kringumstæðum réttlæta frelsissviptingu. Þá er einnig kveðið á um að ef fatlað fólk er svipt frelsi sínu á einhvern hátt skuli tryggja mannréttindi þess til jafns við aðra, m.a. með því að tryggja viðeigandi aðlögun. Skv. 15. gr. skulu aðildarríkin gera allar árangursríkar ráðstafanir á sviði löggjafar, stjórnsýslu og réttarkerfisins, eða aðrar ráðstafanir, í því skyni að vernda fatlað fólk til jafns við aðra, fyrir pyndingum eða annarri grimmilegri, ómannlegri eða niðurlægjandi meðferð eða refsingu. Loks er í 17. gr. sérstaklega kveðið á um að allt fatlað fólk eigi rétt á virðingu fyrir líkamlegri og andlegri friðhelgi til jafns við aðra.

Þar að auki var við gerð frumvarpsins litið til ýmissa annarra alþjóðlegra sáttmála, tilmæla og athugasemda. Þar á meðal eru Oviedo-samningur Evrópuráðsins, Report of the Special rapporteur on the rights of persons with disabilities, og General Comment No. 1 (2014) frá Committee on the Rights of Persons with Disabilities.

Horft var til þeirra krafna sem þessir samningar gera, bæði ákvæða samninganna og athugasemda, dómaframkvæmdar og annars frá eftirlitsaðilum samninganna, þar á meðal dómaframkvæmdar MDE og heimsóknarskýrslna OPCAT-eftirlits og CPT-nefndar.

5. Samráð.

Frumvarpið snertir fyrst og fremst þá einstaklinga sem gert er að sæta öryggisráðstöfunum samkvæmt dómsúrlausn og þau kerfi sem sinna þjónustu við þá, svo sem réttarvörslu- og fullnustukerfi, heilbrigðiskerfi og félagsþjónustu.

Í lok árs 2024 var settur á lagginn starfshópur forsætisráðuneytis, félags- og húsnæðismálaráðuneytis, heilbrigðisráðuneytis, dómsmálaráðuneytis, innviðaráðuneytis, fjármála- og efnahagsráðuneytis og mennta- og barnamálaráðuneytis um úrbætur á úrræðum og þjónustu vegna einstaklinga sem nauðsynlegt þykir að sæti öryggisráðstöfunum. Í tillögum sem hópurinn skilaði í apríl 2025 kom fram að nauðsynlegt væri að uppfæra frumvarp það sem kynnt var í samráðsgátt stjórnvalda árið 2022 og leggja fram nýtt frumvarp um öryggisráðstafanir samkvæmt dómsúrlausn á haustþingi 2025. Eins og fram hefur komið fór fram viðtækt samráð við hagaðila gerð frumvarps sem kynnt var í samráðsgátt árið 2022 (mál nr. S-100/2022). Fimm umsagnir bárust í gegnum gáttina og fjórar bárust ráðuneytinu beint. Voru þær umsagnir hafðar til hliðsjónar við gerð nýs frumvarps.

Jafnframt var horft til þess sem fram kom í umsögnum þegar endurnýjuð áform um frumvarpið voru kynnt í samráðsgátt sumarið 2025 (mál nr. S-127/2025). Á svipuðum tíma voru einnig kynnt áform um breytingar á VII. kafla almennra hegningarlaga (mál nr. S-141/2025) og um breytingar á lögum um réttindagæslu fyrir fatlað fólk (mál nr. S-124/2025). Þar sem þau mál tengjast fyrirliggjandi frumvarpsdrögum með beinum hætti hefur ríkt samráð verið viðhaft innan Stjórnarráðsins um framsetningu tengdra ákvæða. Þá hefur einnig verið unnið að því í samvinnu við heilbrigðisráðuneytið að ákvarða samspil ákvæða í fyrirliggjandi frumvarpsdrögum að breytingu á lögum um réttindi sjúklinga. Sambærileg vinna hefur einnig farið fram í samvinnu við mennta- og barnamálaráðuneytið vegna samspils við barnaverndarlög sem nú sæta heildarendurskoðun.

Félags- og húsnæðismálaráðuneytið hélt tvær fjölsóttar vinnustofur um framkvæmd öryggisráðstafana samkvæmt dómsúrlausn og fyrirhugaðar breytingar vorið 2025. Markmið þeirra var að fá sýn fag- og hagaðila á tillögur fyrrnefnds starfshóps. Fjallað var um efni þessa frumvarps, fyrirhugaðar breytingar á hegningarlögum og útfærslu þjónustu í nýju kerfi. Þátttakendur á vinnustofunum voru fulltrúar frá forsætisráðuneyti, félags- og húsnæðismálaráðuneyti, mennta- og barnamálaráðuneyti, heilbrigðisráðuneyti, dómsmálaráðuneyti og innviðaráðuneyti, Reykjavíkurborg, Akureyrarbæ, Mosfellsbæ, Fjallabyggð, réttar- og öryggisgeðþjónustu Landspítala, geðheilsuteymi fangelsa, geðheilsuteymi taugaþroskaraskana, Fangelsismálastofnun, Barna- og fjölskyldustofu, Gæða- og eftirlitsstofnun velferðarmála, embættum ríkislögreglustjóra og lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu, Dómsstólasýslunni, sérfræðiteymi um aðgerðir til að draga úr beitingu nauðungar, nefnd um undanþágu frá banni við beitingu nauðungar, Ráðgjafar- og greiningarstöð og Klettabæ ehf. Þá mættu fulltrúar frá hagsmunasamtökunum Geðhjálp, Landssamtökunum Þroskahjálp, ÖBÍ réttindasamtökum, Átaki, félagi fólks með þroskahömlun, Afstöðu, Rauða krossinum á Íslandi og Íslandsdeild Amnesty International.

Eins og áður segir voru áformaskjöl vegna þessara frumvarpsdraga birt í samráðsgátt þann 14. júlí 2025 og bárust um þau átta umsagnir. Í september 2025 var fundað með fulltrúum umsagnaraðila, þ.e. Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Akureyrarbæ, Mosfellsbæ, Reykjavíkurborg, Afstöðu, Geðhjálp, Landssamtökunum Þroskahjálp og ÖBÍ réttindasamtökum. Á

fundunum komu fram góðar ábendingar sem tekið var mið af við gerð frumvarpsins. Þær sneru margar að málefnum fatlaðs fólks en lögð var áhersla á að í frumvarpinu yrði kveðið á um viðeigandi aðlögun og að réttur fatlaðs fólks verði virtur í gegnum allt réttarkerfið. Einnig væri mikilvægt að starfsfólk sem ráðið verður til nýrrar miðstöðvar hafi menntun við hæfi og búi yfir faglegri þekkingu til þess að þjónusta fatlað fólks. Samhliða væri mikilvægt að auka fræðslu og vitund um nútímalega hugmyndafræði varðandi málefni fatlaðs fólks. Talið var brýnt að tryggja aðgengi einstaklinga sem sæta öryggisráðstöfunum að viðeigandi heilbrigðisþjónustu og að áfallamiðuð nálgun yrði jafnframt höfð að leiðarljósi. Einnig var lögð áhersla á að unnið verði markvisst með einstaklinga og að boðið verði upp á fjölbreytt endurhæfingarráðgjöf með batamiðaðri nálgun og virkni. Þá var jafningjastuðningur talinn vera lykilþáttur í endurhæfingu einstaklinga. Fulltrúar sveitarfélaga bentu á mikilvægi þess að í frumvarpinu verði kveðið skýrt á um ábyrgðarskiptingu ríkis og sveitarfélaga, einkum með tilliti til kostnaðar við framkvæmd öryggisráðstafana og veitingu þjónustu. Einnig var bent á að tryggja verði gott verklag og samráð við yfirfærslu í þjónustu sveitarfélaga þegar öryggisgæslu einstaklinga er aflétt og jafnframt við yfirfærslu þjónustu þegar einstaklingar ná fullorðinsaldri. Þá komu fram ábendingar um að mikilvægt sé að tryggja faglegt eftirlit með starfsemi nýrrar miðstöðvar og að það verði framkvæmt af óháðum aðila.

Drög að frumvarpi voru birt í samráðsgátt þann 19. september 2025 (mál nr. S-177/2025) og bárust 17 umsagnir.

Á meðan á umsagnarferli stóð var boðað til funda að nýju með fulltrúum Sambands íslenskra sveitarfélaga, Akureyrarbæ, Mosfellsbæ, Reykjavíkurborg, Afstöðu, Geðhjálp, Landssamtökunum Þroskahjálp og ÖBÍ réttindasamtökum, auk þess sem efni frumvarpsins var kynnt stjórnendum í velferðarþjónustu sveitarfélaga. Þá var fundað með fulltrúum Mannréttindastofnunar Íslands. Á fundunum komu fram fleiri gagnlegar ábendingar um hvernig mætti bæta eða skerpa á einstökum þáttum frumvarpsins. Fulltrúar sveitarfélaga bentu m.a. á að það væru einstaklingar sem falla ekki skýrt undir skilgreiningar frumvarpsins og eiga þar með á hættu að sitja eftir á svokölluðu gráu svæði. Einnig komu fram áhyggjur af þeim sem eru með svonefndar jaðargreiningar, þ.e. einstaklingum sem uppfylla ekki læknisfræðilegar forsendur fyrir innlögn á heilbrigðisstofnun og hafna þjónustu eða meðferð. Það sé brýnt að reyna að ná utan um þennan hóp í frumvarpinu. Þá voru uppi áhyggjur af því að ekki yrði hægt að uppfylla kröfur um forgang í þjónustu sveitarfélaga. Aftur var lögð áhersla á að í frumvarpinu verði kveðið á um aukna fræðslu og samtal við réttarvörslukerfið um geðvanda og fötlun, réttindi fatlaðs fólks og jafnframt að upplýsa betur um hlutverk og heimildir þjónustuaðila gagnvart skjólstæðingum. Fulltrúar hagsmunasamtaka töldu brýnt að tryggja að fólks festist ekki í öryggisgæsluúrræðum og í því samhengi gegndu sveitarfélög mikilvægu hlutverki, það þurfi að tryggja að þau sinni sínum formlegu skyldum og ábyrgð gagnvart íbúum. Fulltrúar bentu einnig á að staðsetning úrræða væri lykilþáttur einkum varðandi aðgengi að þjónustu en einnig þegar kemur að félagslegum þáttum svo sem samveru við aðra, nálægð við aðstandendur o.fl. Ítrekuð var þörf fyrir að starfsfólk hafi viðeigandi menntun og jafnframt að hagsmunasamtök geti komið inn í úrræðin með jafningjastuðning.

Frumvarpið var kynnt á fundi samráðsnefndar um málefni fatlaðs fólks, sem starfar skv. 36. gr. laga um þjónustu við fatlað fólks með langvarandi stuðningsþarfir, nr. 38/2018, og er samráðsnefndin ríkis, sveitarfélaga og hagsmunaaðila um málefni fatlaðs fólks. Samráðsnefndin var heilt á litið ánægð með efni frumvarpsins en minnti á mikilvægi þess að úrræði verði vel mönnuð, bæði af fagfólki og jafningjum. Aðeins þannig væri unnt að tryggja nauðsynlegan stuðning við markmið þjónustunnar um að skjólstæðingar geti lifað sjálfstæðu lífi.

Við vinnslu frumvarpsins kynntu fulltrúar félags- og húsnæðismálaráðuneytis sér nokkur úrræði sem þjónusta þá einstaklinga sem falla undir frumvarpið. Heimsótt voru búsetuúrræði í Reykjavík og á Akureyri, réttar- og öryggisgeðdeildir Landspítala og fangelsið á Hólmsheiði. Heimsóknirnar voru afar gagnlegar og með þeim gafst tækifæri til að fá góða innsýn í daglegt líf íbúa, störf þeirra sem þar starfa og jafnframt tækifæri til þess að ræða helstu styrkleika og áskoranir í ólíkum úrræðum með tilliti til þjónustu og rekstrar. Því til viðbótar heimsóttu fulltrúar ráðuneytisins tvo öryggisgæslustaði í Danmörku; Sikringen í Slagelse og Koefoedsminde. Þar fengust mikilvægar upplýsingar um mönnunarþörf öryggisgæslustaða með hátt öryggis- og þjónustustig auk þess sem greinargóðar upplýsingar fengust um til hvaða þátta mikilvægt væri að líta til við hönnun húsnæðis þar sem fram fer eðlisskyld starfsemi þeirri sem til stendur að setja á stofn hérlandis. Þá fengust haldgóðar upplýsingar um ýmsar útfærslur á virkniúrræðum sem mikilvægt er að líta til.

Samráð við framangreinda aðila, sem þekkja hvað best til málaflokksins, hefur verið lykilþáttur við vinnslu frumvarpsins. Með opnu og hreinskilnu samtali reyndist unnt að greina fljótt þau atriði sem þörf var á að skýra betur eða þróa áfram í frumvarpinu. Þannig endurspeglar frumvarpið betur þarfir þeirra sem það snertir mest og er talið ná meginmarkmiðum sínum sem eru fyrst og fremst að tryggja mannréttindi og réttaröryggi þeirra einstaklinga sem sæta þurfa öryggisráðstöfunum.

5.1. Umsagnir um frumvarpsdrög.

Líkt og að framan greinir bárust 17 umsagnir við frumvarpsdrög sem birt voru í samráðsgátt stjórnvalda 19. september 2025. Af umsögnum af dæma ríkir almenn sátt með efni frumvarpsins og þær breytingar sem það mun hafa í för með sér. Umsagnir bárust frá embætti landlæknis, velferðarsviði Akureyrarbæjar, Barnaheill, Mosfellsbæ, Íslandsdeild Amnesty International, Reykjavíkurborg, Gæða- og eftirlitsstofnun velferðarmála, ÖBÍ réttindasamtökum, Sambandi íslenskra sveitarfélaga, velferðarsviði Reykjanesbæjar, Landsamtökunum Þroskahjálp og Geðhjálp, lögreglustjóranum á höfuðborgarsvæðinu, Rauða krossinum á Íslandi, Persónuvernd, ríkislögreglustjóra, einum einstaklingi og dómstóla-sýslunni.

Í umsögnunum var margo áréttað sem áður hafði komið fram, svo sem um nauðsyn þess að tryggja samfellu í þjónustu við lok öryggisgæslu og endurkomu út í samfélagið og að raunverulegt samráð yrði haft við félagsþjónustu viðkomandi sveitarfélags til að tryggja réttindi einstaklinga. Þá þótti óljóst hvernig húsnæðismálum yrði háttað varðandi þá sem sættu vægari öryggisráðstöfunum og hvort þeim væri ætluð búseta í húsnæði á vegum miðstöðvarinnar í einhverjum tilvikum eða hvort þeir gætu búið á eigin heimilum og þá e.t.v. í húsnæði á vegum sveitarfélaga.

Í umsögnum sveitarfélaga komu einnig fram nýjar ábendingar. Til að mynda var bent á að mikilvægt væri að skoða hvaða afleiðingar það hefði í för með sér þegar einstaklingar sem sættu vægari öryggisráðstöfunum og byggju í eigin húsnæði á vegum sveitarfélags hættu að greiða húsaleigu og ættu á hættu að missa húsnæði á vegum sveitarfélags.

Embætti landlæknis taldi m.a. nauðsynlegt að aðgreina skýrt hvers konar öryggisráðstafanir um væri að ræða og að munur væri á þjónustu við þá sem skilgreindir væru sem sjúklingar og þyrftu á heilbrigðisþjónustu að halda og þá sem vista þyrfti vegna annarra ástæðna. Þá væri ekki gert ráð fyrir að Miðstöð um öryggisráðstafanir veitti heilbrigðisþjónustu og yrði öll slík þjónusta á vegum annarra sem leyfi hefðu til að veita hana. Um hana giltu sérlög sem fara bæri eftir, þar á meðal lög um sjúkraskrár, nr. 55/2009. Þá gerði landlæknir athugasemd

við hve víðtækar heimildir miðstöðinni væru ætlaðar til öflunar og miðlunar heilsufarsupplýsinga.

Barnaheill töldu mikilvægt að greina hvort það þjónaði hagsmunum barna í þessari stöðu að svipta þau frelsi um lengri eða skemmri tíma og töldu að barnaverndarlög væru engan veginn í stakk búin að grípa þennan viðkvæma hóp.

Amnesty International galt varhug við öryggisgæslu enda væri hætt við að einstaklingar sem sættu slíkum úrræðum nytu ekki sömu réttarfarsverndar og sakborningar. Þá lögðust samtökin gegn vistun fanga eftir afplánun refsinga ef ekki stæði til að ákæra viðkomandi fyrir refsiverða háttsemi. Samtökin vöktu athygli á tilmælum Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar (WHO) og Mannréttindastofnunar Sameinuðu þjóðanna um geðheilbrigði, mannréttindi og löggjöf og aðra þætti, svo sem að tryggja jafnrétti og bann við mismunum á grundvelli fötlunar eða þjóðfélagsstöðu, að sjálfsákvörðunarréttur og sjálfþætti einstaklinga væri virt og að þátttaka hagsmunasamtaka fatlaðs fólks væri tryggð í allri ákvörðunartöku um löggjöf og stefnumótun.

Í umsögn ÖBÍ réttindasamtaka var því fagnað að fyrsta markmið laganna væri að framkvæmd öryggisráðstafana væri í hvívetna í samræmi við mannréttindi og að réttaröryggi þeirra sem sættu slíkum ráðstöfunum væri tryggt. Samtökin lögðu mikla áherslu á mikilvægi þess að á öllum stigum máls yrði horft til samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks og að vísa mætti til 12. gr. samningsins í frumvarpinu eða taka efni þess ákvæðis upp í löginn í viðeigandi samhengi. Þá fögnuðu samtökin því að byggt væri á hugtaki viðeigandi aðlögunar í frumvarpinu en töldu að vísa mætti oftar til þess í efnisákvæðum frumvarpsins.

Landssamtökin Þroskahjálpi og Geðhjálpi fögnuðu því að leitað hefði verið til þeirra strax á fyrstu stigum vinnunnar við frumvarpsgerðina. Sú vinna endurspegladi meira en áður ákveðna viðleitni til að tryggja að mannréttindi væru tryggð gagnvart mjög berskjölduðum hópi. Sú viðleitni væri jákvæð en ýmis atriði sneru að mati samtakanna að mannréttindum og hugmyndafræði sem þyrfti að skerpa betur. Samtökin ítrekuðu mikilvægi þess að gert yrði ráð fyrir stöðum jafningja (notenda) innan öryggisgæslustaða þar sem þekking þeirra, reynsla og kunnátta hefði sannað sig innan geðheilbrigðis- og félagsþjónustu um allan heim. Þá töldu þau mikilvægt að sú hugmyndafræði sem unnið væri eftir innan miðstöðvarinnar og þeirra öryggisgæslustaða sem hún hefði umsjón með væri batamiðuð og með breiða skírskotun.

Í umsögn lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu kom fram að í rúman áratug hefði embættið leitt samstarf á milli stofnana sem sneri að málefnum einstaklinga sem teldust hættulegir samfélaginu vegna ofbeldishegðunar og fjölþætts vanda. Helsti vandi þess samstarfs hefði snúið að upplýsingamiðlun milli stofnana, en mismunandi lagaumhverfi samstarfsaðila hefði leitt til þess að ekki hefði verið hægt að miðla mikilvægum upplýsingum á milli stofnana með markvissum hætti. Það væri mat lögreglu að 57. gr. þessa frumvarps væri grundvallarforsenda þess að árangursríkt samstarf væri mögulegt með þessum hætti, ekki síst í þágu þeirra einstaklinga sem um ræddi, enda væri markmið með slíku samstarfi ávallt fyrst og fremst að veita þeim viðeigandi aðstoð. Í tilfelli þessara einstaklinga stæðu oft ríkir almannahagsmunir til þess að upplýsingum væri miðlað til þeirra sem ynnu að málum viðkomandi. Var það mat lögreglustjóra að yrði þetta frumvarp að lögum væri verið að tryggja þessum skjólstaðingum nauðsynlega þjónustu sem myndi skila sér í færri afbrotum, þ.m.t. ofbeldisbrotum og þar með yrði stuðlað að velferð þeirra og annarra í samfélaginu.

Rauði krossinn á Íslandi fagnaði áherslu á mannréttindi og virðingu fyrir sjálfsákvörðunarrétti einstaklinga. Hann taldi mikilvægt að í frumvarpinu væri kveðið á um einstaklingsmiðaða þjónustu í samræmi við þarfir og óskir skjólstaðings, með hugmyndafræði um sjálfstætt líf að leiðarljósi, sem og skýrt bann við beitingu nauðungar. Hann taldi jákvætt að mælt væri fyrir

um reglubundna endurskoðun en taldi eðlilegt að slík skoðun færi oftast fram til að tryggja sem best að þjónustan væri í samræmi við breyttar aðstæður og þarfir einstaklinga.

Í umsögn Ríkislögreglustjóra kom fram að hann teldi að frumvarpið sem og frumvarp um breytingar á VII. kafla almennra hegningarlaga fælu í sér mikilvæga og tímabæra endurskoðun á málafllokki sem hefði staðið óbreyttur í nærri átta áratugi. Með þeim væri leitast við að tryggja skýrari lagaheimildir, samræmda framkvæmd og bætt réttaröryggi þeirra sem sættu öryggisráðstöfunum ásamt því að uppfylla alþjóðlegar mannréttindaskuldbindingar. Að mati Ríkislögreglustjóra væri brýnt að lögin yrðu jafnframt hluti af heildstæðri stefnu þar sem öryggi samfélagsins og raunveruleg endurhæfing einstaklinga sem framið hefðu afbrot væru samtvinnuð markmið. Taldi Ríkislögreglustjóri að umfjöllun um hvað tæki við þegar öryggisráðstöfunum lyki eða þegar einstaklingur væri ekki lengur talinn hættulegur væri of lítil. Til að tryggja bæði öryggi samfélagsins og mannréttindi viðkomandi þyrfti að skilgreina betur hvernig ferlið við útleið úr öryggisráðstöfunum ætti að fara fram. Samhliða nýrri löggjöf um öryggisráðstafanir þyrfti að þróa heildstæða stefnu gagnvart þeim sem væru sakhæfir, hefðu afplánað fangelsisrefsingu og væru í mikilli hættu á fremja alvarleg brot á ný.

Í umsögn einstaklingsins var fjallað um álitæfni varðandi jafnrétti og bann við mismunun og aðgang fatlaðs fólks að réttindum og nauðsynlega aðlögun vegna fötlunar. Auk þess var fjallað um helstu heimildir er varða málsmeðferð beiðna um undanþágu frá beitingu nauðungar og/eða fjarvöktunar gagnvart fötluðu fólki á grundvelli 3. mgr. 15. gr. laga um réttindagæslu fyrir fatlað fólk, nr. 88/2011. Þá var getið um þau ákvæði samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks sem helst koma til álita auk þess sem umfjöllun var um íslenskan rétt og hvort og hvernig þessar heimildir mótuðu fullnægjandi málsmeðferð í fyrrnefndum málum.

Í umsögn dómstólasýslunnar var tekið fram að í frumvarpinu væri gert ráð fyrir að dómstólar mörkuðu þann ramma sem Miðstöð um öryggisráðstafanir starfaði innan í hverju tilviki fyrir sig. Sá rammi væri markaður í dómsúrlausnum um þá sem gert væri að sæta öryggisráðstöfunum á grundvelli 62. og 67. gr. almennra hegningarlaga. Þannig gæti miðstöðin ekki tekið ákvarðanir sem rúmuðust ekki innan dómsúrlausnar og með vísan til þriggreiningar ríkisvaldsins og stjórnarskrárvarins réttar einstaklinga til réttlátrar málsmeðferðar teldi dómstólasýslan mikilvægt að svo væri. Þá var í umsögninni því velt upp hvort það gæti í einhverjum tilvikum verið ónauðsynlegt að skipa tilsjónarmann þegar um vægari öryggisráðstafanir væri að ræða.

6. Mat á áhrifum.

6.1. Jafnréttismat.

Þeir sem helst verða fyrir áhrifum af lagasetningunni eru einstaklingar sem dæmdir eru til að sæta öryggisráðstöfunum, aðstandendur þeirra sem og aðilar sem koma að þjónustu við þá, þ.e. bæði ríki og sveitarfélög. Helstu aðilar ríkisins eru félags- og húsnæðismálaráðuneyti, heilbrigðisráðuneyti, mennta- og barnamálaráðuneyti og dómsmálaráðuneyti, ný stofnun; Miðstöð um öryggisráðstafanir, sem á að sjá um framkvæmd öryggisráðstafana og mun heyra undir félags- og húsnæðismálaráðuneytið, Landspítali, ríkissaksóknari og dómstólar landsins. Á vegum sveitarfélaga er aðallega um að ræða félagsþjónustu.

Frá árinu 1989 hafa 78 dómar fallið á grundvelli 62. gr. hegningarlaga. Í 91% tilvika voru þeir dæmdu karlar. Er það í takt við tölfraðilegar upplýsingar um sambærileg úrræði í Noregi, þar sem 89% skjólstæðinga eru karlar. Frumvarpið hefur því frekar bein áhrif á karla en konur, þar sem þeir eru líklegri til að hljóta dóma fyrir alvarleg brot.

Mikilvægt er að gæta þess að konur geti, þrátt fyrir að vera hlutfallslega lítill hópur, notið sértækra úrræða og sömu tækifæra til jafns við karla sem gert er að sæta öryggisráðstöfunum.

Þá benda erlendar rannsóknir til þess að hjá konum sem sæta öryggisráðstöfunum sé tíðni alvarlegra geðraskana og sjálfsskaða hærri en hjá körlum. Huga verður að þeim þáttum við veitingu heilbrigðisþjónustu. Einnig eru konur líklegri til að vera með flókna áfallasögu sem mikilvægt er að mæta með sérfræðiþjónustu og þjálfuðu starfsfólki.

Hluti þeirra sem dæmdir eru til að sæta öryggisráðstöfunum er fatlaðir einstaklingar, aðrir með alvarlegar geðrænar áskoranir. Því er ljóst að um viðkvæman hóp er að ræða og geta fleiri mismununarbreytur átt við en kynjasjónarmið.

Með frumvarpinu er lagt til að lögfesta verklag þegar einstaklingur er dæmdur til að sæta öryggisráðstöfunum skv. VII. kafla almennra hegningarlaga og eftir atvikum annarra viðhlítandi laga og tryggja þannig réttindi og réttaröryggi þeirra einstaklinga sem sæta umræddum ráðstöfunum. Ekki er talið að frumvarpið komi til með að hafa áhrif á stöðu kynjanna.

6.2. Fjárhagsáhrif fyrir rikissjóð.

Í fjármálaáætlun 2026–2030 er gert ráð fyrir 2.600 millj. kr. til byggingar húsnæðis fyrir öryggisgæslu á árunum 2026–2028. Því til viðbótar eru um 600 millj. kr. fráteknar til byggingar slíks húsnæðis, samtals 3.200 millj. kr.

Gert er ráð fyrir 600 millj. kr. í viðbótarfjármagn til rekstrar nýrrar stofnunar árið 2027 og 1.200 millj. kr. árlega eftir það. Um er að ræða viðbót við núverandi fjárheimild sem nemur tæplega 617 millj. kr.

Auk þess er gert ráð fyrir 2.000 millj. kr. í almennum varasjóði vegna úrræða og þjónustu fyrir einstaklinga sem sæta öryggisráðstöfunum samkvæmt dómsúrlausn. Áætlað er að færa þær fjárheimildir á viðfang öryggisvistunar og að öðrum þjónustuúrræðum eða ráðuneytum verði greitt fyrir þjónustu sem þau veita samkvæmt reikningum. Það fjármagn nýtist til að bæta við þjónustu við þau sem nú sæta öryggisúrræðum, m.a. vegna þess að í frumvarpinu eru gerðar auknar kröfur til eftirlits með einstaklingum sem gert er að sæta vægari öryggisráðstöfunum.

Þegar nýtt húsnæði Miðstöðvar um öryggisráðstafanir rís verður hægt að bæta þjónustu við einstaklinga verulega. Þar skiptir aðstaða fyrir virkniúrræði miklu máli og getur hún aukið líkur á að skjólstaðingar öryggisgæslu færist í vægari úrræði eða úr úrræðum stofnunarinnar. Áætlað er að í nýju húsnæði Miðstöðvar um öryggisráðstafanir verði allt að 16 skjólstaðingar vistaðir á hverjum tíma. Í dag sæta 14 einstaklingar öryggisráðstöfunum og búast má við að þeir verði fleiri þegar til staðar verður úrræði til að sinna framkvæmd slíkra ráðstafana. Einnig er horft til þess að með fyrirhuguðum breytingum á hegningarlögum mun nýr hópur skjólstaðinga bætast við á grundvelli 67. gr. almennra hegningarlaga um áframhaldandi frelsis-skerðingu eftir að afplánun lýkur. Við hönnun nýs húsnæðis verður gerð sú krafa að hægt verði að stækka það eða byggja við, verði þess þörf. Gert er ráð fyrir að húsnæðið muni einnig hýsa skrifstofur nýrrar stofnunar.

Þjónustuþörf einstaklinga sem sæta öryggisráðstöfunum er misjöfn og breytileg eftir aðstæðum hverju sinni. Áætlað er að 90 stöðugildi verði á nýrri stofnum við að sinna 16 einstaklingum í öryggisgæslu og hafa umsjón með rekstri vægari öryggisúrræða. Einnig er gert ráð fyrir að miðstöðin sinni fræðslu og þjálfun til aðila sem koma að þjónustu við hópinn. Áætlaður kostnaður við rekstur stofnunarinnar árlega er áætlaður um 1,6 milljarðar kr. Þar af má gera ráð fyrir að um 200–300 millj. kr. verði fjármagnaðar í gegnum SIS-framlög Jöfnunar-sjóðs sveitarfélaga sem fylgja skjólstaðingum stofnunarinnar.

Á grundvelli þjónustu- og öryggisþarfa þeirra einstaklinga sem í dag er gert að sæta öryggisráðstöfunum má gera ráð fyrir að átta þeirra gætu færst í öryggisgæslu miðstöðvarinnar. Þeir einstaklingar eru í dag í úrræðum sem kosta árið 2025 samtals um 1.200 millj. kr.

Meðalkostnaður við hvern skjólstæðing í þessum úrræðum nemur því í dag um 151 millj. kr. á ársgrundvelli, en meðalkostnaður við hvern skjólstæðing í öryggisgæslu á vegum nýrrar stofnunar er áætlaður 91 millj. kr. eftir að nýtt húsnæði hefur verið tekið í notkun. Af þessum ástæðum er ljóst að til lengri tíma getur ný löggjöf og nýtt húsnæði miðstöðvar um öryggisráðstafanir aukið skilvirkni í þjónustu við einstaklinga sem sæta öryggisráðstöfunum.

6.3. Önnur áhrif.

Frumvarpið fjallar um framkvæmd öryggisráðstafana sem einstaklingum er gert að sæta, m.a. skv. VII. kafla hegningarlaga vegna ósakhæfis eða vegna þess að refsing beri ekki árangur, en talið er nauðsynlegt vegna réttaröryggis að þeir sæti slíkum ráðstöfunum. Um er að ræða viðkvæman hóp sem er með geðrænan vanda og/eða skerðingar af ýmsum toga (fjölbættan vanda). Með frumvarpinu er í fyrsta sinn í íslenskri löggjöf kveðið á um framkvæmd umræddra öryggisráðstafana, réttindi þeirra sem sæta þeim, reglulega endurskoðun ráðstafana og ýmislegt fleira. Frumvarpið hefur því margvísleg jákvæð áhrif á réttindi og réttaröryggi þeirra sem sæta öryggisráðstöfunum og stuðlar að því að íslensk stjórnvöld uppfylli í meiri mæli skyldur sínar samkvæmt stjórnarskrá og alþjóðlegum skuldbindingum sem ríkið hefur undirgengist.

6.4. Samfélagslegur ávinningur.

Með því að kveða á um framkvæmd öryggisráðstafana, skýra ábyrgð og verkaskiptingu og bæta samstarf þeirra aðila sem koma að öryggisráðstöfunum og félags- og heilbrigðisþjónustu má tryggja betri og skilvirkari þjónustu við þá sem sæta slíkum ráðstöfunum. Þannig fá þeir einstaklingsbundna og viðeigandi þjónustu á hverjum tíma, auk þess sem betra flæði og samfella verður í þjónustu mismunandi þjónustuaðila. Má þannig bæta lífsgæði einstaklingsins og stuðla smám saman að endurkomu hans út í samfélagið.

Þar að auki hefur frumvarpið þau áhrif að betur er gætt að réttaröryggi, öryggi þeirra sem sæta öryggisráðstöfunum en ekki síður öryggi almennings.

6.5. Mat á áhrifum á persónuvernd.

Í frumvarpinu er fjallað almennt um vinnslu persónuupplýsinga, þ.e. að nýrri ríkisstofnun, Miðstöð um öryggisráðstafanir, verði heimil söfnun og vinnsla persónuupplýsinga vegna verkefna sem mælt er fyrir um, nái frumvarpið fram að ganga. Þá er gengið út frá því að miðlun persónuupplýsinga á milli miðstöðvarinnar og þeirra sem fara með verkefni samkvæmt frumvarpinu verði heimil ef hún er nauðsynleg í þágu lögbundinna verkefna miðstöðvarinnar eða annarra aðila sem fara með verkefni samkvæmt frumvarpinu.

Miðstöðinni er jafnframt lýst heimilt að miðla upplýsingum, þ.m.t. viðkvæmum persónuupplýsingum, svo sem upplýsingum um heilsufar, og upplýsingum sem talist geta viðkvæms eðlis, til þeirra aðila sem fara með verkefni samkvæmt frumvarpinu, verði það að lögum, að því marki sem það er nauðsynlegt til að stuðla að því að þeir geti sinnt lögbundnum verkefnum sínum. Í sama tilgangi er þessum aðilum heimilt að miðla persónuupplýsingum til miðstöðvarinnar að því marki sem það er nauðsynlegt.

Í þágu öryggissjónarmiða mun miðstöðin geta kafið þá sem lúta eftirliti hennar um hverjar þær upplýsingar sem miðstöðin telur nauðsynlegar við framkvæmd öryggisráðstafana. Í þessu efni eru heimildir m.a. sóttar til laga um vinnslu persónuupplýsinga í löggæslutilgangi, nr. 75/2019.

Gert er ráð fyrir því að ráðherra kveði nánar á um skilyrði um vinnslu persónuupplýsinga í reglugerð en um hana fer m.a. eftir lögum um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga,

nr. 90/2018. Sú vinnsla sem um ræðir varðar í mjög ríkum mæli réttindi og frelsi einstaklinga. Af þeirri ástæðu mun fara fram mat á áhrifum fyrirhugaðra vinnsluaðgerða á vernd persónuupplýsinga áður en vinnslan hefst á vettvangi nýrrar stofnunar, sbr. 29. gr. laga um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga. Enn fremur mun fara fram mat á áhrifum á persónuvernd vegna reglusetningar áður en sú reglugerð telst frágengin sem sett verður.

Í umsögn Persónuverndar um þau drög frumvarpsins sem birt voru í samráðsgátt stjórnvalda kemur fram að stofnunin telji æskilegt að umrætt mat vegna reglusetningar verði framkvæmt áður en frumvarpið er lagt fram á Alþingi. Forsendur matsins og niðurstöður þess myndu þá koma fram í lögskýringargögnum.

Ráðuneytið tekur undir með Persónuvernd að æskilegt sé að mat á áhrifum á persónuvernd fari fram eins snemma í reglusetningarferlinu og kostur er. Á hinn bóginn þarf að líta til þess að mat á áhrifum á persónuvernd vegna reglusetningar er enn sem komið er ekki lögskylt verkefni við undirbúning lagafrumvarpa. Eins og á stendur myndi það seinka framlagningu fyrirbyggjandi frumvarps ef farið yrði með það í gegnum umrætt mat. Þar sem brýnt er að koma þeim úrbótum á sem frumvarpið felur í sér mun matið fara fram á síðari stigum reglusetningar.

Um einstakar greinar frumvarpsins.

Um I. kafla.

Í kaflanum eru ákvæði um markmið og gildissvið frumvarpsins ásamt skilgreiningum á helstu hugtökum.

Gert er ráð fyrir að lögin muni gilda um framkvæmd öryggisráðstafana sem ákveðnar eru með dómsúrlausn á grundvelli VII. kafla almennra hegningarlaga, nr. 19/1940. Jafnframt muni lögin gilda, eftir því sem við á, um aðrar dómsúrlausnir sem fela í sér öryggisgæslu og/eða vægari öryggisráðstafanir. Það leiðir af ákvæðum stjórnarskrárinnar og þrískiptingu ríkisvalds að dómsúrlausn um slíka frelsissviptingu eða frelsisskerðingu verður einungis byggð á skýrri heimild í settum lögum. Kveðið er á um þessar heimildir í 100. gr. laga um meðferð sakamála, nr. 88/2008, og 23. gr. laga um réttindavernd fatlaðs fólks.

Ýmsar aðrar opinberar ráðstafanir geta inniborið ákveðinn öryggisþátt og falið í sér eitt-hvert inn grip í líf einstaklings, má m.a. nefna löggæslu- og fullnustuaðgerðir, auk lögræðisviptinga. Mjög skýrt er hins vegar að gildissvið laga samkvæmt frumvarpi þessu mun ekki ná til slíkra aðgerða, heldur einungis til þeirra öryggisráðstafana sem hefur verið dæmt eða úrskurðað um á grundvelli framangreindra lagaákvæða. Áréttað er að engin fullnusta refsingar mun fara fram á öryggisgæslustöðum þeirrar nýju miðstöðvar sem gengið er út frá að sett verði á stofn, nái frumvarpið fram að ganga.

Markmið frumvarpsins eru margþætt. Stefnt er að því að tryggja að framkvæmd öryggisráðstafana sé í samræmi við mannréttindi og réttaröryggi, tryggja þeim einstaklingum sem sæta slíkum ráðstöfunum viðeigandi stuðning, hjálfun og meðferð sem og að gæta að öryggi þeirra sem sæta ráðstöfununum og annarra. Einnig er það markmið frumvarpsins að tryggja samvinnu milli aðila sem koma að þjónustu við þá sem falla undir frumvarpið.

Um 1. gr.

Eins og rakið er í greinargerð má rekja tilefni og nauðsyn lagasetningar til þeirrar stöðu að í gildandi lögum er ekki kveðið á um það með samræmdum og skilvirkum hætti hver skuli annast þær öryggisráðstafanir sem dómsúrlausn felur í sér. Af þeirri ástæðu hefur verið óljóst að hvaða marki eða árangri er stefnt með öryggisráðstöfun. Þá hefur komið greinilega í ljós að áhætta er fölgín í gildandi lagaumhverfi, þar sem óljóst er hvernig bregðast skuli við þegar öryggisráðstöfun sleppir.

Við gerð frumvarpsins þurfti að taka afstöðu til þeirra sjaldgæfu undantekningartilvika þegar barn er dæmt eða úrskurðað til þess að sæta öryggisráðstöfunum. Við þær aðstæður verður almennt að telja að það þjóni hagsmunum barnsins best ef öryggisráðstafanir fara fram á stöðum sem settir eru á fót og starfræktir samkvæmt ákvæðum barnaverndarlaga. Ákveðnar meginreglur munu samkvæmt ákvæðum frumvarpsins gilda um ráðstafanir óháð aldri skjólstæðings, þ.e. ákvæði III. kafla um tilsjónarmenn, eftir atvikum ákvæði IV. kafla um inntak öryggisgæslu og annarra vægari öryggisráðstafana og VIII. kafla um endurskoðun og lok öryggisráðstafana. Þá eru í frumvarpinu sérstök ákvæði um þau tilvik sem snúa að tilfærslu á milli vistunarstaða í kringum 18 ára aldur eða þegar úrræði barnaverndar eru framlengd, að jafnaði allt til þess að 20 ára aldri er náð. Í 18. gr. er gengið út frá því að Barna- og fjölskyldustofa og hlutaðeigandi barnaverndarþjónusta fái til sín dómsúrlausnir sem varða börn á sama tíma og miðstöðin.

Um 2. gr.

Markmið við framkvæmd ráðstafana samkvæmt frumvarpi þessu eru fjölþætt og talin upp í greininni. Svo að þeim markmiðum verði náð verður sett á fót ný stofnun, Miðstöð um öryggisráðstafanir, sem skal fara með framfylgd öryggisráðstafana sem ákveðnar eru með dómsúrlausn á grundvelli viðhlítandi laga.

Tilgangur þess að setja ný heildarlög er að öryggisgæsla og aðrar vægari öryggisráðstafanir skili tilætludum árangri. Með þessu er átt við að tilteknum aðila verði falið að tryggja öryggi og halda í lágmarki áhættu af einstaklingum sem metnir hafa verið hættulegir sjálfum sér eða öðrum. Sá tilætlaði árangur felur þannig í sér að öryggiskröfum sé mætt en ekki síður að tryggt sé, með skilgreindri ábyrgð, að öryggisráðstafanir vari aldrei lengur eða séu umfangsmeiri en nauðsyn krefur. Í þessu felst m.a. að stuðlað sé að því eftir fremsta megni að einstaklingar sem sæta öryggisráðstöfunum geti snúið aftur til eðlilegs lífs, með nauðsynlegum stuðningi og aðstoð.

Skilgreind ábyrgð á báðum þáttum, þ.e. að framfylgja öryggiskröfum og því að ráðstafanir vari aldrei lengur eða séu umfangsmeiri en nauðsyn krefur, er falin nýrri ríkisstofnun sem lagt er til að sett verði á laggirnar, Miðstöð um öryggisráðstafanir.

Í fyrsta lagi er það markmið að tryggja mannréttindi og réttaröryggi þeirra einstaklinga sem sæta öryggisráðstöfunum. Það er þýðingarmikið enda fela slíkar ráðstafanir í sér alvarlegt inngríp í líf þeirra og eru til þess fallnar að hafa veruleg áhrif á hagsmuni þeirra. Vegna þeirrar viðkvæmu stöðu sem slíkir einstaklingar eru alla jafna í þykir ástæða til að leggja áherslu á mikilvægi þess að gætt sé að mannréttindum þeirra í hvívetna við framkvæmd öryggisráðstafana. Hér reynir ekki aðeins á mannréttindaákvæði stjórnarskrár Lýðveldisins Íslands, nr. 33/1944, og samningsins um vernd mannréttinda og mannfrelsis, þ.e. mannréttindasáttmála Evrópu, sbr. lög nr. 62/1994, heldur einnig á ýmsa aðra sáttmála. Um að ræða m.a. samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks, samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins, sbr. lög nr. 19/2013, samning Sameinuðu þjóðanna gegn pyndingum og annarri grimmilegri, ómannlegri eða vanvirðandi meðferð eða refsingu og Evrópusamning um varnir gegn pyndingum og ómannlegri eða vanvirðandi meðferð eða refsingu. Jafnframt er minnt á önnur alþjóðleg viðmið og tilmæli frá Sameinuðu þjóðunum og Evrópuráðinu sem hafa þýðingu við framkvæmd öryggisráðstafana. Við framkvæmd laganna, verði frumvarpið samþykkt, skal taka tillit til þessara alþjóðlegra viðmiða að því marki sem það á við. Einnig ber að verja réttaröryggi þeirra sem sæta öryggisráðstöfunum og beita reglum með hliðsjón af þeirri viðkvæmu stöðu sem þessir einstaklingar eru í.

Í öðru lagi er það markmið að tryggja öryggi og halda í lágmarki áhættu af einstaklingum sem metnir hafa verið hættulegir sjálfum sér eða öðrum. Í þessu sambandi þarf að huga að öryggi þeirra sem sæta öryggisráðstöfunum sem og öryggi og hagsmunum annarra sem kann að stafa hættu af þeim. Annars vegar getur sá sem sætir öryggisráðstöfunum stefnt eigin öryggi í hættu. Hins vegar getur hættu stafað af þeim einstaklingi sem snýr að öryggi og hagsmunum annarra. Taka þarf tillit til hagsmuna beggja. Þannig getur þurft að grípa til ráðstafana sem skerða frelsi einstaklings til að tryggja öryggi, friðhelgi og réttindi annarra einstaklinga. Við hagsmunamatið þarf sem endranær að gæta þess að ekki sé gripið til meira íþyngjandi ráðstafana en nauðsyn ber til. Í þessu sambandi skal tekið fram að á íslenska ríkinu hvílir skylda til að vernda líf og líkama annarra manna, sbr. t.d. 2. og 8. gr. mannréttindasáttmála Evrópu og 71. gr. stjórnarskrárinnar.

Í þriðja lagi er markmið frumvarpsins að þeir sem sæta öryggisráðstöfunum fái stuðning, þjálfun og meðferð. Sérstaða þeirra lögbundnu ákvarðana sem frumvarpið felur í sér að verði teknar er að samhliða öryggisráðstöfun verði skjólstæðingi veitt þjónusta sem honum er nauðsynleg, m.a. heilbrigðisþjónusta og félagsþjónusta. Þegar þjónusta er veitt myndi skjólstæðingur alltaf teljast vera í viðkvæmri stöðu auk þess sem ekki er um það að ræða að hann sæki um þjónustu eftir hefðbundnum leiðum. Ábyrgðaraðilar þjónustu verða því að hafa frumkvæði að því að meta þörf fyrir stuðning og aðstoð og veita nauðsynlega þjónustu sem mætir þeirri þörf.

Í fjórða lagi er afar brýnt er að sú félags- og heilbrigðisþjónusta sem veitt er stuðli að aukinni hæfni, virkri þátttöku og farsælli endurhæfingu þeirra sem sæta slíkum ráðstöfunum og aðlögun að samfélaginu. Er mikilvægt að kveðið sé skýrt á um þetta til að undirstrika það markmið öryggisráðstafana að koma skjólstæðingum aftur út í samfélagið, þó þannig að fyllsta öryggis sé gætt. Með þessu á að tryggja eins og unnt er að öryggisráðstafanir verði ekki umfangsmeiri eða vari lengur en nauðsynlegt er.

Í fimmta lagi er markmiðið að gætt sé að sjálfsákvörðunarrétti og lífsgæðum þeirra sem sæta öryggisráðstöfunum að því marki sem unnt er, þ.e. innan þess ramma sem samrýmist því að tryggja öryggi þeirra og annarra sem og að framfylgja öryggisráðstöfuninni samkvæmt dómsúrlausn. Mikilvægt er að virða sjálfsákvörðunarrétt þeirra sem hafa verið sviptir frelsi að því marki sem unnt er miðað við eðli vistunarinnar. Þannig ber að leitast við að fá afstöðu þeirra sem sæta slíkum ráðstöfunum til sem flestra ákvarðana sem varða þá. Ber að hafa það að leiðarljósi við alla ákvarðanatöku og meðferð. Einnig ber að taka tillit til sjónarmiða og óska barna eftir því sem aldur þeirra og þroski gefur tilefni til.

Í sjötta lagi er það markmið frumvarpsins að tryggja samvinnu milli þeirra ólíku aðila sem koma að málefnum einstaklinga sem sæta öryggisráðstöfunum og stuðla að samfellu í úrræðum. Meðal þeirra eru félagsþjónusta sveitarfélaga, heilbrigðisstofnanir, miðstöðin og handhafar ákærvalds. Mikilvægt er að þessir aðilar vinni saman til að unnt sé að framfylgja þeirri framtíðarsýn sem frumvarpið byggist á.

Um 3. gr.

Í ákvæðinu eru áréttáðar meginreglur sem fara ber eftir þegar börn eiga í hlut.

Í 1. mgr. er sú regla áréttuð að börn skuli sæta öryggisgæslu í úrræðum á vegum Barna- og fjölskyldustofu og að um vistun þeirra þar fari eftir barnaverndarlögum. Þá er sérstaklega tekið fram að þótt barn sæti öryggisgæslu séu úrræði Barna- og fjölskyldustofu ekki öryggisgæslustaðir í skilningi frumvarpsins. Er talið æskilegt að börn séu vistuð í umhverfi sem hæfir þeim og á ábyrgð yfirvalda sem hafa sérþekkingu á meðferð barna og þjónustu við þau.

Í 2. mgr. er kveðið á um að ávallt skuli hafa hagsmuni barna að leiðarljósi og gera það sem barni er fyrir bestu þegar ákvarðanir eru teknar um öryggisráðstafanir vegna þess. Fleiri meginreglur eiga við um framkvæmd öryggisráðstafana í tengslum við börn eins og leiðir af barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna, sbr. lög um samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins, nr. 19/2013. Jafnframt er kveðið á um þátttöku barna í málum sem þau varða og að réttmætt tillit skuli tekið til skoðana þeirra. Er þetta til viðbótar við almenna skyldu samkvæmt frumvarpinu til að leita eftir og taka tillit til skoðana og sjónarmiða notenda. Þetta er áréttað sérstaklega þar sem um börn er að ræða, en í slíkum tilvikum þarf að tryggja að upplýsingar séu veittar á barnvænan hátt í samræmi við aldur og þroska barnsins. Ákvæðið er samhljóða 2. mgr. 4. gr. barnaverndarlaga, nr. 80/2002.

Í 3. mgr. kemur fram hvað gerist þegar barn sem sætir öryggisráðstöfunum á vegum Barna- og fjölskyldustofu nær 18 ára aldri. Í samræmi við barnaverndarlög, nr. 80/2002, er heimilt að bjóða einstaklingi áframhaldandi vistun þegar 18 ára aldri er náð, að jafnaði til 20 ára aldurs. Ekki er þó útilokað að einstaklingur sé vistaður lengur en til 20 ára aldurs á vegum Barna- og fjölskyldustofu. Að öðrum kosti færist vistun yfir til miðstöðvarinnar. Mikilvægt er að Barna- og fjölskyldustofa hafi samband við miðstöðina með góðum fyrirvara svo að unnt sé að gera nauðsynlegar ráðstafanir varðandi flutning, þurfi ungmenni að færast á öryggisgæslustað á vegum miðstöðvarinnar.

Um 4. gr.

Í ákvæðinu eru skýringar á helstu hugtökum.

Um 1. tölul. Með aðlögun málsmeðferðar er tryggt að fatlað fólk hafi aðgang að réttarkerfinu til jafns við aðra.

Um 2. tölul. Með barnaverndaryfirvöldum er átt við þá aðila sem bera ábyrgð á barnavernd samkvæmt barnaverndarlögum, þ.e. Barna- og fjölskyldustofu og viðeigandi barnaverndarþjónustu.

Um 3. tölul. Með dómsúrlausn er átt við þá niðurstöðu dómstóls um að einstaklingur skuli sæta frelsissviptingu eða frelsisskerðingu í öryggisskyni á grundvelli VII. kafla almennra hegningarlaga, nr. 19/1940, 100. gr. laga um meðferð sakamála, nr. 88/2008, eða úrskurði á grundvelli 2. mgr. 23. gr. laga um réttindavernd fatlaðs fólks.

Um 4. tölul. Með félagsþjónustu er m.a. átt við þjónustu á grundvelli laga um félagsþjónustu sveitarfélaga og laga um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir.

Um 5. tölul. Með heilbrigðisþjónustu er m.a. átt við heilbrigðisþjónustu á grundvelli laga um heilbrigðisþjónustu og laga um réttindi sjúklunga.

Um 6. tölul. Um er að ræða skilgreiningu á nauðung í þjónustu við fatlað fólk skv. 17. gr. laga um réttindavernd fatlaðs fólks.

Um 7. tölul. Rafrænt eftirlit er ein tegund vægari öryggisráðstafana sem byggist á vöktun með rafrænum eftirlitsbúnaði til að fylgjast með ferðum skjólstæðings, t.d. ökklabandi.

Um 8. tölul. Mannréttindastofnun Íslands sinnir réttindagæslu fyrir fatlað fólk en um hlutverk hennar fer eftir lögum um réttindavernd fatlaðs fólks.

Um 9. tölul. Hér kemur fram skilgreining á hugtakinu skjólstæðingur, þ.e. einstaklingi sem sætir öryggisráðstöfun. Við smíði frumvarpsins var farið yfir ýmsa kosti varðandi hugtök að þessu leyti en niðurstaðan var sú að hugtakið skjólstæðingur endurspeglir best þá viðkvæmu stöðu sem hlutaðeigandi einstaklingur er í. Lögð er áhersla á að skjólstæðingur í skilningi laga um félagsþjónustu sveitarfélaga hefur mun víðari skírskotun.

Um 10. tölul. Tilsjónarmaður er skipaður á grundvelli almennra hegningarlaga til að hafa eftirlit með því að öryggisráðstafanir sem einstaklingur sætir séu ekki meira íþyngjandi eða vari lengur en nauðsyn krefur. Um nánari skýringu á hlutverki tilsjónarmanna vísast til ákvæða III. kafla.

Um 11. tölul. Með viðeigandi aðlögun er átt við nauðsynlegar og viðeigandi breytingar og lagfæringar til að tryggja að fatlað fólk fái notið til jafns við aðra allra mannréttinda og grundvallarfrelsis.

Um 12. tölul. Hér kemur fram skilgreining á hugtakinu vægari öryggisráðstafanir. Um er að ræða ráðstafanir sem byggjast á VII. kafla almennra hegningarlaga þar sem unnt er að gera einstaklingi að sæta ýmsum öryggisráðstöfunum. Þessar ráðstafanir teljast vera vægari en öryggisgæsla. Hér undir myndu t.d. falla rafrænt eftirlit, fyrirskipuð meðferð, ákvörðun dvalarstaðar, vinnu og umgengni við ákveðna einstaklinga og bann við neyslu áfengis, vímuefna og lyfja.

Um 13. tölul. Hér kemur fram sú skilgreining á hugtakinu þjónustuaðili að um sé að ræða lögaðila sem veitir skjólstæðingi þjónustu samhliða öryggisráðstöfunum. Í skilningi frumvarpsins er einkum um að ræða félagsþjónustu, bæði almenna og sértæka, heilbrigðisþjónustu á öllum stigum hennar, sbr. lög um heilbrigðisþjónustu, fræðslu, öldrunarþjónustu o.fl.

Um 14. tölul. Með þjónustuteymi er átt við þverfaglegt teymi starfsfólks öryggisgæslustaðar sem leggur mat á þjónustubörf skjólstæðings með tilliti til þeirra öryggisráðstafana sem honum er gert að sæta og heldur utan um þjónustu við skjólstæðing á staðnum.

Um 15. tölul. Með þverfaglegu matsteymi er átt við teymi skipað sérfræðingum með viðeigandi fagþekkingu, svo sem á sviði félags- og heilbrigðisþjónustu sem starfar innan miðstöðvarinnar og veitir álit á þeim öryggisráðstöfunum sem skjólstæðingur skal sæta. Álit teymisins skal liggja til grundvallar ákvörðun um framkvæmd öryggisráðstafana, þ.m.t. um öryggisgæslustað eða aðrar öryggisráðstafanir, innan marka dómsorðs.

Um 16. tölul. Hér kemur fram skilgreining á hugtakinu öryggisgæsla. Skv. VII. kafla almennra hegningarlaga er unnt að vista einstakling, sem er annaðhvort ósakhæfur eða svo er ástatt um að refsing getur ekki borið árangur, sbr. 15. og 16. gr. sömu laga, á viðeigandi hæli til að varna því að hætta verði af honum. Í framkvæmd sem og í 2. mgr. 1. gr. laga um meðferð sakamála, nr. 88/2008, hefur orðið „öryggisgæsla“ verið notað um slíka öryggisráðstöfun. Byggt er á því í frumvarpi þessu. Gert er ráð fyrir að öryggisgæsla geti falið í sér ólíkar ráðstafanir í samræmi við einstaklingsbundnar aðstæður hvers skjólstæðings. Í öryggisgæslu er veitt einstaklingsbundin félags- og heilbrigðisþjónusta, þ.e. ráðgjöf, stuðningur, þjálfun og meðferð.

Öryggisgæsla getur farið fram á heilbrigðisstofnun þar sem veitt er réttar- og öryggisgeðþjónusta, á öryggisgæslustöðum á vegum Miðstöðvar um öryggisráðstafanir, þ.m.t. á grundvelli samninga skv. 14. gr., eða á vegum Barna- og fjölskyldustofu eftir atvikum.

Í öryggisgæslu felst frelsissvipting og skerðing á réttindum þess einstaklings sem sætir henni. Helsta skerðingin er á athafna- og ferðafrelsi einstaklingsins þar sem hann getur ekki ráðið búsetu sinni eða farið frjáls ferða sinna þegar honum hentar, en jafnframt geta ýmis samskipti við umheiminn verið takmörkuð. Þannig getur t.d. aðgengi að síma, tölvu og neti verið háð takmörkunum. Gengið er út frá því að einstaklingur sem sætir öryggisgæslu hafi þörf fyrir heilbrigðis- og/eða félagslega þjónustu hvort sem hún er veitt á öryggisgæslustað eða utan hans. Þjónustan skal vera einstaklingsbundin og því getur sú þjónusta, meðferð, stuðningur o.s.frv. verið af ólíkum toga og umfangi eftir aðilum. Þjónusta og meðferð skal veitt í samráði og samstarfi við einstaklinginn. Gert er ráð fyrir að settar verði reglur um framkvæmd öryggisgæslu á öryggisgæslustöðum í samræmi við ákvæði frumvarpsins, sbr. 60. gr.,

m.a. um muni sem óheimilt er að hafa á öryggisgæslustað, heimsóknir, heimsóknarleyfi o.s.frv., sbr. VII. kafla.

Um 17. tölul. Öryggisgæslustaður er sá staður þar sem einstaklingur, sem sætir öryggisgæslu, er vistaður. Um er að ræða öryggisgæslustaði á vegum Miðstöðvar um öryggisráðstafanir og heilbrigðisstofnun þar sem veitt er réttar- og öryggisgeðþjónusta, sem og öryggisgæslustaði samkvæmt samningi.

Um 18. tölul. Öryggisráðstafanir, sem eru nánar skilgreindar í 19. gr., er samheiti yfir þær öryggisráðstafanir, sem einstaklingur er dæmdur eða úrskurðaður til að sæta skv. VII. kafla almennra hegningarlaga, þ.e. öryggisgæsla eða vægari öryggisráðstafanir, eða samkvæmt öðrum viðhlítandi lagaákvæðum.

Um II. kafla.

Í kaflanum er að finna ákvæði um stjórnslu öryggisráðstafana, þ.e. öryggisgæslu og vægari öryggisráðstafana. Ráðherra fer með yfirstjórn og eftirlit málaflokksins. Gert er ráð fyrir að komið verði á fót stofnun, Miðstöð um öryggisráðstafanir, sem beri ábyrgð á framkvæmd öryggisráðstafana. Í kaflanum eru ákvæði um verkefni miðstöðvarinnar, um forstjóra og fagráð miðstöðvarinnar, um hæfnikröfur, þjálfun og starfsskyldur starfsfólks ásamt heimild til samningagerðar við sveitarfélög og einkaaðila um framkvæmd öryggisgæslu og annarra vægari öryggisráðstafana.

Um 5. gr.

Í ákvæðinu er kveðið á um yfirstjórn ráðherra yfir öryggisráðstöfunum sem ákveðnar eru með dómsúrlausn á grundvelli VII. kafla almennra hegningarlaga, nr. 19/1940. Ráðherra fer eftir atvikum einnig með yfirstjórn öryggisráðstafana ef dómari mælir fyrir um vistun sakbornings á öryggisgæslustað á vegum miðstöðvarinnar í stað gæsluvarðhalds, skv. 100. gr. laga um meðferð sakamála, nr. 88/2008, og ef miðstöðin semur við sveitarfélag eða einkaaðila um framkvæmd einstaklingsbundinna öryggisráðstafana, skv. 2. mgr. 23. gr. laga um réttindavernd fatlaðs fólks. Ný stofnun, Miðstöð um öryggisráðstafanir, er ríkisstofnun starfandi undir yfirstjórn ráðherra sem ber ábyrgð á málaflökknum. Í X. kafla frumvarpsins er fjallað nánar um hlutverk ráðherra og annarra lögbundinna aðila gagnvart stjórnslueftirliti.

Um 6. gr.

Í ákvæðinu er kveðið á um verkefni Miðstöðvar um öryggisráðstafanir. Miðstöðinni verður falin framkvæmd dóma og úrskurða um öryggisgæslu og/eða vægari öryggisráðstafanir. Miðstöðin mun einnig sjá um önnur verkefni í samræmi við ákvæði frumvarpsins og þau stjórnvaldsfyrirmæli sem sett verða á grundvelli þeirra. Þannig skal miðstöðin hafa umsjón með rekstri þeirra öryggisgæslustaða sem heyra undir miðstöðina, en í frumvarpinu er einnig gert ráð fyrir því að unnt verði að semja við sveitarfélög og einkaaðila um framkvæmd öryggisráðstafana að fullnægðum tilteknum skilyrðum. Áréttað er að um er að ræða framkvæmd öryggisgæslu á öryggisgæslustöðum á vegum miðstöðvarinnar eða samningsaðila skv. 14. gr. en ekki þegar um öryggisgæslu á heilbrigðisstofnunum er að ræða. Um slíka vistun fer alfarið eftir lögum sem gilda um starfsemi þeirra stofnana, svo sem lögum um réttindi sjúklinga og lögum um heilbrigðisþjónustu.

Í 2. mgr. felst að miðstöðin taki við öllum dómsúrlausnum sem kveða á um öryggisráðstafanir til framkvæmdar og skráningar.

Í 3. mgr. er kveðið á um skyldu miðstöðvarinnar til eftirlits með öryggisgæslustöðum á hennar vegum, sem og með einstaklingum sem gert er að sæta öðrum öryggisráðstöfunum.

Sérstaklega er tekið fram að miðstöðin fari jafnframt með eftirlit með þeim öryggisgæslustöðum sem starfa á vegum sveitarfélaga eða einkaaðila á grundvelli samnings við miðstöðina. Er það nauðsynlegt til að tryggja réttindi þeirra einstaklinga sem gert er að sæta öryggisráðstöfunum og gæta samræmis og jafnræðis á milli einstaklinga, sama hvar þeir eru vistaðir. Þá er skýrt kveðið á um að eftirlit með öryggisgæslustöðum sem teljast vera heilbrigðisstofnanir, svo sem réttar- og öryggisgeðdeild Landspítala, sé í höndum heilbrigðisyfirvalda og eftirlit með stöðum þar sem börn eru í öryggisgæslu, svo sem á Stuðlum, sé í höndum barnaverndaryfirvalda. Er það í samræmi við lög um Gæða- og eftirlitsstofnun velferðarmála, nr. 88/2021, þar sem fram kemur að allir þeir sem veita þjónustu sem lýtur eftirliti stofnunarinnar skulu hafa virkt eftirlit með starfsemi sinni. Um ytra eftirlit er fjallað í 62. og 63. gr. frumvarpsins.

Rétt er að taka fram að eftirlit samkvæmt ákvæðinu er ekki sama eftirlit og svokallað OPCAT-eftirlit sem umboðsmaður Alþingis fer með og er hluti af ytra eftirliti með réttindum skjólstaðinga, sbr. 62. gr. frumvarpsins. Til nánari skýringar á eftirliti samkvæmt ákvæðinu er um að ræða eftirlit innan stjórnkerfis framkvæmdarvaldsins sem miðar að því að framkvæmd mála þessara sé í samræmi við gildandi lög, reglur, samninga og þau alþjóðlegu viðmið sem gæta skal að. Eftirlitið snýr með öðrum orðum að því hvort framkvæmd öryggisráðstafana sé í samræmi við ákvæði frumvarpsins og er til viðbótar öðru eftirliti sem aðrir aðilar fara með á grundvelli annarra laga. Að lágmarki felur eftirlit í sér að komið sé á verklagi til að framfylgt sé reglum sem gilda um öryggisgæslustaði eða vægari öryggisráðstafanir og að til staðar sé ferli til að tryggja eftirlit.

Í 4. mgr. er mælt fyrir um að miðstöðin veiti þjónustuaðilum ráðgjöf og faglegan stuðning. Með þjónustuaðilum er hér átt við félagsþjónustu sveitarfélaga, heilbrigðisstofnanir, barnaverndarþjónustu og fleiri opinbera þjónustuveitendur. Einkaaðilar geta einnig verið þjónustuaðilar í þessum skilningi. Ráðgjöf og stuðningur miðstöðvarinnar hefur einkum þann tilgang að tryggja samræmi og jafnræði þegar félags- og heilbrigðisþjónusta er veitt samhliða öryggisráðstöfunum. Í ákvæðinu er miðstöðinni enn fremur falið að veita fræðslu um málefni stofnunarinnar og skjólstaðinga hennar til viðeigandi hagaðila, til að mynda innan réttarvörslukerfisins og félags- og heilbrigðisyfirvalda, svo sem til dómstóla, ákærvalds, lögreglu, félagsþjónustu sveitarfélaga og heilbrigðisstarfsmanna. Miðstöðin beri þannig ábyrgð á fræðslu varðandi inntak og framkvæmd öryggisráðstafana, um réttindi og skyldur skjólstaðinga, heimildir starfsfólks og annað sem þörf er á að miðla til að stuðla að samræmingu í þjónustu og aukinni þekkingu og skilningi þjónustuaðila.

Í 5. mgr. kemur fram að miðstöðinni sé heimilt með samningi að fela öðrum verkefni, svo sem að sjá um rafrænt eftirlit. Áréttað er að feli miðstöðin öðrum slíkt eftirlit felur það í sér að viðkomandi aðili hafi þá sömu heimildir til vinnslu persónuupplýsinga og miðstöðin hefði haft.

Með 6. mgr. er miðstöðinni falið að halda skrá um alla sem dæmdir eða úrskurðaðir eru til að sæta öryggisráðstöfunum. Er það nauðsynlegt til þess að miðstöðin geti sinnt lögbundnu hlutverki sínu. Hlutverk þetta er óháð skyldum annarra aðila, t.d. ríkissaksóknara og Fangelismálastofnunar, en þeim er með lögum falið tiltekið hlutverk gagnvart þeim sem falla undir frumvarpið. Þá er brýnt að fyrir liggi á einum stað skrá um þá sem hafa verið dæmdir eða úrskurðaðir til að sæta öryggisráðstöfunum. Í 60. gr. er ráðherra veitt heimild til að kveða í reglugerð nánar á um hvað koma skuli fram í skránni. Þá er brýnt að fyrir liggi á einum stað skrá um þá sem hafa verið dæmdir eða úrskurðaðir til að sæta öryggisráðstöfunum.

Frumvarpið tekur mið af þeirri sýn að öryggisráðstafanir sem dómari úrskurðar að fatlað fólk skuli sæta í búsetuúrræðum séu í grundvallaratriðum frábrugðnar þeim ráðstöfunum sem

byggjast á VII. kafla hegningarlaga. Á hinn bóginn kunna aðstæður að vera með þeim hætti að rétt sé að fela miðstöðinni að framkvæma slíkar ráðstafanir til jafns við aðrar. Því er í 7. mgr. gert ráð fyrir að ráðherra (sem fer með yfirstjórn allra öryggisráðstafana) geti lagt fyrir miðstöðina að gera samninga um framkvæmd öryggisráðstafana sem ákveðnar eru með úrskurði skv. 2. mgr. 23. gr. laga um réttindavernd fatlaðs fólks. Forsenda fyrir því að miðstöðin taki að sér slíkt verkefni er að fagrád hennar hafi áður fjallað um málið og gert tillögu þar að lútandi. Í fagráðinu situr breiður hópur, sbr. tillögu 7. gr., sem ætti að tryggja að öll sjónarmið séu vegin saman áður en ákvörðun er tekin. Ákvörðunin er síðan útfærð í samningi sem gerður er á grundvelli 14. gr.

Í 8. mgr. eru settar fram ákveðnar grundvallarreglur sem gilda um öll verkefni miðstöðvarinnar. Hér er í fyrsta lagi vísað til þeirrar meginreglu að öryggisráðstafanir vari aldrei lengur eða séu umfangsmeiri en nauðsyn krefur. Er þetta það sem ávallt skal haft að leiðarljósi í starfseminni. Þá er einnig vísað til þess að viðeigandi aðlögun sé viðhöfð og málsmeðferð í stjórnsýslu ákveðin að teknu tilliti til aðstæðna þess skjólstæðings sem í hlut á. Þessar meginreglur koma fram í og leiðir af samningi Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks, sbr. orðskýringu í 4. gr.

Um 7. gr.

Í ákvæðinu er kveðið á um skipun og hæfnisskilyrði forstjóra Miðstöðvar um öryggisráðstafanir og fagrád hennar. Með því er leitast við að tryggja bæði faglegan og stjórnsýslulegan stöðugleika í starfsemi miðstöðvarinnar. Ráðherra skipar forstjóra til fimm ára í senn að undangengnu mati þriggja manna hæfnisnefndar og er það í samræmi við almenna framkvæmd við skipun forstjóra opinberra stofnana. Fram kemur að engan megi skipa oftár en tvisvar í embættið sem tryggir endurnýjun og nýliðun embættismanna ríkisins.

Í 5. mgr. er kveðið á um skipan fagráðs miðstöðvarinnar. Fram kemur að ráðherra skuli skipa tvo fulltrúa í fagráðið, sex fulltrúa samkvæmt tilnefningum frá ráðuneytum, einn fulltrúa Sambands íslenskra sveitarfélaga og tvo fulltrúa frá hagsmunasamtökum. Hér er átt við fulltrúa frá hagsmunasamtökum fatlaðs fólks, sem í dag eru ÖBÍ réttindasamtök, Landssamtökin Þroskahjálp og Geðhjálp, auk fulltrúa frá hagsmunasamtökum fanga, sem í dag er Afstaða. Þá skipar ráðherra jafnframt tvo fulltrúa án tilnefningar, og skal annar þeirra vera formaður fagráðsins. Með þessu er leitast við að tryggja breiða aðkomu sérfræðinga og hagsmunaaðila að stefnumótun og faglegri þróun miðstöðvarinnar. Fagráðið hefur ekki ákvörðunarvald heldur er því ætlað að vera faglega ráðgefandi fyrir ráðherra og forstjóra miðstöðvarinnar. Sérstaklega er mælt fyrir um að fagráðið geri tillögu til ráðherra um að fela miðstöðinni að gera samninga um framkvæmd öryggisráðstafana sem ákveðnar eru með úrskurði skv. 2. mgr. 23. gr. laga um réttindavernd fatlaðs fólks, sbr. einnig umfjöllun hér að framan um 6. gr.

Um 8. gr.

Í ákvæðinu er fjallað um starfsfólk Miðstöðvar um öryggisráðstafanir og öryggisgæslustaða. Í 1. mgr. er kveðið á um að forstjóri Miðstöðvar um öryggisráðstafanir ráði starfsfólk stofnunarinnar sem og stjórnendur öryggisgæslustaða á vegum hennar. Hér er átt við öryggisgæslustaði á vegum miðstöðvarinnar en ekki úrræði á vegum sveitarfélaga eða einkaaðila sem miðstöðin getur samið við skv. 14. gr. þar sem samningsaðilar sjá um að ráða eigið starfsfólk. Þá á ákvæðið ekki heldur við um heilbrigðisstofnun þar sem einstaklingi hefur verið gert að sæta öryggisgæslu, svo sem réttargeðdeild.

Forstöðumaður ræður annað starfsfólk öryggisgæslustaðar. Talið er mikilvægt að forstöðumaður öryggisgæslustaðar hafi ráðningarvald og sé daglegur stjórnandi hvers öryggisgæslustaðar með heimildir til þess að veita fyrirmæli og leiðbeiningar sem nauðsynlegt er á hverjum tíma í daglegum störfum. Í greininni er jafnframt kveðið á um að starfsfólk öryggisgæslustaða skuli hafa nauðsynlega menntun og hæfni í samræmi við það starf sem því er ætlað að sinna og starfsemi öryggisgæslustaðar. Gert er ráð fyrir að á hverjum öryggisgæslustað starfi fagmenntaðir einstaklingar með ólíka menntun en nauðsynlegt er að fjölbreytt starfslið komi þar að til að markmiði öryggisgæslu sé náð. Á öryggisgæslustöðum þarf aðkomu m.a. sérhæfðra ráðgjafa, þroskaþjálfara, félagsráðgjafa, iðjuþjálfara, sálfræðinga, geðhjúkrunarfræðinga eða geðlækna o.fl. Einnig er aðkoma jafningja mikilvæg, þ.e. starfsmanna með notendareynslu af þjónustunni.

Samkvæmt 2. mgr. skal ríkissjóður bæta starfsfólki miðstöðvarinnar og öryggisgæslustaða á vegum hennar líkamstjón og munatjón sem það verður fyrir vegna starfs síns. Þessi regla þykir eðlileg í ljósi eðlis starfsins og er sambærileg ákvæðum 30. gr. lögreglulaga, nr. 90/1996, og 4. mgr. 8. gr. laga um fullnustu refsinga, nr. 15/2016. Um starfsfólk á heilbrigðisstofnun sem telst vera öryggisgæslustaður fer eftir reglum sem almennt gilda um heilbrigðisstarfsfólk á heilbrigðisstofnun. Um bætur vegna líkams- og munatjóns starfsmanna öryggisgæslustaða á grundvelli samnings fer skv. 14. gr.

Um 9. gr.

Í greininni er kveðið á um bakgrunnsskoðun starfsfólks. Ákvæðið er að mestu samhljóða 10. gr. laga um fullnustu refsinga, nr. 15/2016, um bakgrunnsskoðun áður en aðili er skipaður, settur eða ráðinn til starfa hjá Fangelsismálastofnun eða í fangelsum ríkisins. Er eðlilegt að svipaðar reglur gildi um bakgrunnsskoðun þeirra sem starfa hjá miðstöðinni eða á öryggisgæslustöðum á vegum hennar og um fangaverði þar sem um jafn viðkvæma starfsemi er að ræða. Hér eru þó gerðar strangari kröfur til starfsfólks sem ráðið er til starfa við framkvæmd öryggisráðstafana heldur en gerðar eru til fangavarda, sbr. 2. mgr. 26. gr. laga um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir, nr. 38/2018, þar sem segir að óheimilt sé að ráða í störf sem unnin eru í þágu þjónustu við fatlað fólk hjá sveitarfélögum, byggðasamlögum, ríki eða einkaaðilum, hvar sem hún er veitt, þá sem hafa hlotið refsíðoma vegna brota á ákvæðum XXII. kafla, 211. gr. eða 218. gr. almennra hegningarlaga.

Um 10. gr.

Í ákvæðinu er kveðið á um heimild starfsfólks sem framfylgir öryggisráðstöfunum á vegum miðstöðvarinnar eða á öryggisgæslustöðum á vegum samningsaðila skv. 14. gr. til að grípa inn í atburðarás við aðstæður sem taldar eru upp í 1. mgr. Slíkt inngríp getur falið í sér líkamlega valdbeitingu og því skal úrræðinu aðeins beitt í ýrústu neyð og þegar ljóst er að aðrar vægari aðferðir duga ekki til. Um er að ræða aðstæður þar sem mikil hættu er á að skjólstaðingur valdi sjálfum sér eða öðrum skaða eða að koma þarf í veg fyrir stök. Undir 1. tölul. gæti til að mynda fallið rýming húsnæðis vegna hættuástands. Er hér átt við framkvæmd öryggisráðstafana, þ.e. bæði öryggisgæslu og vægari öryggisráðstafanir. Áréttað er að hér er fjallað um starfsfólk á vegum miðstöðvarinnar og samningsaðila hennar skv. 14. gr. Á ákvæðið því ekki við um starfsfólk heilbrigðisstofnunar þar sem einstaklingur sætir öryggisráðstöfunum, svo sem réttargeðdeild. Um starfsemi hennar og heimildir starfsfólks fer eftir þeim lögum sem um hana gilda.

Í 2. mgr. er kveðið á um að starfsfólk skuli hafa hlotið viðeigandi þjálfun áður en valdi er beitt. Mikilvægt er að kveða á um þjálfun þar sem nauðsynlegt er að tryggja að starfsmenn

hafi þekkingu á og beiti spennulækkandi aðferðum áður en til inngrips kemur og að aldrei sé gengið lengra en nauðsyn krefur.

Í 3. mgr. er áréttað að kalla skuli til heilbrigðisstarfsmann eftir valdbeitingu ef grunur leikur á að hún hafi valdið skaða, um sjúkdóma sé að ræða eða ef skjólstæðingur óskar eftir heilbrigðisaðstoð. Miðstöðin skal sjá til þess að skjólstæðingi sé ávallt boðinn stuðningur í kjölfar inngripa, svo sem viðtal við fagaðila.

Inngrip sem kveðið er á um í ákvæðinu er neyðarúrræði sem telst til nauðungar í þjónustu og fer um tilkynningar í kjölfar þess skv. 28. gr.

Um 11. gr.

Í ákvæðinu er kveðið á um þjálfun og þekkingu starfsfólks sem starfar að framkvæmd öryggisráðstafana á vegum miðstöðvarinnar eða samningsaðila skv. 14. gr. Í 1. mgr. er lögð skylda á Miðstöð um öryggisráðstafanir að sjá til þess að starfsfólk hafi nauðsynlega þekkingu og færni til að sinna því starfi sem það er ráðið til. Meðal þess sem nauðsynlegt er að starfsfólk hafi þekkingu á eru mannréttindi, réttindi fatlaðs fólks og batamiðuð nálgun auk þess sem nauðsynlegt er að starfsfólk hafi þekkingu og færni til að beita aðferðum sem koma í veg fyrir þörf á að beita nauðung. Þannig skal starfsfólk fá fræðslu um réttindi fatlaðs fólks og um þau réttindi sem viðurkennd eru með samningi Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks. Starfsfólk skal jafnframt fá fræðslu um mismunandi samskiptaleiðir. Í ákvæðinu getur einnig falist að starfsfólki sé boðið upp á fræðslu um viðeigandi viðbrögð í krefjandi aðstæðum með það að augnamiði að tryggja öryggi starfsfólks og skjólstæðinga, sjálfsvarnarnámskeið og að því sé veitt fagleg handleiðsla eftir þörfum.

Í 2. mgr. er tekið fram að hver þjónustuaðili skuli tryggja að starfsfólk hans sitji námskeið og að viðkomandi beri ábyrgð á að símenntunaráætlunum sé fylgt.

Samkvæmt 60. gr. er ráðherra skylt að setja nánari kröfur um nám, þjálfun, símenntun og raunfærnimat starfsfólks öryggisgæslustaða í reglugerð. Gert er ráð fyrir því að starfsfólki sem framfylgir öryggisráðstöfunum standi reglulega til boða námskeið sem feli í sér grunnnám og símenntun um öryggisráðstafanir.

Mikilvægt er að starfsfólk viðhaldi og auki þekkingu sínu á málefnum sem nýtast í starfi þess.

Um 12. gr.

Ákvæðið er sambærilegt 27. gr. laga um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir, nr. 38/2018, og á við um alla skjólstæðinga. Í samræmi við markmið frumvarpsins er jafnframt lögð sú skylda á starfsfólk að gæta að sjálfsákvörðunarrétti skjólstæðinga að því marki sem unnt er innan marka dómsúrlausnar sem kveður á um ráðstafanir.

Í 2. mgr. er lögð sérstök tilkynningarskylda á starfsfólk verði það þess áskynja að brotið sé á réttindum skjólstæðinga. Hér er átt við að starfsfólk geri yfirmanni sínum grein fyrir athugasemdum sem verði skráðar í málaskrá miðstöðvarinnar. Jafnframt getur verið þörf á að tilkynna réttindagæslu í samræmi við lög um réttindavernd fatlaðs fólks, þegar svo ber undir. Þá er enn fremur tiltekið að tilkynnt skuli til viðeigandi eftirlitsaðila, eftir atvikum Gæða- og eftirlitsstofnun velferðarmála og embætti landlæknis. Gæða- og eftirlitsstofnun fer með eftirlit með gæðum þjónustu samkvæmt lögunum, og því vísast hér til III. kafla laga um Gæða- og eftirlitsstofnun velferðarmála, nr. 88/2021, þar sem fjallað er um skyldu til að tilkynna óvænt atvik til stofnunarinnar í 12. gr., og um ábendingar um þjónustu undir eftirliti stofnunarinnar

í 13. gr. Þá vísast til 10. gr. laga um landlækni og lýðheilsu, nr. 41/2007, varðandi tilkynningarskyldu vegna alvarlegra atvika við veitingu heilbrigðisþjónustu. Að öðru leyti gilda almennar reglur stjórnsýsluréttar um tilkynningarskyldu opinberra starfsmanna.

Í 60. gr. er kveðið á um að Miðstöð um öryggisráðstafanir skuli setja nánari reglur um meðferð tilkynninga starfsfólks sem sinnir öryggisráðstöfunum.

Um 13. gr.

Kveðið er á um þagnarskyldu í X. kafla stjórnsýslulaga, nr. 37/1993. Hún er áréttuð og útfærð í þessu ákvæði í ljósi eðlis þeirrar starfsemi sem um ræðir. Starfsemin varðar viðkvæman hóp einstaklinga og starfsfólk Miðstöðvar um öryggisráðstafanir fær viðtækar og viðkvæmar persónulegar upplýsingar um skjólstæðinga og eftir atvikum aðra í starfi sínu.

Samkvæmt ákvæði þessu tekur þagnarskyldan til starfsfólks miðstöðvarinnar og starfsfólks allra öryggisgæslustaða, hvort sem öryggisgæslustaður er starfræktur á vegum miðstöðvarinnar, heilbrigðisstofnana, sveitarfélaga eða einkaaðila. Skyldan á einnig við um tilsjónarmenn skjólstæðinga. Þá nær þagnarskyldan enn fremur til alls starfsfólks sem sinnir vægari öryggisráðstöfunum samkvæmt lögunum. Þá er rétt að nefna að í 4. mgr. 42. gr. stjórnsýslulaga, nr. 37/1993, segir að þegar stjórnvald kveður sér til ráðgjafar og aðstoðar sérfróðan mann þar sem þörf krefur til skuli í verksamningi tekið fram að um þagnarskyldu hans fari samkvæmt ákvæðum X. kafla stjórnsýslulaga og gildi þá ákvæði kaflans. Hér er gert ráð fyrir því að ákvæðið gildi um starfsfólk allra öryggisgæslustaða. Rétt þykir þó að árétta skylduna í þeim samningi sem er gerður við öryggisgæslustaði sem eru starfræktir á vegum annarra en miðstöðvarinnar og í samningum við starfsfólk.

Brot á þagnarskyldu varðar refsingu skv. 136. gr. almennra hegningarlaga, nr. 19/1940, og eftir atvikum 141. gr. sömu laga.

Þá gilda m.a. lög um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga, nr. 90/2018, um starfsemina.

Um 14. gr.

Í greininni kemur fram að Miðstöð um öryggisráðstafanir geti samið við sveitarfélag eða einkaaðila um framkvæmd öryggisráðstafana fyrir tiltekinn skjólstæðing. Rekstraraðili samkvæmt samningi, þ.e. sveitarfélag eða einkaaðili, ber ábyrgð á því að öryggisgæslustaður sem og starfsfólk uppfylli allar kröfur sem gerðar eru til öryggisgæslustaða og starfsfólks þess samkvæmt frumvarpinu. Ákvæði stjórnsýslulaga, nr. 37/1993, sem og almennar meginreglur stjórnsýsluréttar, skulu gilda um þá stjórnsýslu sem sveitarfélagið eða einkaaðili fer með á grundvelli samnings við miðstöðina á grundvelli þessarar greinar. Í því felst sem dæmi framsal til töku stjórnvaldsákvæðana ef við á.

Í 1. mgr. er kveðið á um að þegar gerður er samningur við einkaaðila eða sveitarfélag um framkvæmd öryggisráðstafana fari um framkvæmdina af hálfu þjónustuaðila í samræmi við ákvæði frumvarpsins. Hér er átt við framkvæmd öryggisráðstafana en ekki t.d. ráðningu starfsfólks eins og fram kemur í skýringum við 8. gr.

Áréttað er í 2. mgr. að einkaaðili sem miðstöðin semur við samkvæmt ákvæðinu skal hafa gilt rekstrarleyfi frá Gæða- og eftirlitsstofnun velferðarmála, en skv. II. kafla laga um Gæða- og eftirlitsstofnun, nr. 88/2021, er einkaaðilum sem hyggjast veita þjónustu sem lýtur eftirliti stofnunarinnar skylt að afla rekstrarleyfis áður en byrjað er að veita þjónustuna, sbr. 5. gr. tilvitnaðra laga.

Í 3. mgr. kemur fram að miðstöðinni sé heimilt að nýta ferli rammasamninga þegar gerðir eru samningar. Almenn gildir að í skilmálum rammasamninga komi fram viðmið um fjárhæðir, gildistíma, endurskoðun o.þ.h. atriði.

Í 4. mgr. er sérstaklega fjallað um samninga sem miðstöðin getur gert um framkvæmd einstaklingsbundinna öryggisráðstafana á grundvelli 2. mgr. 23. gr. laga um réttindavernd fatlaðs fólks. Þjónustuaðili sem fengið hefur heimild með dómsúrlausn til skerðingar ferðafrelsis íbúa í sértækri þjónustu á grundvelli framangreinds ákvæðis getur óskað eftir samningi við Miðstöð um öryggisráðstafanir um framkvæmd öryggisráðstafana. Að gefinni tillögu fagraðs getur ráðherra falið stofnuninni sérstaklega að gera samning. Um framkvæmd slíks samnings gilda ákvæði frumvarpsins um vægari öryggisráðstafanir. Það einkennir einnig þessa samninga að þjónustuaðili getur óskað eftir því við miðstöðina að skjólstæðingur fái tímabundið inni á öryggisgæslustað. Hér getur m.a. verið um að ræða að fatlaður einstaklingur fái hvíldarinnlögn eða að fara þurfi í endurbætur á því húsnæði sem hann hefur fengið úthlutað. Áskilið er að leitað sé eftir afstöðu eftirlitsaðila með réttindum skjólstæðings, þ.e. réttindagæslu, persónulegs talsmanns og tilsjónarmanns.

Í samningi við sveitarfélag eða einkaaðila um framkvæmd öryggisráðstafana skal m.a. kveðið á um ráðgjöf, fræðslu og faglegan stuðning til samningsaðila og kostnað vegna öryggisráðstafana samkvæmt dómsúrlausn, svo sem eftirlit með skjólstæðingum, nauðsynlegar viðbætur á húsnæði o.fl. Einnig skal í samningi kveða á um skiptingu kostnaðar vegna líkams- og munatjóns starfsfólks.

Um III. kafla.

Í III. kafla er fjallað um tilsjónarmenn sem skipaðir eru þeim sem dæmdir eða úrskurðaðir eru til að sæta öryggisráðstöfunum. Í 62. gr. almennra hegningarlaga er kveðið á um skipun tilsjónarmanns, svo fljótt sem auðið er, til einstaklings sem dæmdur er til að sæta öryggisráðstöfunum. Ákvæði frumvarps þessa gilda jafnframt um tilsjónarmenn, m.a. um hæfisskilyrði þeirra, hlutverk og skipun. Með frumvarpinu er verið að bæta úr skorti á nánari ákvæðum um tilsjónarmenn og tryggja að þau séu skýrt afmörkuð í lögum. Tilsjónarmenn gegna veigamiklu hlutverki í þágu hagsmuna skjólstæðinga sem eru í sérstaklega viðkvæmri stöðu. Því er mikilvægt að lögin mæli skýrt fyrir um hlutverk þeirra, heimildir og ábyrgð. Lagt er til að hlutverk tilsjónarmanna verði aukið þannig að þeir hafi virkara eftirlit með framkvæmd öryggisráðstafana í þágu skjólstæðinga sinna. Þá er lagt til að ekki aðeins þeim sem eru dæmdir eða úrskurðaðir til að sæta öryggisgæslu verði skipaðir tilsjónarmenn, heldur einnig þeim sem gert er að sæta öðrum öryggisráðstöfunum, í þágu réttaröryggis sé talin þörf á því vegna stöðu þeirra.

Með skipun tilsjónarmanns fær hver skjólstæðingur tengilið sem fylgist með framkvæmd öryggisráðstafana og getur óskað eftir endurskoðun þeirra. Auk þess ber öryggisgæslustöðum og Miðstöð um öryggisráðstafanir að gæta þess að öryggisráðstafanir séu ekki umfangsmeiri, meira íþyngjandi eða vari lengur en nauðsyn krefur.

Um 15. gr.

Í greininni er kveðið á um að sé einstaklingi gert að sæta öryggisgæslu skuli skipa honum tilsjónarmann til að gæta þess að gæslan sé ekki meira íþyngjandi eða vari lengur en nauðsyn ber til. Sé einstaklingi hins vegar gert að sæta vægari öryggisráðstöfunum metur dómari hvort þörf sé á að skipa honum tilsjónarmann. Ekki er alltaf talin þörf á því þegar um vægari öryggisráðstafanir er að ræða en þó verður ávallt að vega og meta hvert tilvik með hagsmuni skjólstæðingsins í fyrirrúmi. Dómari skal leitast eftir því að skipa tilsjónarmann í heimabyggð

skjólstæðings. Hafi héraðsdómari skipað tilsjónarmann og máli verið skotið til æðri dóms, sem annaðhvort staðfestir öryggisráðstöfunina eða breytir henni þannig að aðili skuli engu að síður sæta ráðstöfun, heldur skipun héraðsdómara um tilsjónarmann gildi. Sé niðurstaða æðri dómstóls aftur á móti sú að aðili skuli ekki sæta neinni ráðstöfun fellur skipun tilsjónarmanns úr gildi, enda er einstaklingi aðeins skipaður tilsjónarmaður sé honum gert að sæta öryggisráðstöfun.

Í gildandi lögum er ekki kveðið á um hæfisskilyrði tilsjónarmanns. Í 2. mgr. ákvæðisins er bætt úr því. Nauðsynlegt er að sá sem skipaður er hafi lögmannsréttindi þar sem það felst í hlutverki tilsjónarmanns að gæta þess að ráðstöfun sé ekki meira íþyngjandi eða vari lengur en þörf er á en til að rækja það hlutverk getur tilsjónarmaður hlutast til um að mál verði lagt fyrir dóm og óskað eftir endurskoðun á ráðstöfun. Í 6. gr. laga um lögmenn, nr. 77/1998, eru gerðar ákveðnar kröfur til lögmanna. Ekki þykir nauðsynlegt að endurtaka þær hér enda er gert ráð fyrir því að lögmenn uppfylli þær. Til viðbótar við skilyrðið um að vera lögmaður er gerð vammleysiskrafa, þ.e. að viðkomandi hafi ekki sýnt af sér háttsemi sem rýrt getur það traust sem tilsjónarmenn verða að hafa. Við mat á því verður að hafa í huga hlutverk tilsjónarmanna og þá mikilvægu hagsmuni sem þeim er treyst fyrir. Enn fremur þykir æskilegt að tilsjónarmaður sé ótengdur skjólstæðingi. Fjölskyldumeðlimur getur hins vegar komið ábendingum um aðstæður eða reynslu af þjónustu og öryggisráðstöfunum við skjólstæðing til tilsjónarmanns viðkomandi. Auk þessa er lagt bann við því að skipa tilsjónarmann sem hefur hlotið refsídóm vegna brota á ákvæðum XXII. kafla, 211. gr. eða 218. gr. almennra hegningarlaga. Er þetta í samræmi við 9. gr. frumvarpsins um bakgrunnsskoðun starfsfólks og 2. mgr. 26. gr. laga um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir, nr. 38/2018, þar sem segir að óheimilt sé að ráða í störf sem unnin eru í þágu þjónustu við fatlað fólk hjá sveitarfélögum, byggðasamlögum, ríki eða einkaaðilum, hvar sem hún er veitt, þá sem hafa hlotið refsíðoma vegna brota á framagreindum ákvæðum.

Samkvæmt 3. mgr. ákvæðisins skal dómur tilkynna Miðstöð um öryggisráðstafanir um skipun tilsjónarmanns skjólstæðings. Er það til að tryggja að miðstöðin hafi upplýsingar um tilsjónarmenn þeirra sem sæta öryggisráðstöfunum til að auðvelda samskipti þeirra á milli og auðvelda störf tilsjónarmanna þar sem þeir eiga rétt á upplýsingum o.fl. til að geta sinnt starfi sínu.

Með 4. mgr. er kveðið á um hvað gerist ef tilsjónarmaður andast, óskar eftir lausn frá starfi eða dómari vikur honum úr starfi en þá skal dómari tafarlaust skipa nýjan tilsjónarmann í hans stað. Ef tilsjónarmaður biðst lausnar skal hann gegna starfinu áfram þar til nýr tilsjónarmaður hefur verið skipaður og er þannig leitast við að tryggja að skjólstæðingur hafi ávallt tilsjónarmann.

Loks er í 5. mgr. fjallað um kostnað af störfum tilsjónarmanns sem skal greiddur úr ríkissjóði. Tekur það til þóknunar tilsjónarmanns sem og útlagðs kostnaðar, svo sem ferða-kostnaðar.

Um 16. gr.

Ákvæðið skilgreinir hlutverk tilsjónarmanns. Hann skal tryggja að öryggisráðstafanir séu ekki meira íþyngjandi eða vari lengur en nauðsyn krefur. Með ákvæðinu er skert á skyldum tilsjónarmanns, sem hingað til hafa aðeins verið nefndar í 62. gr. almennra hegningarlaga.

Í 2. mgr. kemur fram að tilsjónarmaður fylgist reglulega með högum og aðbúnaði skjólstæðings, hvort sem hann sætir öryggisgæslu eða öðrum öryggisráðstöfunum. Hann skal ræða við skjólstæðing og þjónustuteymi hans um framkvæmd öryggisráðstafana og meta þörf á

endurmati. Sæti skjólstæðingur vægari öryggisráðstöfunum skal tilsjónarmaður tryggja að þær séu ekki íþyngjandi umfram nauðsyn og að þörf sé á þeim áfram.

Þær upplýsingar sem tilsjónarmanni skal veittur aðgangur að skv. 4. mgr. ákvæðisins eru helst upplýsingar frá Miðstöð um öryggisráðstafanir og öryggisgæslustöðum eða öðrum þjónustuveitendum. Jafnframt skal tilsjónarmaður hafa aðgang að öryggisgæslustað eða þeim stað þar sem skjólstæðingur er vistaður á grundvelli barnaverndarlaga og geta heimsótt skjólstæðing sinn.

Um 17. gr.

Ákvæðið fjallar um lok skipunar tilsjónarmanns. Meginreglan er sú að skipun hans gildir þar til öryggisráðstöfun lýkur.

Aðfinnsluverð háttsemi sem kveðið er á um í 2. mgr. ákvæðisins, nær m.a. til vanrækslu í starfi, svo sem að heimsækja skjólstæðing og öryggisgæslustað ekki reglulega, eða vanvirðandi framkomu við skjólstæðing.

Um IV. kafla.

Í kaflanum eru ákvæði um fyrstu skrefin eftir að dómsúrlausn um öryggisráðstöfun liggur fyrir. Fjallað er um tilkynningar til þess aðila sem í hlut á sem og Miðstöðvar um öryggisráðstafanir. Einnig er ákvæði um að miðstöðin tilkynni þeim sem dæmdur eða úrskurðaður hefur verið til að sæta öryggisráðstöfunum hvernig þeim verður háttað. Öryggisgæsla og vægari öryggisráðstafanir eru skilgreindar í kaflanum. Jafnframt eru ákvæði í kaflanum um hvernig standa skuli að ákvörðun um öryggisgæslustað og vægari öryggisráðstafanir, innan marka dómsúrlausnar. Eins og fram kemur í 1. gr. fer um vistun og úrræði barna sem sæta öryggisráðstöfunum samkvæmt ákvæðum barnaverndarlaga. Þó geta ákvæði IV. kafla átt við eftir atvikum um málsmeðferðina.

Um 18. gr.

Í 1. mgr. ákvæðisins er kveðið á um tilkynningar um niðurstöðu dómsúrlausnar þar sem kveðið er á um öryggisráðstafanir. Er þá átt við upphaflegar dómsúrlausnir en einnig úrlausnir um niðurstöðu endurskoðunar á öryggisráðstöfunum. Með þessu á að tryggja að einn aðili, Miðstöð um öryggisráðstafanir, hafi yfirsýn yfir alla sem sæta öryggisráðstöfunum og er því lagt til að ákveðinn aðili beri ábyrgð á að koma upplýsingum um niðurstöðu dóms til stofnunarinnar. Ríkissaksóknari skal senda miðstöðinni dómsúrlausn þar sem einstaklingur er dæmdur eða úrskurðaður til að sæta öryggisgæslu eða öðrum öryggisráðstöfunum. Með þessu er leitast við að tryggja að ábyrgð á sendingu dómsúrlausnar hvíli á ákveðnum aðila.

Í 2. mgr. er tekið fram að miðstöðin skuli framkvæma öryggisráðstöfun eins fljótt og auðið er.

Í 3. og 4. mgr. er kveðið á um að ríkissaksóknari skuli jafnframt tilkynna Barna- og fjölskyldustofu, hlutaðeigandi barnaverndarþjónustu og viðeigandi heilbrigðisstofnun um dómsúrlausn þegar við á og skuli þær stofnanir framkvæma öryggisráðstöfun eins fljótt og auðið er.

Í 5. mgr. er lögð skylda á verjanda og tilsjónarmann, hafi slíkur aðili þá þegar verið skipaður, að gera skjólstæðingi sínum grein fyrir niðurstöðu og þýðingu dómsúrlausnar sem felur í sér að skjólstæðingurinn skuli sæta öryggisráðstöfun á grundvelli VII. kafla almennra hegningarlaga, nr. 19/1940. Þessi skylda er lögð á lögmenn sem gæta hagsmuna þessara einstaklinga til að tryggja, að því marki sem unnt er, að þeir skilji hvað felist í dómsúrlausninni.

Um 19. gr.

Í 19. gr. er kveðið á um þær öryggisráðstafanir sem hægt er að dæma eða úrskurða einstakling til að sæta skv. 62. gr. almennra hegningarlaga, nr. 19/1940. Þær eru annars vegar öryggisgæsla og hins vegar vægari öryggisráðstafanir.

Öryggisgæsla samkvæmt ákvæðum frumvarpsins getur annars vegar verið vistun á við-eigandi heilbrigðisstofnun þar sem veitt er réttar- og öryggisgeðþjónusta en í dag er sá staður réttargeðdeild Landspítalans. Ekki þykir rétt að nefna hana sérstaklega með nafni í ákvæðinu þar sem ekki er um lögbundið heiti að ræða og getur nafnið á deildinni tekið breytingum samkvæmt ákvörðun spítalans. Er þessi öryggisgæslustaður því skilgreindur út frá þeirri þjónustu og meðferð sem þar er veitt og getur verið nauðsynleg þegar um er að ræða öryggisgæslu vegna ósakhæfis eða þegar refsing er ekki talin bera árangur, skv. 15. og 16. gr. almennra hegningarlaga.

Öryggisgæsla samkvæmt þessum lögum getur hins vegar verið vistun á vegum Miðstöðvar um öryggisráðstafanir eða á vegum samningsaðila skv. 14. gr. frumvarpsins þar sem segir að miðstöðinni sé heimilt að semja við sveitarfélag eða einkaaðila um framkvæmd öryggisráðstafana fyrir tiltekinn einstakling.

Talið er mikilvægt að kveða á um þessa aðgreiningu í lögum til að tryggja að ljóst sé hvar viðkomandi einstaklingur skuli vistast þannig að hann geti fengið rétta og viðeigandi þjónustu á hverjum tíma, þ.m.t. geðheilbrigðisþjónustu. Því er mikilvægt að dómsorðið sé skýrt um þær öryggisráðstafanir sem einstaklingur er dæmdur til að sæta, svo sem um hvar hann skuli vistaður. Þá er einnig mikilvægt að árétta að þótt maður sé dæmdur til vistunar á öryggisgæslustað á vegum Miðstöðvar um öryggisráðstafanir eða samningsaðila skv. 14. gr. geti slík vistun farið fram tímabundið á heilbrigðisstofnun, svo sem á réttargeðdeild að undangenginni ákvörðun yfirlæknis.

Í ákvæðinu er skýrt tekið fram að sé einstaklingur í öryggisgæslu lagður inn á heilbrigðisstofnun, svo sem á réttargeðdeild, fari um meðferð hans og þjónustu þar samkvæmt lögum um réttindi sjúklinga og eftir atvikum öðrum lögum og reglum sem um sjúklinga gilda. Þannig eiga ákvæði þessara laga ekki við um starfsemi heilbrigðisstofnunar eða starfsfólk hennar þegar veitt er meðferð og þjónusta þar vegna öryggisráðstafana.

Í ákvæðinu er einnig tekið fram að hafi einstaklingur sem dæmdur var til að sæta öryggisgæslu á heilbrigðisstofnun lokið meðferð þar samkvæmt mati yfirlæknis, en öryggisgæslu hefur ekki verið aflétt samkvæmt dómsúrlausn, skuli hann fluttur á annan öryggisgæslustað á vegum miðstöðvarinnar samningsaðila skv. 14. gr. Er þetta ákvæði til þess fallið að tryggja að viðkomandi sé vistaður á réttum stað á hverjum tíma. Er ekki talið nauðsynlegt að dómari kveði á um slíka breytingu á vistunarstað þar sem báðir staðir teljast vera öryggisgæslustaðir í skilningi 62. gr. almennra hegningarlaga og er því ekki um grundvallarbreytingu á dómsúrlausn um öryggisgæslu að ræða heldur frekar um nánari útfærslu á henni.

Í 2. tölul. 1. mgr. er kveðið á um vægari öryggisráðstafanir en öryggisgæslu og eru tegundir þeirra taldar upp en þó er ekki um tæmandi talningu að ræða.

Um 20. gr.

Ákvæðið fjallar um upphaf öryggisgæslu og flutning á öryggisgæslustað. Í 2. mgr. er mælt fyrir um tilkynningar og ráðstafanir miðstöðvar um framkvæmd öryggisráðstafana. Miðstöðin skal tilkynna skjólstæðingi um upphaf vistunar. Eðli máls samkvæmt tekur efni tilkynningarinnar mið af því hvort skjólstæðingur sé þegar á öryggisgæslustað sem hann skal vistaður á

áfram eða ekki á öryggisgæslustað. Tilkynna skal svo fljótt og auðið verður og með sannanlegum hætti um upphaf öryggisgæslu, svo sem hvar hann verði vistaður. Auk þess ber að tilkynna tilsjónarmanni um fyrirhugaða ráðstöfun. Tilkynningin skal jafnan vera skrifleg. Miklu máli skiptir að tilsjónarmaður sé upplýstur um helstu ráðstafanir svo að hann geti sinnt hlutverki sínu. Dvelji skjólstæðingur við dómsúrlausn þegar á stofnun eða heimili sem telst ekki vera öryggisgæslustaður, svo sem á heilbrigðisstofnun, ber miðstöðinni að gera nauðsynlegar ráðstafanir gagnvart stofnuninni eða heimilinu svo að unnt sé að framfylgja dómsúrlausn. Þannig þarf að upplýsa stofnunina eða heimilið um fyrirhugaða ráðstöfun. Í þessu getur falist miðlun upplýsinga um skjólstæðing. Í samræmi við sjónarmið um persónuvernd ber þó að gæta að ganga ekki lengra en þörf krefur. Mikilvægt er að gæta þess að sú þjónusta sem skjólstæðingur fær sé samfelld.

Í 3. mgr. er kveðið á um að sé skjólstæðingur þegar á þeim öryggisgæslustað sem hann skal vistaður á hefjist öryggisgæslan þá þegar. Þrátt fyrir að skjólstæðingur sé þegar á öryggisgæslustað ber að gæta að því að tilkynna honum um ráðstöfunina í samræmi við 2. mgr.

Í 4. mgr. er kveðið á um skjólstæðing sem er að ljúka afplánun í fangelsi eða sætir gæsluvarðhaldi þegar dómur um öryggisgæslu berst miðstöðinni og skal hann fluttur í beinu framhaldi af því á viðeigandi öryggisgæslustað.

Í 5. mgr. er kveðið á um heimild miðstöðvarinnar til að fela lögreglu að flytja skjólstæðing á öryggisgæslustað. Ber lögreglu að verða við því. Í þessu sambandi er mikilvægt að miðstöðin hugi að viðeigandi aðlögun og málmeðferð þannig að ljóst sé að skjólstæðingur hafi skilið efni tilkynningarinnar áður en brugðist er við því að hann hafi ekki mætt á tilskildum tíma. Í því skyni gæti miðstöðin t.d. haft samband við þá sérfræðinga sem þekkja hann vel, svo sem félagsráðgjafa hans, forstöðumann búsetukjarna þar sem hann býr o.þ.h. Ef talin er þörf á að kalla til lögreglu til að flytja hann á öryggisgæslustað skal miðstöðin senda starfsmann með sem hefur þekkingu á fötlun og viðeigandi aðlögun til að flutningurinn gangi sem best fyrir sig fyrir skjólstæðinginn.

Í 6. mgr. er kveðið á um að gengið skuli úr skugga um hver einstaklingur er við upphaf öryggisgæslu. Reynist skjólstæðingur ófær um að sanna á sér deili verður að gera ráð fyrir því að öryggisgæslustaður leiti annarra leiða til að ganga úr skugga um hver einstaklingur er. Skv. 2. málsl. 6. mgr. skal taka andlitsmynd af skjólstæðingi og skrá nafn og kennitölu hans við upphaf vistunar ásamt upphafsdegi vistunar og vistunartíma. Jafnframt skal skrá þann dag sem í síðasta lagi skal endurmeta ráðstöfunina. Uppfæra ber upplýsingarnar eftir því sem tilefni er til. Þar sem miðstöðin á að gæta þess að öryggisráðstafanir séu ekki meira íþyngjandi eða vari lengur en nauðsyn krefur er mikilvægt að skrá upplýsingar um hvenær fram skuli fara endurskoðun á ráðstöfunum.

Í 7. mgr. gert ráð fyrir því að fram fari mat á líkamlegu og andlegu heilbrigði skjólstæðings við upphaf vistunar. Tilgangur þess er að tryggja að fyrir liggi upplýsingar um heilbrigði, líkamlegt og andlegt, við komu. Mat fer einnig fram síðar á meðan á vistun stendur þegar þess er þörf. Gert er ráð fyrir að lækni eða annar heilbrigðisstarfsmaður sjái um matið. Í 7. mgr. er jafnframt er kveðið á um skráningu upplýsinga sem mikilvægt er að liggi fyrir við upphaf vistunar, svo sem um tilsjónarmann. Verði breytingar á þessum upplýsingum þarf að uppfæra skráninguna.

Í 8. mgr. er sambærilegt ákvæði og í 23. gr. laga um fullnustu refsinga, nr. 15/2016, sem kveður á um skyldu heilbrigðisstarfsmanna til að upplýsa miðstöðina um sjúkdóma sem gætu ógnað heilsu eða öryggi hans eða annarra. Er talið að upplýsingagjöf sem þessi geti skipt sköpum varðandi öryggi skjólstæðinga sem og starfsmanna sem fara með framkvæmd öryggisráðstafana.

Í ákvæðinu er mikilvægi viðeigandi aðlögunar áréttað. Skv. 9. mgr. skal við upphaf vistunar kynna fyrir skjólstæðingi á tungumáli og formi sem hann skilur reglur sem gilda um vistunina, réttindi hans og skyldur og annað sem máli skiptir. Viðeigandi aðlögun felur t.d. í sér að kalla skuli til tilsjónarmann, eða réttindagæslu fyrir fatlað fólk, ef þörf er talin á til að tryggja að skjólstæðingur skilji reglurnar. Einnig skal honum tryggður raunhæfur og aðgengilegur réttur til að bera fram athugasemdir og kvartanir vegna vistunar, þ.m.t. hvert hann getur leitað telji hann brotið á sér. Stofnunin skal þannig setja skýrar reglur um þær kvörtunarleiðir sem standa skjólstæðingi til boða, á því tungumáli og formi sem skjólstæðingur skilur. Reglurnar skulu fela í sér skýrt verklag um skráningu og meðferð athugasemda og skulu ávallt vera aðgengilegar skjólstæðingi á meðan á vistun stendur. Til að mynda geta þær verið aðgengilegar í sameiginlegu rými þar sem notendur og aðrir geta kynnt sér þær. Við alla meðferð og skráningu athugasemda og kvartana skal þess sérstaklega gætt að rjúfa ekki þagnarskyldu samkvæmt lögum þessum. Athugasemdir og kvartanir skjólstæðinga, sem og ábendingar frá starfsfólki, skulu skráðar og teknar til afgreiðslu hjá miðstöðinni.

Sem fyrr segir verður að gæta að viðeigandi aðlögun í málsmeðferð og veita skjólstæðingi upplýsingarnar á tungumáli sem hann skilur. Með því er bæði átt við tungumál, svo sem íslensku, íslensku táknmáli eða ensku, og að notað sé auðskilið mál eða túlkun eftir þörfum.

Sá öryggisgæslustaður þar sem viðkomandi er vistaður ber ábyrgð á framkvæmd þeirra atriða sem í ákvæðinu eru talin.

Um 21. gr.

Í greininni er fjallað um þverfaglegt teymi sem lagt er til að starfi innan Miðstöðvar um öryggisráðstafanir. Álit teymis skal lagt til grundvallar þeim ákvörðunum er miðstöðin tekur um öryggisgæslustað og framkvæmd vægari öryggisráðstafana sem kveðið hefur verið á um í dómsúrlausn, svo sem um nauðsynlegar öryggiskröfur vegna framkvæmdarinnar.

Sérstaða þessara ákvarðana byggist á því að samhliða þarf að framkvæma öryggisráðstöfun og veita skjólstæðingi þá félags- og heilbrigðisþjónustu sem honum er nauðsynleg. Teyminu er ætlað að leggja mat á þjónustubörf skjólstæðings að teknu tilliti til þeirra öryggisráðstafana sem honum er gert að sæta og veita álit á viðeigandi formi og inntaki þjónustu.

Teymið skal skipað sérfræðingum með viðeigandi fagþekkingu. Flestir skjólstæðingar munu þarfnast félagsþjónustu og því er mikilvægt að fulltrúi sveitarfélaga sitji í teyminu. Þá er miðað við að yfirlæknir réttar- og öryggisgeðþjónustu Landspítala eigi fast sæti í teyminu. Tilgangurinn með setu yfirlæknis í teyminu er m.a. að undirbúa innlögn eða útskrift skjólstæðings af sjúkrahúsi, en innlögn er háð ákvörðun viðkomandi sjúkrahúss. Er þá byggt á stigskiptingu heilbrigðisþjónustu þar sem þriðja stigs heilbrigðisþjónusta er almennt veitt á sjúkrahúsum og á forsendum þeirra laga sem gilda um þá þjónustu, sbr. lög um heilbrigðisþjónustu. Auk yfirlæknis er mikilvægt að fulltrúi aðila sem veita heilbrigðisþjónustu á fyrsta og öðru stigi sem og frá lögreglu séu í teyminu þegar við á. Teymið mun þurfa að afla nauðsynlegra upplýsinga frá viðeigandi aðilum, svo sem félagsþjónustu, heilbrigðisþjónustu og lögreglu.

Álit teymisins er ekki bindandi fyrir miðstöðina eða önnur stjórnvöld sem skipa fulltrúa sína til setu í teyminu. Álitð mun hins vegar vega þungt þegar ákvarðanir verða teknar auk þess sem gera verður ráð fyrir að álitsgerðir teymisins verði meðal þeirra gagna sem lögð eru fram í dómsmálum sem varða skjólstæðinga.

Um 22. gr.

Í greininni er fjallað um ákvörðun um öryggisgæslustað. Að því marki sem ekki hefur verið tekin afstaða til þess í dómsúrlausn, m.a. þegar einstaklingi hefur verið gert að sæta öryggisgæslu á réttargeðdeild fellur sú ákvörðun í skaut Miðstöðvar um framkvæmd öryggisráðstafana. Áður en miðstöðin ákveður öryggisgæslustað á vegum sínum eða samningsaðila skv. 14. gr. ber að afla álits matsteymis. Þótt miðstöðin sé ekki bundin af álitinu verður almennt að byggja á því enda liggur einstaklingsbundið og þverfaglegt mat á þörfum skjólstæðings því til grundvallar. Jafnframt skal í álitinu kveðið á um nauðsynlegar öryggiskröfur, en þar er m.a. átt við hversu mikið eftirlit þarf að hafa með skjólstæðingi á öryggisgæslustað og hvernig því skuli háttað, svo sem mönnun starfsmanna, myndavélaeftirlit o.þ.h. Markmiðið er að ákvörðun um öryggisgæslustað taki mið af þörfum og högum skjólstæðings og nauðsynlegu öryggi á grundvelli viðurkennds áhættumatstækis. Mikilvægt er að matið byggist á núverandi högum og aðstæðum skjólstæðings en ekki aðeins liðnum atburðum. Jafnframt er mikilvægt að rætt sé við skjólstæðing sjálfan, verði því við komið. Þessi atriði ráðast þó að nokkru af eðli málsins, t.d. því hversu skammur tími hefur liðið frá síðasta áliti matsteymis á þörfum skjólstæðings. Ákvörðun um öryggisgæslustað skal með öðrum orðum byggjast á mati sérfræðinga, m.a. læknisfræðilegu mati, á þeim einstaklingi sem um ræðir og þjónustuþörf hans. Í mati á þjónustuþörf felst mat á því hvort og þá hvers konar stuðningi, meðferð, hæfingu o.s.frv. viðkomandi þarf á að halda. Þá er öryggisgæslustaður valinn með tilliti til hvar sú þjónusta sem viðkomandi þarf er veitt.

Í 2. mgr. eru tilgreind nokkur sjónarmið sem matsteymið skal líta til við mat sitt. Sjónarmiðin eru ekki tæmandi talin.

Um 23. gr.

Í greininni er fjallað um öryggisgæslustaði. Við hönnun og byggingu staðanna verður gert ráð fyrir að skjólstæðingar vistist á öryggisgæslustað við heimilislegar aðstæður þar sem þeir hafa sín eigin herbergi eða íbúðir en þar sem vistun á öryggisgæslustað er til þess að varna því að hætta verði af manni er kveðið á um heimild til að gera nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja öryggi og velferð á staðnum. Er hér átt við öryggi skjólstæðingsins sjálfs, annarra íbúa sem og starfsmanna. Eru ýmsar ráðstafanir tilteknar í ákvæðinu án þess að um tæmandi talningu sé að ræða. Þær ráðstafanir teljast ekki til nauðungar í þjónustu skv. 28. gr. heldur er um að ræða mikilvægan þátt í öryggisgæslu til verndar þeim sem eru á öryggisgæslustað, þ.e. bæði skjólstæðingum og starfsfólki.

Í 5. mgr. er kveðið á um öruggt herbergi þar sem unnt er að vista skjólstæðing ef nauðsyn krefur til að koma í veg fyrir að hann skaði sjálfan sig eða aðra. Lögð er áhersla á vandaða málsmeðferð þegar ákvörðun um vistun í öruggu herbergi er tekin og að gæta þurfi meðalhófs við vistunina sem og aðrar aðgerðir sem beitt er í tengslum við hana. Þannig er kveðið á um að tafarlaust skuli látið af vistuninni þegar hættu hefur verið afstýrt eða ástand það sem leiddi til vistunarinnar er liðið hjá. Jafnframt þarf að endurmeta á hverjum degi hvort þörf sé á áframhaldandi vistun í herberginu. Gert er ráð fyrir að yfirmaður öryggisgæslustaðar eða annar stjórnandi í umboði hans, svo sem staðgengill hans eða yfirmaður vaktar, taki ákvörðun um vistun í öruggu herbergi.

Um vistun í öruggu herbergi fer skv. 28. gr. sem kveður á um bann við beitingu nauðungar í þjónustu nema veitt hafi verið til þess undanþága eða í neyðartilvikum. Tilkynna skal sérfræðiteymi um aðgerðir til að draga úr beitingu nauðungar um vistun skjólstæðings í öruggu herbergi. Þá þarf að kalla til heilbrigðisstarfsmann um leið og ákvörðun um vistun er tekin sem skal koma eins fljótt og auðið er til að meta ástand skjólstæðing. Einnig er dagleg skoðun

heilbrigðisstarfsmanns tryggð og jafnframt er gerð sú krafa að læknir meti hvort þörf sé á innlögn á heilbrigðisstofnun eða hvort annarra úrræða sé þörf vegna ástands skjólstæðings. Þá er kveðið á um að taka skuli mið af mögulegum skerðingum hans við framkvæmdina, þ.e. bæði andlegum og líkamlegum skerðingum.

Um 24. gr.

Miðstöð um öryggisráðstafanir annast einnig framkvæmd vægari öryggisráðstafana en öryggisgæslu, sem skjólstæðingi er gert að sæta. Meðal slíkra ráðstafana er skerðing á ferðafrelsi, rafrænt eftirlit, ákvörðun varðandi vistunarstað og vinnu, lyfjameðferð, meðferð vegna áfengis- og vímuefnanotkunar, geðmeðferð eða bann við notkun áfengis, vímuefna og lyfja. Skjólstæðingur sætir þá ekki öryggisgæslu. Hann kann þó að búa í húsnæði á vegum félagsþjónustu sveitarfélags. Þegar svo háttar til ber miðstöðin ábyrgð á framkvæmd öryggisráðstöfunar en félagsþjónustan ber ábyrgð á búsetu og annarri þjónustu við einstaklinginn samkvæmt lögum um félagsþjónustu og lögum um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir. Öryggisráðstöfun getur haft áhrif á þjónustuna eða búsetu á vegum sveitarfélagsins. Því er eðlilegt að samstarf sé á milli miðstöðvarinnar og félagsþjónustu sveitarfélagsins um hvernig öryggisráðstöfununum skuli háttað. Í því felst m.a. að upplýsa félagsþjónustuna eða þann stað þar sem skjólstæðingur býr um öryggisráðstöfunina. Á grundvelli 21. gr. skal álit þverfaglega teymisins lagt til grundvallar þegar tekin er ákvörðun um framkvæmd vægari öryggisráðstafana, svo sem um nauðsynlegar öryggiskröfur vegna framkvæmdarinnar. Þarna getur m.a. komið til skoðunar hversu mikið eftirlit þurfi að hafa með skjólstæðingi samkvæmt dómsúrlausn ef ekki er kveðið nánar á um það í dómi.

Í 2. mgr. er kveðið á um tilkynningu miðstöðvarinnar til skjólstæðings. Tilkynna skal með sannanlegum hætti og skal það jafnan gert skriflega. Jafnframt skal tilkynna tilsjónarmanni um fyrirhugaða ráðstöfun. Við tilkynningu skal gætt að viðeigandi aðlögun. Kynna skal fyrir skjólstæðingi á tungumáli og formi sem hann skilur reglur sem gilda um ráðstöfunina, réttindi hans og skyldur og annað sem máli skiptir. Kalla skal til tilsjónarmann, eða réttindagæslu fyrir fatlað fólk, ef þörf er talin á.

Samkvæmt 3. mgr. er miðstöðinni heimilt að boða skjólstæðing á fund til að fara yfir framkvæmd ráðstöfunar og er honum skylt að mæta á fundinn. Heimilt er að halda fundinn á stað sem hentar betur hag skjólstæðings en t.d. í húsakynnum miðstöðvarinnar, svo sem þar sem skjólstæðingur dvelur. Miða ber við að fundarstaður sé ákveðinn í samræmi við þarfir og óskir skjólstæðings eftir því sem við verður komið miðað við aðstæður hverju sinni. Á fundinum er bæði unnt að fara yfir þá tilhögun sem þegar hefur verið ákveðin eða óska eftir afstöðu skjólstæðings til nánara fyrirkomulags tilhögunar, verði því við komið. Verði skjólstæðingur ekki við boðun á fundinn felur miðstöðin lögreglu að flytja hann á fundinn. Er lögreglu skylt að verða við þeirri beiðni.

Miðstöðinni er jafnframt heimilt að óska eftir því að skjólstæðingur sanni á sér deili með viðeigandi skilríkjum, svo sem vegabréfi, ökuskríteini eða nafnskríteini. Þá skal miðstöðin skrá helstu upplýsingar um framkvæmd ráðstöfunar og kynna fyrir skjólstæðingi á tungumáli sem hann skilur helstu reglur sem gilda um framkvæmdina. Varðandi skráningu upplýsinga er jafnframt rétt að áréttu þær skyldur sem leiðir af upplýsingalögum, nr. 140/2012, óskráðri reglu stjórnsýsluréttar og vönduðum stjórnsýsluháttum.

Um 25. gr.

Í greininni er kveðið á um heimildir til handa Miðstöð um öryggisráðstafanir svo að hún geti framfylgt vægari öryggisráðstöfunum en öryggisgæslu.

Í 1. mgr. er fjallað um rafrænt eftirlit. Gert er ráð fyrir því að hægt sé að setja búnað eins og ökklaband á skjólstæðing til að fylgjast með ferðum hans. Jafnframt er kveðið á um upplýsingaskyldu miðstöðvarinnar gagnvart skjólstæðingi í þeim tilvikum þegar honum hefur verið gert að halda sig á tilteknum stað á ákveðnum tíma. Er þetta gert til að tryggja skilning skjólstæðings á því að afleiðingar þess að hann hlíti ekki ráðstöfun kunni að verða þær að leitað verði eftir dómsúrlausn um aðrar og meira íþyngjandi ráðstafanir.

Í 2. mgr. er fjallað um heimildir miðstöðvarinnar til að afla upplýsinga frá vinnuveitanda og öðrum einstaklingum um ferðir og samskipti skjólstæðings í þeim tilvikum þegar honum hefur verið gert að halda sig á ákveðnum stöðum, umgangast ekki ákveðið fólk eða halda skilyrði um vinnu. Er þetta mikilvægt til þess að miðstöðin geti gengið úr skugga um að skjólstæðingur hlíti ráðstöfun. Þá er kveðið á um skyldu vinnuveitanda og annarra aðila til að veita miðstöðinni upplýsingar um ferðir og samskipti skjólstæðings við tiltekna einstaklinga. Þannig er skýrt að framangreindir aðilar hafi heimild til að veita umbeðnar upplýsingar og að slík upplýsingagjöf sé í samræmi við lög um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga.

Í 3. mgr. er kveðið á um skyldu meðferðaraðila til að veita upplýsingar um meðferð skjólstæðings svo að miðstöðin geti sinnt hlutverki sínu. Sá munur er á meðferð skjólstæðings og meðferð almennt að meðferð skjólstæðings er liður í framkvæmd öryggisráðstöfunar sem hefur verið ákveðin með dómsúrlausn. Vegna þess þurfa ákveðnar upplýsingar um hvernig meðferðinni miði að vera aðgengilegar miðstöðinni til unnt sé að fylgjast með því að meðferðin þjóni tilgangi sínum sem öryggisráðstöfun svo og að hún vari ekki lengur eða sé meira íþyngjandi en nauðsyn ber til. Þessar upplýsingar geta m.a. lotið að því hvort skjólstæðingur mæti í meðferð og hvernig hún almennt gangi. Finna þarf jafnvægi á milli trúnaðarskyldu heilbrigðisstarfsfólks og möguleika miðstöðvarinnar til að sinna hlutverki sínu. Hér sem endranær þarf að gæta meðalhófs og ekki óska eftir ítarlegri upplýsingum en nauðsyn ber til. Gert er ráð fyrir að þær upplýsingar sem miðstöðin fái séu þess eðlis að unnt sé að leggja mat á hvort vægari eða meira íþyngjandi ráðstafanir séu nauðsynlegar. Í þessu sambandi má til hliðsjónar benda á að geðlæknar leggja mat á ástand skjólstæðings fyrir dómi. Um hliðstæða upplýsingagjöf er að ræða í þessu tilviki.

Í 4. mgr. er fjallað um heimild miðstöðvarinnar til að krefjast þess að skjólstæðingur undirgangist rannsókn á því hvort hann hafi neytt áfengis eða vímuefna í þeim tilvikum þegar öryggisráðstöfun lýtur að banni við því að neyta áfengis eða vímuefna. Aftur á móti er ekki kveðið á um að miðstöðin geti þvingað skjólstæðing í slíka rannsókn. Neiti skjólstæðingur að undirgangast rannsókn ber miðstöðinni að upplýsa hann um mögulegar afleiðingar þess, svo sem að reyna kunni á það fyrir dómi hvort grípa þurfi til meira íþyngjandi ráðstöfunar. Reynt getur á samspil þessara heimilda með ýmsum hætti. Þannig gæti miðstöðin t.d. byrjað á því að ræða við vinnuveitanda um það hvort skjólstæðingur hafi verið ölvaður við störf. Ef vinnuveitanda grunar að svo sé gæti miðstöðin í framhaldi af því óskað eftir að skjólstæðingur undirgangist rannsókn. Slík rannsókn getur farið fram á ýmsum stöðum, svo sem á lögreglustöð, á heilsugæslu eða jafnvel á öryggisgæslustað.

Í 5. mgr. er fjallað um það að miðstöðinni sé heimilt að kveðja skjólstæðing reglulega á sinn fund og óska eftir upplýsingum um hvort og þá hvernig hann hafi hlitt öryggisráðstöfun. Hafi t.d. verið ákveðið að skjólstæðingur mæti í meðferð hjá tilteknum heilbrigðisstarfsmanni tvisvar í viku er miðstöðinni heimilt að óska eftir upplýsingum m.a. um hvort hann hafi mætt.

Í 6. mgr. er að finna almenna upplýsingaheimild til handa miðstöðinni til að hún geti sinnt eftirliti sínu og framfylgt þeirri öryggisráðstöfun sem skjólstæðingi hefur verið gert að sæta með dómsúrlausn. Þar sem fyrirkomulag öryggisráðstafana getur verið margvíslegt er nauðsynlegt að veita miðstöðinni víðtækar upplýsingaheimildir. Til að mynda kann að vera ákveðið

í dómsúrlausn að aðili skuli sæta geðheilbrigðismati með reglulegu millibili án þess að nánar sé kveðið á um framkvæmd þess. Kæmi það þá í hlut miðstöðvarinnar að ákveða t.d. hvar slíkt mat skyldi fara fram. Af þessu ákvæði leiðir að miðstöðin á rétt á upplýsingum í tengslum við matið. Sérstaklega er kveðið á um heimild til öflunar viðkvæmra persónuupplýsinga, þ.m.t. heilsufarsupplýsinga og upplýsinga um hagi og aðstæður þeirra sem sæta ráðstöfun. Loks er kveðið á um að þeim aðilum sem taldir eru upp í ákvæðinu sé skylt að veita miðstöðinni umbeðnar upplýsingar.

Í 60. gr. er kveðið á um að miðstöðin setji nánari reglur um framkvæmd rafræns eftirlits. Þar sem um mismunandi ráðstafanir getur verið að ræða samkvæmt dómsúrlausn er ljóst að gera þarf einstaklingsbundnar reglur hverju sinni. Þannig getur einn skjólstæðingur þurft að hlíta strangari reglum um rafrænt eftirlit en annar ef dómsorð kveður á um slíkt.

Um 26. gr.

Við upphaf öryggisgæslu eða vægari öryggisráðstafana skal gera einstaklingsbundna þjónustuáætlun þar sem skilgreindir eru helstu þættir ráðstafana, umfang og eðli þjónustunnar og markmið ráðstafana og meðferðar eftir atvikum. Mikilvægt er að skjólstæðingur taki þátt í gerð þjónustuáætlunarinnar ásamt þverfaglegu teymi öryggisgæslustaðar þar sem skjólstæðingurinn er í forgrunni þjónustunnar og þátttakandi í henni. Gæta skal að viðeigandi aðlögun til að tryggja skilning og samþykki skjólstæðings við gerð þjónustuáætlunar. Endurskoða skal þjónustuáætlun eftir þörfum en a.m.k. á sex mánaða fresti.

Fram kemur að heimilt sé að kalla eftir aðkomu þjónustuveitanda, svo sem félagsþjónustu sveitarfélags, annars öryggisgæslustaðar sem viðkomandi hefur áður dvalið á og barnaverndaryfirvalda, eða fulltrúum lögreglu, að gerð þjónustuáætlunar þegar ástæða er til þess. Er þessi heimild veitt þar sem mikilvægt er að samræma þá þjónustu sem viðkomandi hefur fengið áður en hann er vistaður í öryggisgæslu og þá þjónustu sem hann mun fá á meðan vistuninni stendur, eða á meðan hann sætir öðrum öryggisráðstöfunum. Á þetta einnig við þegar einstaklingur hefur t.d. verið á réttargeðdeild en er fluttur á annan öryggisgæslustað. Þá er mikilvægt að þeir aðilar sem komið hafa að þjónustu við viðkomandi geti komið að gerð nýrrar þjónustuáætlunar. Áréttað er að ekki þurfi alltaf aðkomu þjónustuaðila heldur skuli það aðeins gert þegar við á og ef ástæða er til.

Í 2. mgr. er kveðið á um það að skjólstæðingur skuli fá afrit af þjónustuáætluninni og hafa að jafnaði aðgang að henni eftir það.

Í 3. mgr. kemur fram að miða beri við að þjónustuáætlun sé uppfærð þegar vistun skjólstæðings í öryggisgæslu lýkur. Í mörgum tilvikum myndu aðrar vægari öryggisráðstafanir þá taka við. Eðli málsins samkvæmt þarf að taka afstöðu til þess hvernig húsnæðismálum skjólstæðings skal vera háttað, að teknu tilliti til öryggiskrafna, þar á meðal að greina þau búsetuúrræði sem skjólstæðingi standa til boða. Einn helsti vandi einstaklinga sem ljúka fangelsisvist eða öryggisráðstöfun er skortur á húsnæði, en án öruggs heimilis eykst hætta á endurkomu í afbrot, félagslegri einangrun og áframhaldandi jaðarsetningu. Því er brýnt að tryggja að viðkomandi þjónustuaðilar, svo sem sveitarfélög, hafi tiltækt viðeigandi húsnæði tímanlega.

Um V. kafla.

Í kaflanum er kveðið á um aðgang skjólstæðings að félags- og heilbrigðisþjónustu og þær upplýsingar sem honum skulu veittar um þjónustu og meðferð sem honum stendur til boða. Skal þjónusta vera einstaklingsbundin og viðeigandi miðað við þarfir viðkomandi og skal hann eiga þess kost að velja tiltekna gagnreynda meðferð þegar fleiri en ein koma til greina. Í 28.

grein er kveðið á um bann við beitingu nauðungar í þjónustu og samskiptum, nema veitt hafi verið undanþága frá banni eða um sé að ræða neyðartilvik. Um ráðstafanir til að draga úr nauðung í þjónustu og veitingu undanþágu frá banni við beitingu nauðungar fer samkvæmt lögum um réttindavernd fatlaðs fólks.

Um 27. gr.

Í greininni er fjallað um félags- og heilbrigðisþjónustu við skjólstaðing sem sætir öryggisgæslu. Samkvæmt ákvæðinu skal skjólstaðingur hafa aðgang að einstaklingsbundinni félags- og heilbrigðisþjónustu í samræmi við þarfir sínar hverju sinni. Í þessu sambandi vísast til markmiðsákvæðis 1. gr. laga um heilbrigðisþjónustu, nr. 40/2007. Þegar lagt er mat á þá heilbrigðisþjónustu sem völ er á hverju sinni verður líta til allra aðstæðna, svo sem hversu raunhæft er að veita þjónustuna og hvaða heilbrigðisþjónusta stendur öðrum landsmönnum til boða. Skjólstaðingur á ekki að njóta lakari heilbrigðisþjónustu en aðrir sem búa hér á landi og því til viðbótar gæti hann þurft á sérhæfðri heilbrigðisþjónustu að halda vegna þeirrar viðkvæmu stöðu sem leiðir af öryggisráðstöfunum.

Áréttað er að félags- og heilbrigðisþjónusta skuli vera einstaklingsbundin og í samræmi við þarfir skjólstaðings. Er þar m.a. átt við einstaklingsmiðaða nálgun út frá þörfum og óskum skjólstaðings, þ.m.t. í samræmi við hugmyndafræði áfallamiðaðrar nálgunar, batamiðaðrar þjónustu eða þjónandi leiðsagnar. Þegar þjónusta er veitt skal ávallt hafa hugmyndafræðina um sjálfstætt líf að leiðarljósi. Í ákvæðinu felst að skjólstaðingur skuli hafa aðgang að þeirri félagsþjónustu sem hann þarf á öryggisgæslustað. Hér er ekki átt við að starfsfólk félagsþjónustu sveitarfélags veiti þjónustu á öryggisgæslustaðnum heldur að félagslega þjónustu sé að fá á staðnum. Í því samhengi vísast til 8. gr. frumvarpsins og skýringa við greinina, en eins og fram kemur þar er gert ráð fyrir að fjölbreytt starfslið starfi á öryggisgæslustað til að veita skjólstaðingum þá þjónustu sem þeir þurfa á að halda.

Um 28. gr.

Í greininni er kveðið á um bann við beitingu nauðungar í þjónustu við skjólstaðing sem sætir öryggisráðstöfunum. Áréttað er að bannið gildi um þjónustu sem veitt er samhliða öryggisráðstöfunum og að það nái til allra þeirra sem veita skjólstaðingum þjónustu, óháð því hvar hún er veitt. Ákvæðið tekur jafnt til opinberra aðila og einkaaðila, þ.m.t. ríkisstofnana, sveitarfélaga og sjálfseignarstofnana. Einnig er tilgreint að ákvæðin nái til allra skjólstaðinga sem gert er að sæta öryggisráðstöfunum, óháð því hvort metnar þjónustur þarfir séu tilkomnar vegna fötlunar.

Í 1. mgr. er tilgreint að öll nauðung í þjónustu sé bönnuð, nema veitt hafi verið undanþága eða um sé að ræða neyðartilvik. Málsgreinin er nær samhljóma 16. gr. laga um réttindavernd fatlaðs fólks, sem kveður á um bann við fjarvöktun og beitingu nauðungar. Þó er, í stað þess að kveðið sé á um að heimilt sé að beita nauðung ef nauðsynlegt sé að grípa inn í atburðarás til að koma í veg fyrir yfirvofandi röskun á almannahagsmunum, talað um yfirvofandi ógn við almannahagsmuni. Nauðsynlegt er talið að hafa sambærilegt ákvæði í lögum þessum til þess að árétta að þrátt fyrir að skjólstaðingar sæti öryggisráðstöfunum sé ekki heimilt að beita nauðung í þjónustu. Mikilvægt er að árétta að í öryggisráðstöfunum felast ákveðnar ráðstafanir sem ekki teljast til nauðungar, sbr. t.d. ákvæði 23., 33., 37. og 38. gr. og ákvæði VII. kafla frumvarps þessa og þarf því ekki að sækja um sérstaka undanþágu til að beita þeim. Er um að ræða mikilvægar ráðstafanir til að tryggja öryggi bæði skjólstaðinga og annarra, svo sem starfsfólks sem sinna þeim, brotaþola o.fl.

Nauðung er í 17. gr. laga um réttindavernd fatlaðs fólks, skilgreind sem athöfn sem skerðir sjálfsákvörðunarrétt einstaklings og fer fram gegn vilja hans eða þrengir svo að

sjálfsákvörðunarrétti hans að telja verði það nauðung þótt hann hreyfi ekki mótmælum. Til nauðungar teljast m.a. líkamleg valdbeiting og þvingun til athafna.

Í sérstökum og einstaklingsbundnum tilvikum er heimilt að víkja frá banni við beitingu nauðungar í þjónustu, að fengnu leyfi úrskurðarnefndar velferðarmála, sbr. 18. gr. laga um réttindavernd fatlaðs fólks, sem veitt er m.a. á grundvelli umsagnar sérfræðiteymis um aðgerðir til að draga úr beitingu nauðungar, sbr. 22. gr. sömu laga. Sérfræðiteyminu er ætlað að leggja mat á aðstæður og koma með tillögur til úrbóta og hugmyndir að því hvernig hægt sé að koma í veg fyrir að beita þurfti nauðung. Gagnist þær ekki eða sérfræðiteymið telur ljóst að aðrar leiðir dugi ekki, veitir teymið umsögn sína ákveði þjónustuveitandi að sækja um undanþágu frá banni við beitingu nauðungar. Sýna þarf fram á að tilgangur nauðungar sé að koma í veg fyrir að einstaklingur valdi sjálfum sér eða öðrum líkamstjóni eða stórfelldu eignatjóni, eða að uppfylla grunnþarfir einstaklings. Undanþága getur einnig náð til fyrirbyggjandi aðgerða.

Neyðartilvik er skilgreint í 19. gr. laga um réttindavernd fatlaðs fólks. Kemur þar fram að ef nauðsynlegt er að grípa inn í atburðarás til þess að koma í veg fyrir yfirvofandi líkamstjón, stórfellt eignatjón eða ógn við almannahagsmuni sé heimilt að beita nauðung án undangenginnar ákvörðunar úrskurðarnefndar velferðarmála. Tafarlaust skal látið af nauðung þegar hættu hefur verið afstýrt eða ástand er liðið hjá. Skrá skal öll slík tilvik og atvikalýsing send sérfræðiteymi innan viku frá því að nauðung var beitt. Ekki er heimilt að byggja endurtekna beitingu nauðungar á ákvæðinu, enda er því ætlað að taka á einstökum og ófyrirsjáanlegum tilvikum.

Gera skal ráðstafanir til að koma í veg fyrir og draga úr nauðung í þjónustu og er þar vísað til V. kafla laga um réttindavernd fatlaðs fólks, þar sem kveðið er á um fræðslu starfsfólks og ráðgjöf sérfræðiteymis.

Um 29. gr.

Í greininni er fjallað um upplýsingar um meðferð skjólstaðings og þjónustu við hann.

Í 1. mgr. er kveðið á um að veita skuli skjólstaðingi upplýsingar um fyrirhugaða meðferð ásamt upplýsingum um framgang hennar, áhættu og gagnsemi. Einnig skal veita skjólstaðingi upplýsingar um hugsanleg úrræði önnur en fyrirhugaða meðferð sem og afleiðingar þess ef ekkert verður aðhafst. Nauðsynlegt er að veita skjólstaðingi upplýsingar um fyrirhugaða meðferð og önnur úrræði sem koma til greina til að hann geti tekið upplýsta ákvörðun. Þá skal skv. 2. mgr. skrá upplýsingar sem skjólstaðingi eru gefnar samkvæmt ákvæðinu og kveðið á um að upplýsingarnar skuli gefnar jafnóðum og tilefni gefst. Þær skuli veittar á þann hátt og við þau skilyrði að skjólstaðingur geti skilið þær. Í þessu samhengi er rétt að vekja athygli á ákvæði 36. gr. þar sem kveðið er á um að samskipti við skjólstaðing skuli vera á tungumáli sem hann skilur og skulu þau t.d. vera á auðskildu máli eftir því sem þörf krefur.

Í 3. mgr. er kveðið á um að skjólstaðingur skuli eiga kost á að velja tiltekna gagnreynda meðferð þegar fleiri en ein kemur til greina að mati þess heilbrigðisstarfsmanns sem sér um meðferðina. Dæmi um það er val á tilteknu lyfi umfram annað. Þetta á við ef bæði lyfin eru til þess fallin að skila tilætluðum árangri að mati heilbrigðisstarfsmannsins. Hið sama á við um önnur meðferðarúrræði. Skrá skal val skjólstaðings í sjúkraskrá og einstaklingsbundna þjónustuáætlun. Reglan felur í sér nánari útfærslu eða er nátengd sjálfsákvörðunarrétti skjólstaðings sem felst m.a. í samþykki hans fyrir meðferð og rétti hans til að hafna meðferð.

Ákvæði laga um réttindi sjúklinga, nr. 74/1997, gilda um heilbrigðisþjónustu sem veitt er á heilbrigðisstofnunum, þar á meðal réttargeðdeild, en í 7.–9. gr. þeirra laga er fjallað um

upplýst samþykki sjúklings fyrir meðferð, heimild hans til að hafna meðferð og um undanþágu frá meginreglu um samþykki fyrir meðferð.

Um VI. kafla.

Í kaflanum er fjallað um réttindi og skyldur þeirra einstaklinga sem gert er að sæta öryggisgæslu á öryggisgæslustað. Þó gilda ákvæði um sjálfsákvörðunarrétt skjólstæðinga og aðkomu aðstandenda einnig um vægari öryggisráðstafanir. Sama á við um ákvæði um samskipti á máli sem skjólstæðingur skilur, réttindi erlendra skjólstæðinga, iðkun trúar og siðar, skyldu til að fylgja reglum öryggisgæslustaðar sem og um öryggi skjólstæðinga. Ákvæði kaflans eiga ekki við um dvöl barna á vistunarstað í samræmi við barnaverndarlög. Í kaflanum er áréttað mikilvægi þess að virða sjálfsákvörðunarrétt skjólstæðinga eins og kostur er. Í kaflanum eru tiltekin réttindi sem einstaklingar sem sæta öryggisgæslu skulu njóta, svo sem hvað varðar aðbúnað á öryggisgæslustað, rétt til að fá heimsóknir og leyfi frá öryggisgæslustað, samskipti við umheiminn, virkni, útiveru, tómstundir o.fl., en einnig skilyrði sem uppfylla ber ef nauðsynlegt er í einstaka tilfellum að takmarka réttindin.

Um 30. gr.

Í öryggisráðstöfunum felst frelsisskerðing eða frelsissvipting og þar með alvarleg takmörkun á sjálfsákvörðunarrétti, sjálfstæði og lífsgæðum skjólstæðings. Þrátt fyrir það er mikilvægt að skjólstæðingur njóti sjálfsákvörðunarréttar, sjálfstæðis og lífsgæða að því marki sem það samrýmist þeim öryggisráðstöfunum sem hann sætir. Þýðing þessa er undirstrikuð í ákvæðinu.

Í 1. málsl. er kveðið almennt á um þessi réttindi. Til að virða réttindin verða þeir sem framfylgja öryggisráðstöfunum að nálgast starf sitt með þau að leiðarljósi í hvívetna. Á það við um starfsfólk miðstöðvarinnar eða á vegum hennar sem hefur samskipti við skjólstæðing, þjónustuaðila, úrskurðaraðila og stjórnvöld sem gefa út fyrirmæli á grundvelli laganna, verði frumvarpið samþykkt. Í réttindunum felst að ákvarðanir taki ekki aðeins mið af mati fagaðila og starfsfólks á hagsmunum skjólstæðings, heldur beri að horfa til vilja og vals einstaklingsins sjálfs.

Sjálfsákvörðunarréttur og sjálfstæði skjólstæðings taka þó mið af þeim öryggisráðstöfunum sem hann sætir. Þannig verður skjólstæðingur að una því að ákveðnar öryggiskröfur séu gerðar sem hann verður að hlíta. Í 3. málsl. er tiltekið að skjólstæðingur skuli búa við eins góð lífsgæði og kostur er á að skapa miðað við aðstæður. Lífsgæði er mælikvarði á fjölmörg atriði. Um sum þeirra er fjallað nánar í kaflanum, svo sem vistarverur, samskipti og virkniúræði. Lífsgæði taka einnig til atriða eins og viðunandi klæðnaðar, næringar, menntunar, heilsu, afþreyingar og heimilislegs umhverfis. Allur aðbúnaður þarf að vera viðunandi og í samræmi við virðingu fyrir mannlegri reisn skjólstæðings. Gæta þarf að öryggi, heilbrigði og hreinlæti, viðunandi birtuskilyrðum, hitastigi og loftræstingu.

Í 4. málsl. er áréttaður veigamikill þáttur í réttindunum en þar kemur fram að leitast skuli við eins og framast er unnt að kalla eftir afstöðu skjólstæðings til ákvarðana sem varða hann.

Tekið skal fram að í ákvæðinu felst ekki andmælaréttur í skilningi stjórnsýslulaga heldur er um að ræða ákveðin þátttökuréttindi sem taka til ýmiss konar ákvarðana. Sá réttur sem hér er mælt fyrir um kemur til viðbótar andmælarétti þar sem hann er til staðar lögum samkvæmt. Þannig ber starfsfólki miðstöðvarinnar, og þeim sem starfa á vegum miðstöðvarinnar, að leita eftir afstöðu skjólstæðings til ýmissa atriða er varða daglegt líf hans. Ef einstaklingur sætir öryggisgæslu geta þessi atriði til að mynda varðað atriði allt frá fyrirkomulagi virkni og hreyfingar yfir í ákvarðanir um lyfjagjöf. Þegar um er að ræða vægari öryggisráðstafanir ber að hafa

samráð við skjólstæðing um hvernig best sé að háttá þeim, svo sem hvenær eða hvar henti honum að mæta í meðferð sem honum er gert að sæta. Taka skal tillit til óska skjólstæðings og hagræðis fyrir hann þegar framkvæmd öryggisráðstafana er ákveðin, að því marki sem hægt er.

Í öðrum ákvæðum frumvarpsins er þessi skylda sérstaklega árétuð og jafnvel útfærð. Með þessu móti er stuðlað að því að skjólstæðingur taki þátt í og hafi áhrif á inntak og framkvæmd þeirra öryggisráðstafana sem honum er gert að sæta. Þegar um þýðingarmikla ákvörðun er að ræða, t.d. er varðar lyfjagjöf, ber að skrá afstöðu skjólstæðings. Þrátt fyrir mikilvægi þess að leitað sé eftir afstöðu skjólstæðings getur verið að ekki sé hægt að verða við óskum hans. Reyna skal þá að fara þá leið sem er næst óskum hans. Í sumum tilvikum kann að vera bersýnilega óraunhæft að leita eftir afstöðu skjólstæðings, til að mynda vegna ástands hans, skamms tíma til ákvarðanatöku eða þegar ákvörðun er almenns eðlis og snertir fleiri skjólstæðinga.

Um 31. gr.

Í greininni er fjallað um vistarverur skjólstæðings í öryggisgæslu og muni sem skjólstæðingur getur haft í vistarverum sínum. Skjólstæðingur skal hafa sérherbergi eða séríbúð á þeim öryggisgæslustað sem hann dvelst. Það fer eftir öryggisgæslustað og aðstæðum hvort skjólstæðingi stendur til boða herbergi eða íbúð. Herbergi eða íbúð skjólstæðings er hans rými. Hann getur t.d. skreytt vistarverur sínar. Að sama skapi er gert ráð fyrir því að skjólstæðingur haldi þeim hreinum og snyrtilegum. Skjólstæðingur þarf að hafa aðgang að sínu rými hvenær sem er dags. Honum er ekki skylt að dvelja í sameiginlegu rými á daginn heldur á honum að standa til boða að fara til vistarvera sinna þegar hann vill. Þá á skjólstæðingur almennt séð einn að hafa aðgang að vistarverum sínum. Jafnframt á skjólstæðingur almennt að geta lokað að sér. Undantekningar frá þessu eru t.d. í 46. gr. um leit í vistarverum. Við leit getur starfsfólk þurft að tryggja öryggi skjólstæðings og annarra.

Í 2. mgr. er kveðið á um samskipti við aðra skjólstæðinga og samneyti kynja. Er meginreglan sú að skjólstæðingi sé óheimilt að fara inn í vistarverur annarra nema með sérstöku leyfi forstöðumanns öryggisgæslustaðar. Þá er lagt til að leyfa megí samskipti kynja í daglegu starfi en að tryggja skuli fullan aðskilnað þeirra að næturlagi. Hér þarf að skoða hvert tilvik fyrir sig, m.a. út frá öryggissjónarmiðum en einnig út frá réttindum skjólstæðinga og þörfum þeirra, m.a. með hliðsjón af lögum um kynrænt sjálfræði. Ef talið er að það sé hagur skjólstæðinga að eiga samskipti sín á milli og vilji þeirra sjálfra stendur til þess og öryggissjónarmið mæla ekki gegn því er mikilvægt að verða við því eins og kostur er.

Í 3. mgr. er kveðið á um persónulega muni í herbergi eða íbúð skjólstæðings. Þar getur skjólstæðingur t.d. geymt föt sín, bækur og muni til að skreyta herbergið eða íbúðina. Þó má skjólstæðingur ekki hafa persónulega muni sem eru hættulegir eða ólögmætir. Í þessu sambandi er sérstaklega tekið fram að skjólstæðingi er óheimilt að hafa í vörslum sínum áfengi, ávana- og fíkniefni og vopn. Skjólstæðingur má ekki hafa lyf í vistarverum sínum nema í undantekningartilvikum og það sé nauðsynlegt samkvæmt læknisráði og með samþykki yfirmanns þess öryggisgæslustaðar sem hann dvelst á. Enn fremur er gerður sá fyrirvari að persónulegir munir séu í samræmi við dómsúrlausn. Er þá átt við þær öryggiskröfur sem eiga við um vistun skjólstæðings og aðstæður á öryggisgæslustað.

Tekið er af skarið um það í 4. mgr. að óheimilt sé að takmarka aðgang skjólstæðings að persónulegum munum eða öðrum aðgengilegum munum á öryggisgæslustað í viðurlagaskyni eða til að þvinga hann til athafna eða athafnaleysis. Þó er gert ráð fyrir því að aðgengi að ákveðnum munum, svo sem sjónvarpi í almennu rými, sé í samræmi við þær reglur sem gilda

á hverjum stað. Aftur á móti felst í 3. mgr. að takmarka getur þurft aðgengi skjólstaðings að munum af öryggisástæðum.

Um 32. gr.

Í greininni er fjallað um rétt skjólstaðings til að fá heimsóknir frá fjölskyldu sinni og vinum á öryggisgæslustað þar sem hann dvelur. Gert er ráð fyrir því að heimsóknir fari almennt fram í vistarverum skjólstaðinga. Mikilvægt er að skjólstaðingur geti átt í samskiptum við og rækt sambönd við ættingja sína og vini þrátt fyrir að sæta öryggisgæslu. Það er mikilvægt fyrir einstaklinginn og aðstandendur hans og stuðlar einnig frekar að bata, bættri líðan og auðveldari aðlögun þegar vistun lýkur. Er þetta þó með þeim fyrirvara að heimsóknirnar séu ekki skaðlegar skjólstaðingnum, en heimilt er að takmarka heimsóknir frá fólki sem telst skaðlegt heilsu og líðan skjólstaðings. Túlka ber þetta skilyrði þröngt og þarf þungvæg rök til að takmarka heimsóknir til skjólstaðings á grundvelli þess að heimsóknin sé talin skaðleg honum. Nánar er fjallað um takmarkanir á heimsóknum og um heimsóknargesti í 33. gr. Þar er gert ráð fyrir því að aðstæður geti tímabundið verið þannig að ekki sé unnt að leyfa jafn margar heimsóknir og áður. Þó ber að leitast við að finna leiðir til að tryggja heimsóknarréttinn áður en gripið er til takmarkana á heimsóknum. Slíkar takmarkanir ber að túlka þröngt.

Samkvæmt 60. gr. setja öryggisgæslustaðir nánari reglur um heimsóknir. Þar sem aðstæður á öryggisgæslustöðum eru ólíkar geta heimsóknarreglur verið mismunandi milli öryggisgæslustaða. Til að tryggja samræmi að því marki sem hægt er er kveðið á um að reglur öryggisgæslustaða skuli vera í samræmi við almenn viðmið sem Miðstöð um öryggisráðstafanir gefur út. Reglurnar þurfa að vera aðgengilegar skjólstaðingum, aðstandendum þeirra, tilsjónarmönnum, réttindagæslu og öðrum.

Loks er fjallað um heimsóknir barna á öryggisgæslustað. Ákvæðið er til áréttingar á því að börnum skuli sýnd sérstök nærgætni þar sem þau eru viðkvæmur hópur. Aðstæður á öryggisgæslustað þurfi að vera þannig að þau geti komið með í heimsóknir. Þá skulu heimsóknir fara fram í barnvænu umhverfi. Gæta skal þess að heimsóknir barna séu í samræmi við hagsmuni þeirra að öllu leyti. Skulu þær fara fram í fylgd forsjáraðila eða aðstandanda enda liggi skriflegt samþykki forsjáraðila fyrir því. Áréttað er að rjúfa skuli heimsókn ef talið er að hún samrýmist ekki hagsmunum barns.

Um 33. gr.

Í greininni er kveðið á um heimildir yfirmanns öryggisgæslustaðar til að takmarka heimsóknir til skjólstaðinga. Ákvörðun um takmarkanir á heimsóknum skal yfirmaður öryggisgæslustaðar rökstyðja skriflega. Skv. 4. mgr. má rjúfa heimsókn ef nauðsynlegt þykir vegna sömu ástæðna og nefndar eru í 1. mgr.

Í 2. mgr. er öryggisgæslustöðum veitt heimild til að kanna bakgrunn og sakaferil heimsóknargests áður en heimsókn er samþykkt. Er það talið nauðsynlegt til að koma í veg fyrir annarlegan tilgang heimsóknar, gæta öryggis og tryggja að heimsóknir séu ekki skaðlegar öryggisgæslu skjólstaðings. Sé öryggisgæslustaður á vegum annars en miðstöðvarinnar getur bakgrunnskönnun þurft að fara fram með aðstoð hennar. Með ákvæðinu er miðstöðinni veitt heimild til að afla upplýsinga úr málaskrá lögreglunnar.

Í 3. mgr. er heimild til að leita á heimsóknargesti áður en heimsókn fer fram. Leit getur annars vegar verið leit í fatnaði og hins vegar líkamsleit, enda samþykki heimsóknargestur það. Þetta er gert til að koma í veg fyrir að ólöglegir eða hættulegir munir komi inn á öryggisgæslustað og til að gæta öryggis þeirra sem þar dvelja. Samþykki gestur ekki leit skal heimsóknin fara fram með öðrum hætti eða viðkomandi synjað um hana, sbr. 1. mgr. Væri í þeim

tilfellum t.d. hægt að ákveða að heimsókn fari fram undir eftirliti starfsmanns, í tilteknum vistarverum öryggisgæslustaðar eða með því skilyrði að líkamleg snertingu gests og skjólstaðings væri bönnuð.

Samkvæmt 5. mgr. er heimilt að skoða muni og annað sem skjólstaðingi eru færðir. Þá skulu munir eða efni sem gestur hefur meðferðis og skjólstaðingi er óheimilt að hafa á öryggisgæslustað vera í vörslu öryggisgæslustaðar meðan á heimsókn stendur.

Í 6. mgr. kveðið á um að upplýsa skuli þann sem heimsækir skjólstaðing um þær reglur sem gilda á staðnum um heimsóknir og um vinnslu persónuupplýsinga um hann skv. 2. mgr. Eðlilegt er að öryggisgæslustaður upplýsi væntanlegan gest um þær reglur sem gilda á staðnum áður en til heimsóknarinnar kemur.

Mikilvægt er að skjólstaðingur geti rétt við lögmann, tilsjónarmann, réttindagæslu og persónulegan talsmann í einrúmi og trúnaði, en það er áréttað í 7. mgr. Því er rétt að heimsóknir þeirra séu án eftirlits nema viðkomandi óski annars sérstaklega. Rétt er að skjólstaðingur geti einnig óskað eftir því að heimsókn þessara einstaklinga til hans séu undir eftirliti.

Aðgerðir samkvæmt þessari grein teljast ekki til nauðungar í þjónustu sem krefst sérstakrar undanþáguheimildar heldur getur þetta verið nauðsynlegur öryggisþáttur til að framfylgja öryggisráðstöfunum.

Um 34. gr.

Dæmi eru um að kveðið hafi verið á um leyfi frá öryggisgæslustað í dómsúrlausn um öryggisráðstafanir. Til viðbótar við slíka ákvörðun dóms þykir rétt að kveða á um að yfirmaður öryggisgæslustaðar geti heimilað slík leyfi, þegar skjólstaðingi er treystandi til að yfirgefa öryggisgæslustað. Leyfi getur einnig verið liður í því að undirbúa skjólstaðing fyrir lok vistunar eða rýmka reglur þar að lútandi. Hér þarf að gera greinarmun á annars vegar leyfi sem skjólstaðingi er heimilt að fá samkvæmt þessari grein og hins vegar ferðum sem starfsmenn öryggisvistunarstaða kunna að fara með skjólstaðinga í, svo sem til að sækja tiltekna þjónustu, virkni eða afþreyingu. Um síðarnefnt fer ekki skv. 34. gr. heldur verður að líta á það sem almenna starfsemi sem felst í öryggisvistun enda er almennt ekki gert ráð fyrir að skjólstaðingar fari einir í slíkar ferðir.

Í 1. mgr. er kveðið á um markmið leyfis og atriði sem líta skal til við mat á því hvort veita skuli leyfi af öryggisgæslustað. Atriðin eru ekki tæmandi talin og er miðstöðinni í 60. gr. veitt heimild til að kveða nánar á um skilyrði í reglum. Yfirmaður öryggisgæslustaðar leggur mat á hvort leyfi geti haft skaðleg áhrif á öryggisgæslu viðkomandi og sé að öðru leyti ekki forsvanlegt út frá öryggissjónarmiðum. Gert er ráð fyrir því að haft sé samráð við Miðstöð um öryggisráðstafanir við veitingu leyfis. Ástæða þess er að hlutverk stofnunarinnar er m.a. að gæta öryggissjónarmiða og jafnræðis á milli einstaklinga sem gert er að sæta öryggisráðstöfunum, hvar sem þeir kunna að vera vistaðir. Til þess að miðstöðin geti sinnt hlutverki sínu skiptir máli að stofnunin hafi yfirsýn yfir þá skjólstaðinga sem fengið hafa leyfi og kunna því að vera annars staðar en á öryggisgæslustað á vegum miðstöðvarinnar ásamt því að tryggja að samræmis sé gætt við veitingu slíkra leyfa.

Í 2. mgr. kemur fram að tiltaka skuli lengd leyfis. Jafnframt er kveðið á um að heimilt sé að setja skilyrði fyrir leyfi. Meðal þeirra er að leyfi fari fram í fylgd starfsfólks sé það talið æskilegt, t.d. vegna öryggissjónarmiða. Í þessu sambandi þarf að hafa hugfast að skjólstaðingur hefur verið dæmdur eða úrskurðaður til að sæta öryggisgæslu vegna þess að hann þykir hættulegur sjálfum sér eða öðrum. Þó kann sú staða að vera uppi eftir því sem lengra líður að rétt sé að láta á það reyna að leyfa skjólstaðingi að fara í leyfi einn síns liðs.

Í 3. mgr. er kveðið á um að heimilt sé að binda samstundis enda á leyfi fylgi skjólstæðingur ekki þeim reglum sem honum voru settar fyrir leyfi, sýni af sér ógnandi hegðun eða háttsemi hans gefi á annað borð tilefni til að ætla að hætta stafi af honum. Í þessu sambandi skiptir máli að markmið öryggisgæslu er m.a. að varna því að skjólstæðingur verði hættulegur sjálfum sér eða öðrum. Áréttað er að unnt sé að binda samstundis enda á leyfi. Ekki er gert ráð fyrir því að skjólstæðingur njóti andmælaréttar áður en slík ákvörðun er tekin. Það getur komið í hlut þess starfsfólks sem fylgir skjólstæðingi í leyfi að meta háttarni skjólstæðings og binda enda á leyfið. Rannsóknarskyldan tekur mið af aðstæðum, svo sem þess tíma sem er til stefnu. Kveðið er á um að skrá skuli ástæður þess að bundinn sé endir á leyfi og að skjólstæðingur og tilsjónarmaður hans skuli eiga þess kost að gera athugasemdir við þá skráningu áður en hún er send miðstöðinni. Þar sem slíkar upplýsingar geta haft áhrif á veitingu leyfis síðar er kveðið á um rétt skjólstæðings og tilsjónarmanns hans til að gera athugasemdir við skráninguna áður en hún er send miðstöðinni.

Í 60. gr. er kveðið á um að miðstöðin geti sett reglur um frekari skilyrði fyrir leyfi frá öryggisgæslustað.

Um 35. gr.

Í greininni er sérstök heimild skjólstæðings til að ákveða fyrir fram að miðstöðin megi veita tilteknum aðstandanda hans upplýsingar um þær öryggisráðstafanir sem viðkomandi er gert að sæta. Er það talið rétt að skjólstæðingur geti veitt samþykki sitt fyrir því að aðstandandi geti fengið upplýsingar um öryggisráðstafanir og þjónustu sem viðkomandi fær sem persónuverndarreglur kæmu annars í veg fyrir.

Mikilvægt er að gengið sé úr skugga um hver raunverulegur vilji einstaklingsins er til að veita umræddar upplýsingar, hverjum megi veita upplýsingarnar og til hvers þær megi taka. Eftir atvikum getur verið rétt að leita til réttindagæslu fyrir fatlað fólk leiki vafi á því hver vilji viðkomandi er. Þá getur skjólstæðingur afturkallað heimildina að hluta eða öllu leyti. Að sama skapi getur hann breytt henni, svo sem til hvaða þátta hún tekur. Kveðið er á um að skrá skuli upplýsingar um það ef skjólstæðingur hefur veitt aðstandanda heimild til að fá upplýsingar um þær öryggisráðstafanir sem honum er gert að sæta. Skrá skal allar upplýsingar sem máli skipta, svo sem til hvaða aðstandenda hún nær og hvaða upplýsingar megi veita. Einnig skal skrá upplýsingar um hvort réttindagæsla hafi haft aðkomu að ákvörðun og þá hvaða réttindagæsla og með hvaða hætti hún kom að ákvörðuninni.

Um 36. gr.

Í greininni er fjallað um viðeigandi aðlögun í samskiptum við skjólstæðing. Í því felst að þau skulu fara fram á máli sem hann skilur. Alla jafna eru samskiptin á íslensku. Ef skjólstæðingur skilur ekki íslensku vel getur verið nauðsynlegt að eiga samskipti við hann á öðru máli. Einnig getur verið nauðsynlegt að eiga samskipti með aðkomu táknmáls- eða rittúlks. Sá fyrirvari er gerður að því verði við komið. Aðstæður geta verið með þeim hætti að skjólstæðingur tali ekki mál sem almennt má ætlast til að starfsfólk öryggisgæslustaðar og miðstöðvarinnar tali. Leita skal til túlkabjónustu vegna sérstaklega mikilvægra ákvarðana ef þörf krefur. Skilji skjólstæðingur mál sem ætlast má til að starfsfólk öryggisgæslustaðar og miðstöðvarinnar tali, svo sem ensku, geta samskiptin farið fram á því máli. Þó ber að gæta að lögum um stöðu íslenskrar tungu og íslensks táknmáls.

Þar að auki skulu samskipti við skjólstæðing vera á auðskildu máli þegar þörf er á til að skjólstæðingur skilji. Í þessu sambandi þarf þó að hafa í huga eðli samskiptanna. Þá þarf að tryggja þekkingu starfsfólks á óhefðbundnum tjáskiptum og íslensku táknmáli eftir því sem

þörf krefur. Tryggja skal að fatlaðir skjólstæðingar geti nýtt sér rétt sinn til tjáningar- og skoðanafrelsis, þ.m.t. frelsi til að leita eftir, taka við og miðla upplýsingum til jafns við aðra, með hvers kyns samskiptamiðlum að eigin vali, sbr. 21. gr. samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks.

Um 37. gr.

Í greininni er fjallað um samskipti skjólstæðinga við fólk utan öryggisgæslustaðar og umheiminn. Skjólstæðingur á rétt á samskiptum eftir því sem aðstæður leyfa og samkvæmt reglum öryggisgæslustaðar.

Í 2. mgr. er fjallað um heimild til að banna eða takmarka aðgang að samskiptamiðlum og tilteknum vefsíðum ef það telst nauðsynlegt til að viðhalda öryggi á öryggisgæslustað, til að koma í veg fyrir refsiverðan verknað eða til að vernda brotþola eða einstakling sem vitnað hefur gegn skjólstæðingi. Kveðið er á um heimild yfirmanns öryggisgæslustaðar til að hlusta á og/eða taka upp símtöl skjólstæðinga, sem og að setja það skilyrði að starfsmenn öryggisgæslustaðar geti skilið samskipti skjólstæðings við fólk utan öryggisgæslustaðar, með túlkun eða skjalaþýðingu ef þarf. Er það talið nauðsynlegt til að tryggja öryggi. Eins og fram kemur í 3. mgr. er hér ekki um nauðung í þjónustu að ræða sem krefst sérstakrar undanþáguheimildar heldur getur þetta verið nauðsynlegur öryggisþáttur til að framfylgja öryggisráðstöfunum.

Sé talið nauðsynlegt að takmarka eða skilyrða rétt skjólstæðings til samskipta skal ákvörðun þess efnis tilkynnt honum fyrir fram og ástæður hennar tilgreindar og bókaðar, sbr. 3. mgr. Í samræmi við meðalhófsreglu skal ekki geyma upptökur lengur en nauðsyn krefur. Upptökum skal í síðasta lagi eytt eftir 90 daga nema sérstakar ástæður leiði til þess að nauðsynlegt sé að varðveita þær lengur, svo sem vegna atviks sem kom upp eða ef þörf er á að nota þær sem sönnunargögn.

Í 4. mgr. eru taldir upp aðilar sem ekki er heimilt að fylgjast með samskiptum skjólstæðings við.

Samkvæmt 60. gr. setur miðstöðin nánari reglur um efni þessarar greinar. Í þeim reglum má miðstöðin m.a. kveða á um takmarkanir eða skilyrði fyrir notkun raftækja, svo sem síma og nettengdra tölva, samskiptum skjólstæðinga og aðgangi þeirra að upplýsingum.

Um 38. gr.

Í 1. mgr. er fjallað um aðgang skjólstæðings að fjölmiðlum. Gæta verður að því að beiting ákvæðisins sé í samræmi við vernd tjáningarfrelsis skv. 73. gr. stjórnarskrár og 10. gr. mannréttindasáttmála Evrópu. Hins vegar getur þurft að takmarka slíkan aðgang ef þörf krefur, t.d. ef kveðið er á um takmarkanir á aðgangi í dómsorði en einnig ef það er talið nauðsynlegt til að viðhalda ró eða öryggi á öryggisgæslustað. Sem dæmi um það gæti verið þegar aðgangur að fjölmiðlum hefur neikvæð áhrif á líðan eða hegðun skjólstæðings. Er hér ekki um nauðung í þjónustu að ræða sem krefst sérstakrar undanþáguheimildar heldur getur þetta verið nauðsynlegur öryggisþáttur til að framfylgja öryggisráðstöfunum.

Í 2. mgr. kemur fram að miðstöðin ákveði hvort skjólstæðingur veiti fjölmiðlaviðtal. Ákvörðun þar um byggist á reglum sem gert er ráð fyrir að miðstöðin setji.

Um 39. gr.

Í greininni er fjallað um virkniúrræði sem standa skulu til boða skjólstæðingum sem sæta öryggisgæslu. Slík úrræði geta verið innan öryggisgæslustaðar eða utan hans. Mikilvægt er að gert verði ráð fyrir slíkri starfsemi við hönnun öryggisgæslustaða á vegum Miðstöðvar um öryggisráðstafanir. Á meðan á öryggisgæslu stendur skulu skjólstæðingum standa til boða

fjölbreytt virkniúrræði við hæfi, svo sem nám og vinna, hæfing og endurhæfing. Mikilvægt er að skjólstæðingar eigi kost á slíkum úrræðum enda er markmið öryggisgæslu ekki aðeins að gæta réttaröryggis heldur einnig að efla og styrkja skjólstæðinga með endurkomu út í samfélagið fyrir augum. Áréttað er að um ábyrgð á úrræðum fari samkvæmt viðeigandi lögum.

Um 40. gr.

Í greininni er fjallað um útiveru, tómstundir og líkamsrækt og aðgang að bókum. Mikilvægt er að skjólstæðingar geti notið útivistar, sinnt tómstundum sem og líkamsrækt á meðan þeir sæta öryggisgæslu. Í ákvæðinu er tiltekinn lágmarksréttur til slíkrar ástundunar en hún skal vara í a.m.k. eina og hálfa klukkustund á dag nema það sé ósamrýmanlegt öryggi á öryggisgæslustað. Gert er ráð fyrir að á öryggisgæslustað sé útivistarsvæði sem skjólstæðingar geti verið á. Æskilegt er að skjólstæðingar hafi aðgang að útivistarsvæði eftir eigin hentisemi.

Í 2. mgr. er gert ráð fyrir að öryggisgæslustaðir móti viðmið um hvernig útivera og tómstundir skuli fara fram og hvernig fyrirhugað er að tryggja réttindin.

Í 3. mgr. er kveðið á um rétt skjólstæðings til aðgangs að bókum. Æskilegt er að skjólstæðingur hafi aðgang að bókasafni. Ef skjólstæðingur getur ekki haft aðgang að bókasafni þarf að gæta þess að hann hafi aðgang að bókum með öðrum hætti.

Um 41. gr.

Efni þessarar greinar tekur mið af meginreglum sem fram koma í alþjóðlegum skuldbindingum. Er þar m.a. vísað til samnings um réttarstöðu ríkisfangslausra einstaklinga frá 1954, sem öðlaðist gildi að því er Ísland varðar 26. apríl 2021. Enn fremur til flóttamannasamnings Sameinuðu þjóðanna sem undirritaður var af Íslands hálfu árið 1955 og öðlaðist gildi hér á landi 1. mars 1956.

Um 42. gr.

Í greininni er fjallað um iðkun trúar eða siðar. Taka skal tillit til trúar, siðar og lífsskoðana skjólstæðings og gera honum kleift að iðka trú sína eða sið á öryggisgæslustað. Einnig skal skjólstæðingur eiga kost á að hafa samband við prest eða annan sambærilegan fulltrúa skráðs trúfélags eða lífsskoðunarfélags. Ekki skal hlusta á símtöl eða taka upp bréf til og frá þessum fulltrúum sbr. 37. gr.

Um 43. gr.

Í ákvæðinu er áréttuð skylda skjólstæðings til að fylgja reglum öryggisgæslustaðarins. Skv. 20. gr. skal við upphaf vistunar kynna fyrir skjólstæðingi á tungumáli og formi sem hann skilur reglur sem gilda um vistunina, réttindi hans og skyldur og annað sem máli skiptir. Í því skyni gæti þurft að kalla til tilsjónarmann, eða réttindagæslu fyrir fatlað fólk ef við á, ef þörf er talin á til að tryggja að skjólstæðingur skilji reglurnar. Einnig nær ákvæðið til annarra reglna sem miða að því að tryggja öryggi og velferð skjólstæðinga og almennings.

Um 44. gr.

Í greininni er lögð skylda á Miðstöð um öryggisráðstafanir og öryggisgæslustaði á hennar vegum til að gera viðeigandi ráðstafanir til að tryggja öryggi skjólstæðinga, starfsfólks, heim-sóknargesta og annarra gegn hvers kyns ofbeldi og misnotkun. Viðeigandi öryggisráðstafanir þurfa að vera til staðar, umhverfi og aðbúnaður á öryggisgæslustöðum þarf að vera í lagi og skýrar og aðgengilegar leiðir til að koma á framfæri ábendingum vakni grunsemdir um misbresti. Þá er ekki síður mikilvægt að fylgja ábendingum eftir. Allir þurfa að geta komið á

framfæri ábendingum, þ.e. skjólstæðingar sjálfir, aðstandendur þeirra eða tilsjónarmenn, starfsfólk og aðrir.

Um 45. gr.

Í greininni er kveðið á um að yfirmaður öryggisgæslustaðar geti tekið ákvörðun um að leggja hald á og gera upptæka muni eða efni sem óheimilt er að koma með, varðveita eða búa til á öryggisgæslustað. Með ákvæðinu er yfirmanni öryggisgæslustaðar fengin nauðsynleg heimild til að bregðast við finnist munir á öryggisgæslustað sem óheimilt er að hafa þar, sbr. 31. gr. Um er að ræða ólöglega og/eða hættulega muni, svo sem fíkniefni og vopn.

Samkvæmt 2. mgr. getur yfirmaður öryggisgæslustaðar ákveðið að gera upptæka muni eða peninga sem finnast innan öryggisgæslustaðar ef ekki er vitað hver eigandi þeirra er.

Um VII. kafla.

Í kaflanum eru ákvæði um skilyrði fyrir leit, líkamsleit og líkamsrannsókn, um ákvarðanatöku, tilkynningar vegna þeirra o.fl. Áréttað skal að meðalhófsregla gildir þegar heimildum samkvæmt kafla þessum er beitt og að aðgerðir samkvæmt kaflanum teljist ekki til nauðungar í þjónustu, skv. 28. gr.

Um 46. gr.

Í greininni er veitt heimild til að leita í vistarverum skjólstæðings í ákveðnum tilvikum. Í 1. mgr. er fjallað um þær ástæður sem ákvörðun um leit getur byggst á.

Í 2. mgr. er kveðið á um þá meginreglu að skjólstæðingur skuli að jafnaði vera viðstaddur leit. Yfirmanni öryggisgæslustaðar er þó heimilt að víkja frá þessu með rökstuddri ákvörðun, t.d. ef viðvera skjólstæðings getur truflað leitina. Jafnframt er kveðið á um að gera skuli skýrslu um leitina. Skýrslan skal send Miðstöð um öryggisráðstafanir og tilsjónarmanni.

Í 3. mgr. er kveðið á um að skjólstæðingi skuli skýrt frá ástæðum fyrir leit nema sérstakar ástæður mæli gegn því. Þá er mælt fyrir um að ákvörðun um leit skuli tekin með rökstuddri bókun.

Um 47. gr.

Í ákvæðinu er kveðið á um heimild til að leita á skjólstæðingi og í fötum hans við komu á öryggisgæslustað, eftir heimsóknir til skjólstæðings, leyfi frá öryggisgæslustað og við almennt eftirlit. Er þessi heimild nauðsynleg til að koma í veg fyrir að skjólstæðingur hafi í vörslum sínum muni eða efni sem honum er óheimilt að hafa á öryggisgæslustað og raskað getur öryggi hans og annarra.

Í 2. mgr. er áréttað að ef leitað er á skjólstæðingi innanklæða skuli það gert af starfsmanni af sama kyni. Yfirmanni öryggisgæslustaðar er þó veitt heimild til að ákveða annað ef brýnir hagsmunir skjólstæðings krefjast þess, til að mynda ef alvarleg hættu er talin vera á sjálfsskaða eða í samræmi við lög um kynrænt sjálfræði. Til dæmis má gera ráð fyrir að einstaklingur með hlutlausu kynskráningu geti fengið að velja kyn þess starfsmanns sem framkvæmir leitina, nema sérstaklega standi á.

Um 48. gr.

Í greininni er yfirmanni öryggisgæslustaðar veitt heimild til að taka ákvörðun um líkamsrannsókn á skjólstæðingi ef grunur leikur á að hann hafi falið í líkama sínum muni eða efni sem getið er í 1. mgr. 46. gr. Um er að ræða muni eða efni sem refsivert er að hafa í vörslum sínum, hafa orðið til við refsiverðan verknað, smyglað hefur verið inn á öryggisgæslustað eða

skjólstæðingi er óheimilt að hafa í vörslum sínum eða í vistarverum samkvæmt reglum öryggisgæslustaðar. Er heimild þessi nauðsynleg til að tryggja öryggi skjólstæðings og starfsfólks öryggisgæslustaða. Þá er einnig heimilt að taka öndunar-, blóð- eða þvagsýni eða annars konar lífsýni úr skjólstæðingi ef grunur leikur á að hann hafi neytt áfengis eða ávana- og fíkniefna. Heimilt er að gera það þegar skjólstæðingur kemur á öryggisgæslustað, t.d. eftir leyfi frá öryggisgæslustað, og við almennt eftirlit.

Ákvörðun um líkamsrannsókn og rannsókn á lífsýni á skjólstæðingi skal taka með rökstuddri bókun og skal tilkynna miðstöðinni og tilsjónarmanni. Skv. 3. mgr. skal þar til bær heilbrigðisstarfsmaður annast líkamsrannsókn og töku blóðsýnis. Þegar líkamsrannsókn fer fram skal gerð skýrsla um tilefni hennar og framkvæmd, sbr. 4. mgr., og senda miðstöðinni og tilsjónarmanni skýrsluna.

Um 49. gr.

Í ákvæðinu er kveðið á um að stjórnsýslukæra fresti ekki aðgerðum samkvæmt ákvæðum kaflans. Er það vegna eðlis aðgerðanna, en þær ná ekki tilgangi sínum ef hægt er að fresta þeim með því að kæra þær. Áréttað er að aðgerðir samkvæmt kaflanum teljist ekki til nauðungar í þjónustu, enda er um mikilvægan öryggisþátt að ræða til þess að unnt sé að framfylgja öryggisráðstöfunum.

Um VIII. kafla.

Í kaflanum er fjallað um endurskoðun og lok öryggisráðstafana. Miðstöð um öryggisráðstafanir og Barna- og fjölskyldustofa í samvinnu við hlutaðeigandi barnaverndarþjónustu geta endurskoðað vistunarstað á vegum sínum eða samningsaðila skv. 14. gr. og öryggisráðstafanir innan marka dóms eða úrskurðar og gilda um þær ákvarðanir sambærilegar reglur og við upphaflega ákvörðun. Í lokin eru ákvæði um lok öryggisráðstafana. Þar er kveðið á um gerð einstaklingsbundinnar áætlunar um áframhaldandi stuðning og faglegan stuðning miðstöðvarinnar við þjónustuveitenda. Er það gert til að tryggja samfellu og samræmi í þjónustu við einstakling þegar ábyrgð á þjónustu við hann flyst á milli þjónustuveitenda.

Um 50. gr.

Í 1. mgr. er lögð skylda á Miðstöð um öryggisráðstafanir og Barna- og fjölskyldustofu í samvinnu við hlutaðeigandi barnaverndarþjónustu til að gæta þess að skjólstæðingur sé vistaður á þeim stað þar sem þörfum hans er best mætt. Í þessu felst að miðstöðin verður að vera vakandi fyrir breytingum á högum og þörfum skjólstæðings.

Hið sama á við hafi barn verið vistað í samræmi við barnaverndarúrræði á stað sem hentar ekki lengur sökum aldurs eða breyttra aðstæðna barnsins. Þótt skyldan sé lögð á framangreind stjórnvöld leiðir af starfsskyldum starfsfólks, að því ber að vekja athygli réttra aðila á breytingum sem verða á högum og þörfum skjólstæðings og geta haft þýðingu fyrir ákvörðun um öryggisgæslustað. Þannig getur starfsfólki borið að koma á framfæri ábendingu til yfirmanns síns innan öryggisgæslustaðar og eftir atvikum miðstöðvarinnar. Til að tryggja reglubundna endurskoðun á dvalarstað skjólstæðings er mælt fyrir um í lok málsgreinarinnar að slík endurskoðun skuli fara fram ekki sjaldnar en á þriggja ára fresti. Áréttað er að hér er átt við öryggisgæslustaði á vegum miðstöðvarinnar og samningsaðila skv. 14. gr. og vistun á vegum Barna- og fjölskyldustofu en ekki heilbrigðisstofnanir sem geta verið öryggisgæslustaðir skv. 19. gr., svo sem réttargeðdeild.

Í 2. mgr. er kveðið á um að skjólstæðingur, tilsjónarmaður eða öryggisgæslustaður geti óskað eftir því að miðstöðin eða Barna- og fjölskyldustofa í samvinnu við hlutaðeigandi barnaverndarþjónustu endurskoði öryggisgæslustað telji þessir aðilar að skjólstæðingur þarfnist vistunar á öðrum öryggisgæslustað. Komi fram beiðni frá þessum aðilum ber miðstöðinni að taka ákvörðun um hvort breyta eigi öryggisgæslustað skjólstæðings. Ef þörfum skjólstæðings sem sætir öryggisgæslu er betur mætt á öðrum öryggisgæslustað er miðstöðinni heimilt að breyta öryggisgæslustað hans.

Áður en ákvörðun um endurskoðun eða breytingu á öryggisgæslustað er tekin ber að afla álits matsteymis í samræmi við 22. gr.

Um 51. gr.

Í greininni er fjallað um endurskoðun á framkvæmd vægari öryggisráðstafana en öryggisgæslu sem ákvörðuð er af Miðstöð um öryggisráðstafanir, og eftir atvikum Barna- og fjölskyldustofa í samvinnu við hlutaðeigandi barnaverndarþjónustu þ.e. framkvæmd ráðstafana innan marka dóms. Ekki er því hægt að fella niður ráðstafanir samkvæmt þessu ákvæði, en um það gildir ákvæði 52. gr. um endurskoðun á öryggisráðstöfun fyrir dómi. Hér er til að mynda átt við tíðni meðferðarviðtala eða hvar ákveðin þjónusta er veitt.

Um 52. gr.

Ákvæði 52. gr. kveður á um endurskoðun innan marka dómsúrlausnar.

Í 1. mgr. er kveðið á um að miðstöðin, tilsjónarmenn, öryggisgæslustaðir og Barna- og fjölskyldustofa skuli gæta þess að öryggisráðstafanir vari ekki lengur eða séu umfangsmeiri en nauðsyn krefur.

Í 2. mgr. er vísað til almennra hegningarlaga sem kveða á um endurskoðun öryggisráðstafana og skal miðstöðin aðstoða ríkissaksóknara og veita allar upplýsingar og gögn sem þörf er á til að reka málið.

Um 53. gr.

Í ákvæðinu er fjallað um lok öryggisráðstafana og gerð þjónustuáætlunar við lok vistunar í öryggisgæslu. Markmið ákvæðisins er að tryggja samfellu og samræmi í þjónustu og meðferð skjólstæðings eftir að vistun lýkur. Með ákvæðinu er miðstöðinni og eftir atvikum viðeigandi barnaverndaryfirvöldum veitt heimild til að hlutast til um að gerð sé áætlun um þjónustu og stuðning og eftir atvikum áframhaldandi meðferð skjólstæðings í samvinnu við viðeigandi þjónustuaðila. Miðstöðin og eftir atvikum viðeigandi barnaverndaryfirvöld þurfa því að meta hvers konar þjónustu, stuðning eða meðferð skjólstæðingur hefur þörf fyrir eftir að vistun lýkur og hafa samband við viðeigandi þjónustuveitendur, einkum viðeigandi þjónustuveitanda innan sveitarfélags, svo sem félagsþjónustu.

Rétt þykir að skjólstæðingur komi að gerð slíkrar áætlunar. Mikilvægt er að viðkomandi þjónustuveitandi bregðist skjótt og vel við og að sama skapi að haft sé samband við þjónustuveitendur með góðum fyrirvara svo að nægur tími sé til að gera viðeigandi ráðstafanir. Æskilegt er að viðkomandi þjónustuveitandi innan sveitarfélags tilnefni fulltrúa til að vinna með miðstöðinni til að tryggja að skjólstæðingur fái þá þjónustu sem hann hefur þörf fyrir eftir að vistun lýkur. Ábyrgð á þjónustu eftir að vistun lýkur er á hendi viðeigandi þjónustuveitanda. Til að mynda getur þurft að tryggja að einstaklingur fái búsetu við hæfi í því sveitarfélagi þar sem hann býr eða bjó áður en honum var gert að sæta öryggisgæslu. Eitt af meginmarkmiðum laga samkvæmt frumvarpi þessu er að tryggja að inngríp í réttindi einstaklinga verði hvorki

umfangsmeiri né standi lengur en nauðsyn ber til og skal skjólstæðingur því aldrei vistaður lengur en nauðsyn krefur á öryggisgæslustað, svo sem vegna skorts á félagslegum úrræðum.

Um 54. gr.

Samkvæmt ákvæðinu getur Miðstöð um öryggisráðstafanir boðið þjónustuveitendum upp á faglegan stuðning og eftirfylgni með þjónustu við skjólstæðing í allt að sex mánuði eftir lok öryggisgæslu. Eftirfylgninni er ætlað að brúa bil á milli kerfa og tengja saman þjónustu sem skjólstæðingur hefur fengið í öryggisgæslu og þá þjónustu sem hann fær eftir að öryggisgæslu lýkur.

Um IX. kafla.

Í kaflanum er m.a. kveðið á um rétt til bóta sem auðveldar skjólstæðingi að sækja bætur hafi hann sætt öryggisráðstöfun án þess að lögmæt skilyrði hafi verið uppfyllt eða lengur en efni stóðu til eða ef staðið hefur verið að ráðstöfunum á óþarflega hættulegan, særandi eða móðgandi hátt. Þá er kveðið á um ábyrgð á framkvæmd og kostnaði við öryggisráðstafanir, um vinnslu persónuupplýsinga, miðlun upplýsinga til brotaþola, samstarf miðstöðvarinnar við aðra þjónustuaðila sem og um stjórnvaldsfyrirmæli sem annað hvort er skylt eða heimilt að setja.

Um 55 gr.

Fyrirmynd greinarinnar er 32. gr. lögræðislaga, nr. 71/1997, um rétt nauðungarvistaðs manns til bóta. Rétt þykir að kveðið sé á um skýran rétt þeirra sem sæta þeim ráðstöfunum sem um ræðir til bóta, hafi skilyrði til ráðstafananna ekki verið uppfyllt, ráðstafanirnar staðið lengur en nauðsyn stóð til eða ef að framkvæmd þeirra hafi verið staðið með óþarflega hættulegum, særandi eða móðgandi hætti.

Um 56. gr.

Í ákvæðinu er fjallað um kostnað vegna öryggisráðstafana.

Í 1. mgr. segir að kostnaður vegna öryggisráðstafana greiðist úr ríkissjóði. Hér er átt við þann kostnað sem felst í þeim öryggisráðstöfunum sem kveðið er á um í dómsorði og framkvæmd þeirra.

Utan þess kostnaðar fellur öll sú þjónusta sem sveitarfélagi eða öðrum þjónustuaðila er skylt að veita einstaklingi, svo sem á grundvelli laga um félagsþjónustu eða laga um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir, og fellur ekki undir öryggisráðstafanir samkvæmt dómsorði.

Þannig myndi sú lögbundna þjónusta sem sveitarfélag veitti skjólstæðingi áður en samningur var gerður um öryggisráðstafanir, sbr. 14. gr., ekki falla þarna undir, heldur aðeins þær ráðstafanir sem nauðsynlegar eru til að framfylgja dómi eða úrskurði um öryggisráðstafanir, svo sem vegna aukinnar mönnunar ef þörf er talin á slíku, lagfæringa á húsnæði til að tryggja öryggi samkvæmt dómsorði eða mati þverfaglegs teymis skv. 21. gr.

Gert er ráð fyrir að framlag úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga til sveitarfélagsins, sbr. e-lið 1. mgr. 9. gr. og 13. gr. a laga um tekjustofna sveitarfélaga, nr. 4/1995, fyrir einstakling í öryggisgæslu á vegum Miðstöðvar um öryggisráðstafanir verði greitt miðstöðinni, ef það á við, enda veiti lögheimilissveitarfélag ekki þjónustu á grundvelli laga um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir á meðan á öryggisgæslu stendur. Slíkt framlag kemur aðeins til þegar fyrir liggur samræmt mat á stuðningsþörfum (SIS-mat) einstaklingsins. Greiðslur skulu gerðar upp árlega.

Um 57. gr.

Í 1. mgr. er kveðið á um heimild til söfnunar, vinnslu og miðlunar persónuupplýsinga vegna þeirra verkefna sem kveðið er á um í frumvarpinu. Verkefni Miðstöðvar um öryggisráðstafanir og annarra sem bera skyldur samkvæmt frumvarpinu eru þess eðlis að nauðsynlegt er að stofnunin hafi heimild til söfnunar, vinnslu og miðlunar persónuupplýsinga. Frumvarpið kveður á um framkvæmd öryggisráðstafana og kemur á ákveðnu ferli og samvinnu á milli þeirra aðila sem koma að þjónustu sem veitt er samhliða öryggisráðstöfunum til að hægt sé að tryggja samfellu í þjónustu við einstaklinginn og gæta réttaröryggis. Nauðsynlegt er að þeir sem fara með verkefni samkvæmt frumvarpinu hafi heimild til söfnunar og vinnslu persónuupplýsinga og til að miðla upplýsingum sín á milli til að ná markmiðum þess.

Um er að ræða upplýsingar um einstaklinga sem hefur með dómi eða úrskurði verið gert að sæta öryggisráðstöfunum. Þeir aðilar sem m.a. þurfa að vinna með upplýsingarnar eru miðstöðin, matsteymi skv. 21. gr., öryggisgæslustaðir, yfirvöld, tilsjónarmenn, félagsþjónusta sveitarfélaga, heilbrigðisstarfsmenn, ríkissaksóknari, úrskurðarnefnd velferðarmála og dómstólar.

Helstu verkefni sem krefjast vinnslu persónuupplýsinga eru eftirlit miðstöðvarinnar með öryggisgæslustöðum, skrá um þá sem fengið hafa dóma eða úrskurði um öryggisráðstafanir, mat á þjónustuþörf, ákvörðun og endurskoðun á öryggisgæslustað og framkvæmd og endurskoðun annarra öryggisráðstafana, einstaklingsbundin þjónustuáætlun og eftirfylgni og skráning upplýsinga vegna beitingar nauðungar.

Í 2. mgr. ákvæðisins er kveðið á um skyldu þeirra sem lúta eftirliti miðstöðvarinnar til að veita henni hverjar þær upplýsingar sem stofnunin þarf til að sinna verkefnum sínum.

Í 3. mgr. er kveðið á um skyldu miðstöðvarinnar til að upplýsa hlutaðeigandi skjólstæðinga um fyrirhugaða vinnslu persónuupplýsinga í samræmi við þar til greind lög.

Í 4. mgr. er áréttað að vinnsla persónuupplýsinga á grundvelli ákvæðisins lýtur að öðru leyti reglum laga um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga, nr. 90/2018, og laga um vinnslu persónuupplýsinga í löggæslutilgangi, nr. 75/2019. Til nánari skýringar gilda lög nr. 75/2019 þegar lögbær yfirvöld vinna með persónuupplýsingar í löggæslutilgangi, þ.e. að koma í veg fyrir, rannsaka, koma upp um eða saksækja fyrir refsiverð brot eða fullnægja refsiviðurlögum, þ.m.t. að vernda gegn og koma í veg fyrir ógnir við almannaoöryggi. Þannig eru ýmis verkefni samkvæmt lögum þessum í þágu löggæslutilgangs, t.d. öll framkvæmd og ákvarðanir sem tengjast dómsúrlausn um öryggisráðstafanir og samskipti við lögbær yfirvöld vegna þessa, hættumat, eftirlit með einstaklingum og aðrar öryggisráðstafanir.

Um 58. gr.

Ákvæðið kveður á um upplýsingamiðlun til brotþola og á sér hliðstæðu í lögum um fullnustu refsinga. Áskilið er að hlutaðeigandi skjólstæðingur hafi verið gerandi brots gegn brotþola. Brotþoli þarf að kalla eftir upplýsingum frá miðstöðinni og brýnir hagsmunir hans að krefjast þess að upplýsingar séu veittar. Mikilvægt er í þessu sambandi að vilji brotþola sé hafður í fyrirrúmi en í einhverjum tilvikum kann að vera að brotþoli vilji ekki fá slíkar upplýsingar. Við mat á því hvað teljist brýnir hagsmunir þarf m.a. að líta til eðlis þess brots sem skjólstæðingur hefur verið dæmdur fyrir, en því alvarlegra sem brotið er því meiri hagsmuni hefur brotþoli af því að fá upplýsingar um tilhögun öryggisráðstafana. Þannig falla brot gegn XXII. kafla almennra hegningarlaga (kynferðisbrot) hér undir en auk þess geta önnur alvarleg brot átt við, svo sem meiri háttar líkamsárás og heimilisofbeldi. Einnig geta í þessu sambandi komið til athugunar önnur alvarleg brot sem heyra undir XXIII. kafla

almennra hegningarlaga (manndráp og líkamsmeiðingar) og XXIV. kafla (brot gegn frjálsræði manna). Með tilhögun öryggisráðstafana er átt við upphaf þeirra og lok en einnig önnur atriði, svo sem upplýsingar um öryggisgæslustað og hvort skjólstæðingur sé undir rafrænu eftirliti. Þá er jafnframt heimilt að upplýsa brotþola um leyfi, stök og önnur slík atriði.

Í 2. mgr. kemur fram að ef heimild til þess að veita brotþola upplýsingar er nýtt skuli gögn um það færð í málaskrá miðstöðvarinnar. Um er að ræða viðkvæmar aðstæður sem kalla á ýrtruðu þagnarskyldu.

Um 59. gr.

Í ákvæðinu er kveðið á um að virkt samstarf þurfi að vera á milli miðstöðvarinnar og viðeigandi samstarfsaðila, svo sem félagsþjónustu, heilbrigðisþjónustu, fullnustukerfis og löggæslufirvalda. Markmiðið með því er að tryggja réttmæta og skilvirka framkvæmd öryggisráðstafana. Einstaklingar sem gert er að sæta öryggisráðstöfunum þurfa flestir þjónustu frá ólíkum aðilum, svo sem félags- og heilbrigðisþjónustu á ólíkum stigum. Mikilvægt er að allir þeir aðilar sem koma að þjónustunni eigi virkt samstarf og geti miðlað nauðsynlegum upplýsingum sín á milli til þess að tryggja samfellu og öryggi í þjónustu. Slíkt samstarf felst m.a. í þátttöku framangreindra aðila í því samráði sem vísað er til í ákvæðinu.

Kveðið er á um söfnun, vinnslu og miðlun persónuupplýsinga í 57. gr. en í 2. mgr. 59. gr. er skert á slíkri vinnslu og mikilvægi þess að viðeigandi samstarfsaðilar miðli nauðsynlegum upplýsingum, þ.m.t. viðkvæmum persónuupplýsingum þess skjólstæðings sem í hlut á hverju sinni. Er þetta nauðsynlegt til að allir sem koma að geti sinnt lögbundnum verkefnum sínum í þágu skjólstæðingsins og öryggis samfélagsins.

Um 60. gr.

Í ákvæðinu eru teknar saman þær heimildir til stjórnvaldsfyrirmæla sem frumvarpið kveður á um. Ákvæðið þarfnast ekki frekari skýringa.

Um X. kafla.

Ákvæði í þessum kafla lýsa því stjórnsýslueftirliti sem er til staðar varðandi framkvæmd laganna og starfsemi miðstöðvarinnar.

Með stjórnsýslueftirliti er átt við tvennt, annars vegar möguleika til þess að fá stjórnvaldsákvarðanir endurskoðaðar og hins vegar það aðhald sem réttarskipunin veitir stjórnsýslunni, t.d. með eftirlitshlutverki æðri stjórnvalda með þeim lögri.

Dómstólar fara almennt með endurskoðun þeirra dómsúrlausna sem frá þeim stafa.

Um 61. gr.

Í greininni er lagt til að kærueimild verði skilgreind vegna tiltekinna ákvarðana sem miðstöðin tekur á grundvelli nýrra laga. Út frá efni og inntaki þessara ákvarðana þykir eðlilegt að kæruleiðin liggi til úrskurðarnefndar velferðarmála. Í samræmi við meginreglur stjórnsýsluréttar ber miðstöðinni að veita skjólstæðingi leiðbeiningar um kæruleið þar sem slík heimild er fyrir hendi.

Almennt gildir um stjórnsýslu miðstöðvarinnar að henni er ætlað að vega saman ólík sjónarmið við ákvörðunartöku og komast að niðurstöðu sem í ýmsum tilvikum þolir ekki bið. Af þeirri ástæðu er lagt til að aðrar ákvarðanir miðstöðvarinnar en þær sem tilgreindar eru verði ekki kærnanlegar, hvorki til úrskurðarnefndar velferðarmála, ráðuneytisins né annars aðila. Enda þótt ekki sé reiknað með að félags- og húsnæðismálaráðuneytið sé æðra stjórnvald í kærumálum vegna ákvarðana miðstöðvarinnar fer ráðuneytið með margvíslegar stjórnunar-

og eftirlitsheimildir gagnvart starfseminni. Þessar heimildir byggjast á ákvæðum laga um Stjórnarráð Íslands, eins og vísað er til í 3. mgr.

Um tilteknar ákvarðanir sem kærnanlegar eru samkvæmt þessari grein gildir að með þeim er brugðist við skyndilegum breytingum á aðstæðum skjólstæðinga. Er það talið vinna gegn réttaröryggissjónarmiðum ef hægt yrði að fresta slíkum viðbrögðum með kæru. Af þeirri ástæðu er kæruheimild í slíkum tilvikum með þeim áskilnaði að stjórnslukæra fresti ekki framkvæmd aðgerða, sbr. til hliðsjónar 72. gr. laga um fullnustu refsinga, nr. 15/2016.

Þær ákvarðanir sem lagt er til að séu kærnanlegar eru eftirfarandi:

1. Afturköllun leyfis frá öryggisgæslustað sem ákveðin er á grundvelli 3. mgr. 34. gr. Ákvörðun um að binda enda á leyfið tekur gildi þá þegar enda getur ástæðan verið sú að skjólstæðingur sýni af sér ógnandi hegðun sem bregðast þarf strax við. Af þeirri ástæðu er mælt fyrir um að stjórnslukæra fresti ekki aðgerðum. Ákvörðun í þessu efni hefur hins vegar þá sérstöðu að afturköllun leyfis getur haft áhrif á það hvort og með hvaða hætti skjólstæðingur fær leyfi síðar. Þykir því eðlilegt að skjóta megi ákvörðun til úrskurðarnefndar velferðarmála með kæru. Úrskurðarnefndin myndi þá fara yfir málið út frá alvarleika atvika og komast að niðurstöðu, m.a. út frá meðalhófsreglu.
2. Ákvarðanir um leit, líkamsleit og líkamsrannsókn, sem teknar eru á grundvelli ákvæða í VII. kafla. Aðgerðir af þessum toga ganga afar nærri skjólstæðingi og með tilliti til réttaröryggis er eðlilegt að skjólstæðingur og tilsjónarmaður hans, eftir atvikum með atbeina annarra aðila, geti kallað eftir endurskoðun á því hvort ákvörðun hafi verið tekin á viðhlítandi grundvelli. Úrskurðarnefnd velferðarmála myndi þá fara yfir málið út frá alvarleika atvika og komast að niðurstöðu, m.a. út frá meðalhófsreglu. Stjórnslukæra frestar ekki leit eða rannsókn, en telja verður nauðsynlegt fyrir aðila málsins að geta fengið úrskurð, þrátt fyrir að aðgerðir séu um garð gengnar.

Um 62. gr.

Í greininni er fjallað um ytra eftirlit með réttindum skjólstæðinga sem sæta öryggisráðstöfunum. Þessu eftirliti er sérstaklega ætlað að vera gagnvart ákvörðunum sem ekki eru kærnanlegar samkvæmt fyrrmælum 61. gr. Ytra eftirlit hefur einnig þýðingu með því að veita bæði miðstöðinni og ráðuneytinu aðhald.

Í 1. mgr. er fjallað um OPCAT-eftirlit með frelsissviptum einstaklingum sem vistaðir eru á öryggisgæslustöðum sem umboðsmaður Alþingis sinnir á grundvelli laga um umboðsmann Alþingis, nr. 85/1997, um embættið, sbr. breytingar sem gerðar voru með lögum nr. 147/2018. Vakin er athygli á því að inntak öryggisgæslu samkvæmt frumvarpi þessu fellur að öllu leyti saman við skilgreiningu á frelsissviptingu skv. 2. mgr. 4. gr. valkvæðrar bókunar við samning Sameinuðu þjóðanna sem veitt var lagagildi með lögum nr. 19/1996, gegn pyndingum og annarri grimmilegri, ómannlegri eða vanvirðandi meðferð eða refsingu. Mun umboðsmaður Alþingis því fara með eftirlit með öryggisgæslustöðum. Þá mun umboðsmaður einnig hafa eftirlit með þeirri stjórnslu sem fram fer á grundvelli frumvarpsins, verði það lögfest, hvort sem um er að ræða Miðstöð um öryggisráðstafanir, önnur stjórnvöld ríkisins, sveitarfélög eða einkaaðila sem kunna að verða falin verkefni samkvæmt lögunum.

Í 2. mgr. er fjallað um réttindagæslu fyrir fatlað fólk, sem er hluti af starfsemi Mannréttindastofnunar Íslands, og fylgist með högum fatlaðs fólks sem sætir öryggisráðstöfunum. Um hlutverk réttindagæslu fer samkvæmt lögum um réttindavernd fatlaðs fólks.

Í 3. mgr. er fjallað um persónulega talsmenn. Í frumvarpi til laga um réttindavernd fatlaðs fólks sem fyrirhugað er að leggja fram er lagt til að skjólstæðingur samkvæmt frumvarpi þessu skuli eiga rétt á persónulegum talsmanni. Er það talið mikilvægt þar sem skjólstæðingar eru

að öllu jöfnu í viðkvæmri stöðu og í þörf fyrir aðstoð þegar teknar eru ákvarðanir um þjónustu. Hlutverk persónulegra talsmanna samkvæmt lögum um réttindagæslu fyrir fatlað fólk, nr. 88/2011, sem skert er á í umræddu frumvarpi um réttindavernd fatlaðs fólks, felur m.a. í sér að styðja skjólstæðing við ákvarðanatöku, m.a. um meðferð sem heilbrigðisstarfsmaður veitir og val á búsetu, atvinnu, tómstundum o.fl.

Þá er sérstaklega bent á tillögu þess efnis í 20. gr. um að miðstöðinni sé skylt að kynna kvörtunarleiðir og málsmeðferð. Þá er einnig lagt til, sbr. 2. mgr. 12. gr., að sérstök tilkynningarskylda hvíli á starfsfólki verði það þess áskynja að brotið sé á réttindum skjólstæðings.

Um 63. gr.

Í greininni er fjallað um ytra eftirlit með gæðum þeirrar þjónustu sem veitt er samhliða öryggisráðstöfunum.

Í 1. mgr. kemur fram að Gæða- og eftirlitsstofnun velferðarmála hafi ytra eftirlit með gæðum þeirrar þjónustu sem veitt er þeim sem sæta öryggisráðstöfunum samkvæmt frumvarpinu, verði það að lögum. Eftirlitið nær til öryggisgæslustaða á vegum miðstöðvarinnar og þeirra öryggisgæslustaða sem reknir verða af sveitarfélögum eða einkaaðilum samkvæmt samningi við miðstöðina, sbr. 14. gr. Þegar barn hefur verið dæmt eða úrskurðað í öryggisgæslu og ákveðið hefur verið að það skuli sæta vistun á grundvelli barnaverndarlaga hefur Gæða- og eftirlitsstofnun velferðarmála eftirlit með vistuninni eins og í tilviki annarra barna. Þar sem öryggisgæslustaðir falla undir eftirlit stofnunarinnar ber þeim einnig að hafa virkt eftirlit með starfsemi sinni, sbr. 11. gr. laga nr. 88/2021, um stofnunina. Þar að auki skulu þeir skrá óvænt atvik og tilkynna stofnuninni án tafar um alvarleg óvænt atvik, sbr. 12. gr. sömu laga.

Í 2. mgr. kemur fram að ytra eftirlit með heilbrigðisþjónustu, þ.m.t. á öryggisgæslustöðum sem teljast vera heilbrigðisstofnanir, sé á höndum embættis landlæknis. Í þessu efni er vísað til e-liðar 1. mgr. 4. gr. laga um landlækni og lýðheilsu, nr. 41/2007. Þá má geta þess að ráðherra sem fer með heilbrigðismál og ráðherra sem fer með málefni barna fara að auki með yfirstjórn og hafa eftirlit með heilbrigðisstofnunum og barnaverndarúrræðum og barnaverndaryfirvöldum í samræmi við almennar reglur og lög þar um. Eftirlit ráðherra sem fer með yfirstjórn öryggisráðstafana samkvæmt frumvarpi þessu er til viðbótar við eftirlit annarra aðila og kemur ekki í staðinn fyrir það. Eftirlit hvers aðila ræðst af þeirri athöfn og þeim lögum sem um ræðir hverju sinni.

Þá skal áréttað að ákvæði frumvarpsins haggja ekki ábyrgð sem aðrir aðilar bera samkvæmt öðrum lögum, svo sem þeirri ábyrgð sveitarfélaga að veita þjónustu samkvæmt lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga, nr. 40/1991, og lögum um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir, nr. 38/2018. Þá ber ríkið ábyrgð á heilbrigðisþjónustu samkvæmt lögum um heilbrigðisþjónustu, nr. 40/2007.

Um XI. kafla.

Í XI. kafla er fjallað um gildistöku laganna, breytingu á öðrum lögum og lagaskil.

Um 64. gr.

Greinin hefur að geyma gildistökuákvæði og ákvæði til bráðabirgða til þess að tryggja megi að nauðsynlegur undirbúningur fari fram áður en ný stofnun hefur starfsemi. Mikilvægt er að ákveðið svigrúm gefist til þess að skipuleggja starfsemi nýrrar stofnunar þegar er löggjöf hefur verið samþykkt. Um er að ræða grundvallarbreytingar á viðamiklu verkefni sem hefur

verið á höndum ólíkra aðila. Brýnt er að allur undirbúningur verði vandaður en fyrir liggur að ganga þurfi frá samningum um fjölþætta þjónustu og skilgreina og útfæra verklag og stjórnsýslu nýrrar stofnunar þannig að henni verði unnt að gegna lögbundnu hlutverki sínu þegar við gildistöku laganna.

Um 65. gr.

Í greininni kveðið á um lagaskil sem taka þarf afstöðu til með tilkomu hinna nýju laga. Annars vegar er í 1. mgr. kveðið á um að gildandi samningar um öryggisráðstafanir færist yfir til nýrrar stofnunar. Hér er um að ræða samninga sem félags- og húsnæðismálaráðuneytið hefur gert við sveitarfélög og einkaaðila um úrræði. Mun 14. gr. nýrra laga taka til þessara samninga eftir gildistöku laganna, en sérstaklega er mælt fyrir um það í ákvæði til bráðabirgða I að forstjóri nýrrar stofnunar geri nauðsynlegar ráðstafanir til þess að aðild og framkvæmd þessara samninga verði á hendi nýju stofnunarinnar frá og með 1. september 2026.

Hins vegar er í 2. mgr. kveðið á um að eftirlitsmál sem rekin eru af Gæða- og eftirlitsstofnun velferðarmála vegna gæða þeirrar þjónustu sem veitt er samkvæmt frumvarpinu og stofnunin hefur eftirlit með geti náð til tímabilsins fram að gildistöku nýrra laga. Ákvæðið er sett fram til áréttingar en fram hefur komið af hálfu stofnunarinnar að í einhverjum tilvikum hafi komið fram vafi um að stofnunin hefði eftirlitsheimildir vegna atvika sem spanna tímabil áður en lögum er breytt. Með þessu móti á að vera tryggt að Gæða- og eftirlitsstofnun velferðarmála geti kannað og rannsakað mál með gagnaöflun, sem varða þjónustu sem skjólstæðingar hafa notið fram að gildistöku frumvarpsins, enda þótt sú þjónusta hafi ekki verið veitt á grundvelli nýrra laga heldur þeirra þjónustulaga sem talin eru upp í 2. mgr. 1. gr. gildandi laga um stofnunina.

Um 66. gr.

Í greininni er kveðið á um breytingar á öðrum lögum. Í fyrsta lagi er í 1. tölul. kveðið á um breytingar á lögum um Gæða- og eftirlitsstofnun velferðarmála, nr. 88/2021. Er þar kveðið á um að í 2. mgr. 1. gr. verði vísað til þessara laga, verði frumvarpið samþykkt. Með því er stofnuninni falið eftirlit með gæðum þjónustu, annarrar en heilbrigðisþjónustu, óháð því hvort þjónustan teljist veitt á grundvelli einstakra sérлага eða á grundvelli frumvarpsins. Þá er jafnframt kveðið á um breytingar á lögum um vinnslu persónuupplýsinga í löggæslutilgangi og lögum um greiðslu ríkissjóðs á bótum til þolenda afbrota.

Um ákvæði til bráðabirgða I.

Í ákvæðinu er fjallað um heimildir til að hefja undirbúning nýrrar stofnunar. Er lagt til að ráðherra geti hafið undirbúning að því að setja Miðstöð um öryggisráðstafanir á laggirnar og unnið að nauðsynlegum verkefnum sem farsæl innleiðing á lögunum kallar á.

Sérstaklega er mælt fyrir um að ráðherra sé heimilt að skipa forstjóra miðstöðvarinnar áður en lögin öðlast að öðru leyti gildi. Þá er í ákvæðinu sérstaklega fjallað um ráðningar starfsfólks enda getur starfsfólk miðstöðvarinnar ekki hafið störf fyrr en að undangengnu ráðningarferli. Rétt er að árétta í því sambandi að ráðningarsamningar taka ekki gildi fyrr en stofnunin hefur formlega starfsemi.

Ákvæðið gerir enn fremur ráð fyrir að forstjóri geti gert nauðsynlegar ráðstafanir til þess að gildandi samningar um öryggisráðstafanir færist yfir til miðstöðvarinnar við gildistöku laganna. Atriði sem hér reynir á er m.a. uppfærsla á texta samninga, kröfufýsinga og annarra skjala til þess að tryggja að aðild og framkvæmd samninga verði í samræmi við lög og stjórnsvaldsfyrirmæli.

Húsnæðismál nýrrar stofnunar verða til vinnslu á undirbúningstímanum og áriðandi að forstjóri taki þátt í þeim verkefnum ásamt hlutaðeigandi ráðuneytum. Forstjóri mun einnig koma að öðrum verkefnum á undirbúnings- og innleiðingartímanum, svo sem gerð stjórnvaldsfyrirmæla, samhæfingu gagnvart þjónustukerfum o.fl.

Um ákvæði til bráðabirgða II.

Mikilvægt er að fylgjast grannt með reynslunni af starfi nýrrar stofnunar og því hvernig ákvæði einstakra kafla þessara nýju heildarlaga þróast í framkvæmd. Af þeirri ástæðu er miðað við að lögin komi til endurskoðunar innan þriggja ára frá því að þau koma til framkvæmda. Reiknað er með að úttektir og skýrslur verði unnar sem gagnast geta við endurskoðunina, m.a. með þátttöku hagaðila.